

34



Beit mjólkurkúa



Vörðust ásælni ríkisins í jarðareign

14

12

Verslunarrekstur í dreifþýli
er samfélagsverkefni

47

Dýrmæt samvinna

Bændablaðið

7. tölublað 2024 • Fimmtudagur 11. apríl • Blað nr. 654 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Á Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshreppi reka Sigurbjörg Ottesen og Gunnar Guðbjartsson gróskumikið kúa- og sauðfjárbú. Sigurbjörg er nýr stjórnarmeðlimur Bændasamtakanna og ætlar að láta til sín taka í hagsmunagæslu bända. Með þeim hjónum á mynd eru dæturnar Erna Kristín og Ásta Bryndís og Gunnar heldur á syninum, Jóni Ægi. Aldursforseti fjóssins, Stáss 504, stríddi fjölskyldumeðlimum við myndatökum með heykasti.

Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

– Sjá nánar á bls. 26.



Breytingar á búvorulögum

Breytingar á búvorulögum fela í sér undanþáguheimild sláthyrusa og kjötufurðastöðva til samstarfs og sameiningar. Skiptar skoðanir eru meðal hagaðila hvort breytingarnar leiði til betri kjara fyrir bændur og neytendur.

– 20 –

Lífræn ræktun

Elínborg Erla Ásgeirs dóttir, garðyrkjubóni í Breiðargerði í Skagafirði, er nýr formaður VOR, félags um lífræna ræktun og framleiðslu.

– 24 –



Innflutningur jarðvegs

Búast má við að innflutningur á mómosamold (sphagnumríkri mold) fari minnkandi á komandi árum.

Fyrir dyrum stendur innleiðing Evrópulöggjafar um ræktunarefnini, áburð o.fl.

– 4 –

Mjólkurframleiðsla:

Greiðslumark færist til Norðvesturlands

Um sjötíu prósent mjólkurkvóta sem skipti um eigendur á síðasta tilboðsmarkaði fór á bæi á Norðurlandi vestra.

Matvælaráðuneytið tilkynnti niðurstöður tilboðsmarkaðar fyrir greiðslumark mjólkur sem var haldinn 2. apríl síðastliðinn. Af þeim 888.000 lítrum sem viðskiptin náðu til fóru 390.000 lítrar til Skagafjarðar og 233.500 lítrar á starfssvæði Búnaðarsambands Húnabings og Stranda, samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu. Ríflega helmingur af því greiðslumarki sem selt var, rúmlega 486.000 lítrar, fór frá búum á Suðurlandi.

Jafnvægisverð lækkaði milli markaða,

reynist 280 krónur en var 300 krónur á síðasta markaði, í nóvember 2023. Tölur síðustu tilboðsmarkaða benda til minnkandi eftirspurnar eftir mjólkurkvóta.

Aðeins þriðungur þess greiðslumarks sem boðið hefur verið til sölu á síðustu tveimur tilboðsmörkuðum hefur skipt um eigendur. Fyrir árið 2023 seldist alltaf allt það greiðslumark sem boðið var til sölu.

Kauptilboðum fækkar milli ára

Bændum sem sækjast eftir kaupum á greiðslumarki hefur fækkað verulega frá

árinu 2020. Fjöldi gildra kauptilboða voru 218 talsins á aprílmarkaði ársins 2020 en þau voru 57 talsins nú í byrjun apríl 2024. Á sama tíma hefur fjöldi sölutilboða aukist nokkuð, voru níu talsins í apríl árið 2020 en þrjátíu nú síðast.

Talsvert mikil útjöfnun

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, telur að samsplil ýmissa játtu dragi úr kauptilboðum bända.

„Það er greinilega minni eftirspurn eftir greiðslumarki, sem er í takt við það sem við

höfum séð á síðustu mörkuðum. Samfara því er verð að lækka. Ástaðurnar fyrir þessu eru helstar að fyrir liggur loforð um að verð á umframmjólk verði ekki lægra en 85 kr/l á þessu ári. Síðustu ár hefur verið talsvert mikil útjöfnun. Það er að framleiðendur sem framleiða umfram greiðslumark hafa fengið fullt verð fyrir stóran hluta af þeiri framleiðslu. Auk þess eru vextir gríðarlega háir núna. Þetta allt dregur úr hvatanum til að fjárfesta í greiðslumarki við núverandi aðstæður,“ segir Rafn.

/ghp

Framhald á bls. 2.



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, bingmaður VG í Norðausturkjördæmi, hefur tekið við matvælaráðuneytinu.

Mynd / ál

Bjarkey ætlar að skerpa línumnar

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir er ný ráðherra matvælaráðuneytis en **Svandís Svavarsdóttir** hefur tekið við innviðaráðuneytinu.

Á þriðjudag kynntu forystumenn ríkisstjórnarflokksins fyrirkomulag stjórnarsamstarfsins á fundi í Höru, í kjölfar brothvarfs Katrínar Jakobsdóttur af stóli forsetisráðherra. Þingflokkar Sjálfstæðisflokkssins, Vinstrí hreyfingarinnar - græns framboðs og Framsóknarflokksins höfðu fyrir í vikunni samþykkt tillögum áframhaldandi ríkisstjórnarflokksins.

Bjarni Benediktsson (S) er nú forsetisráðherra, Sigurður Ingí Jóhannsson (B) fjármálaráðherra, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (VG) matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir (VG) innviðaráðherra og Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir (S) utanrikisráðherra. Aðrir ráðherrastólar haldast óbreyttir.

Kornrækt, lifränt og riðan

Sem kunnugt er sameinar matvælaráðuneytið málaflokkja sjávarútvegs, landbúnaðar, matvæla, landgræðslu og skógræktar. Bjarkey segist hlakka til að takast á við þau verkefni sem fram undan séu í matvælaráðuneytinu og hún vænti þess að þau verði krefjandi en skemmtileg.

„Mörg góð verk hafa verið unnin undir forstu Svandísar Svavarsdóttur síðustu ár. Eðli máls samkvæmt fylgja nýju fólkum nýjar áherslur en í ljósi þess hve langt er liðið á þetta kjörtímabil mun ég forgangsraða þeim verkefnum sem eru brýnust og eru komin á dagskrá. Þar ber hæst nýja löggjöf um lagareldi sem er ört vaxandi þáttur í íslensku atvinnulífi og afkastamikil grein, þar sem miklu máli skiptir að taka til lit til umhverfisins og aðstæðna á hverju svæði.

Skómuðið mun ég fylgja eftir aukinni áherslu á kornrækt og lifränni framleiðslu, ásamt auknum rannsóknunum á verndandi arfgerð gagn

riðu sem munu verða okkar helsta vopn í þeirri baráttu á komandi árum,“ segir hún.

Innan vébanda ráðuneytisins séu veigamiklir málaflokkar. Bæði er varði stórar atvinnugreinar og útflutningstekjur þjóðarinnar en sömuleiðis er við komi loftslagsmálum og matvælaþryggi. „Það er því af nógum að taka á næstumni og margt sem þarf að setja sig betur inn í. Það mun ég gera á komandi vikum og mánuðum,“ segir Bjarkey.

Reynslumikil á þingi

Bjarkey er fyrrverandi formaður fjárlaganefndar og núverandi formaður velferðarnefndar Alþingis, auk þess að sitja í atvinnuveganefnd. Hún hefur auk þess setið í allsherjar- og menntamála-, utanríkismála-, kjörþréfa- og þingskapaneftnum. Hún hefur verið alþingismaður VG í NA-kjördæmi frá árinu 2013 og áður varaþingmaður með hléum frá 2004. Hún var formaður þingflokk VG 2017–2021 og hefur setið í stjórn VG frá 2009. Hún hefur átt sæti í Íslandsdeild þingmannanefnd EFTA og EES frá árinu 2017 og í þingmannanefnd Íslands og ESB 2018–2021, og aftur frá 2022.

Se mið tekið af málaskrám Alþingisvefsins hefur Bjarkey látið sig varða mjög velferð barna og fatlaðra, heilbrigðishjónustu og húsnaðismál m.a.

Bjarkey er fædd í Reykjavík 27. febrúar 1965, dóttir Gunnars Hilmars Ásgeirssonar vélstjóra og Klöru Björnsdóttur matrás. Maki hennar er Helgi Jóhannsson þjónustustjóri og á hún þrjú börn. Hún lauk B.Ed-prófi frá KHÍ árið 2005, með áherslu á upplýsingatekni og samfélagsgræinar og hefur diplómu í náms- og starfsráðgjöf frá HÍ 2008. Hún hefur m.a. starfað innan menntageirans, hjá Vélsmiðju Ólafsfjarðar og í veitingarekstri auk þess að vera bæjarfulltrúi Í Olafsfirði og ötul í stjórnmalastarfi.

/sá

**LANDSINS MESTA
ÚRVAL SÁÐVÖRU**

**Sáðvara fyrir
íslenskar aðstæður!**

Sáðvörlisti Líflands →

Kynntu þér sáðvöruúvalið og leitaðu til sölufólks okkar með þínar fræþarfir í síma 540 1100 eða á sala@lifland.is

Mjólkurframleiðsla:

Dregur úr kaupvilja

Niðurstöður tilboðsmarkaðar fyrir greiðslumark mjólkur í byrjun apríl sýna að jafnvægisverð á mjólkurkvóta fer lékkandi.

Viðskipti nýjasta tilboðsmarkaðar náðu til 888.000 lítra að andvirði taeplega 250 milljóna króna og voru kaupendur þrjátíu talsins. Seljendur með tilboð á jafnvægisverði eða lægra voru fórtán talsins og seldu 72% af sínu framboðna magni.

Jafnvægisverðið hefur ekki verið lægra síðan á fyrsta tilboðsmarkaði, eftir að viðskipti með greiðslumark voru leyfð að nýju, í apríl árið 2020. Þá var jafnvægisverð 185 kr/ltr sem var jafnframt það hámarksverð sem ráðherra ákváð að tillögu framkvæmdaneftnar búvorusamninga. Á næsta tilboðsmarkaði þar á eftir, í september 2020, var hámarksverð 294 kr. fyrir hvern lítra mjólkur sem reyndist jafnframt jafnvægisverðið.


Minna selst

Í reynd reyndist jafnvægisverðið alltaf taka mið af hámarksverði allt þar til í september í fyrra. Þá var jafnvægisverðið 350 kr/ltr en hámarksverð 379 kr/ltr. Jafnvægisverðið hefur svo farið niður á síðustu tveimur mörkuðum og bilið gleikkað milli þess og hámarksverðs.


Einnig var það fyrst í fyrra sem eftirsprungi eftir kaupum á mjólkurkvóta var minna en framboð. Áður hafði allur kvóti sem til sölu var skipt um eigendur, en í apríl í fyrra gerðist það í fyrsta sinn að einungis 66% af framboðnum kvóta seldist. Í september 2023 náðu viðskiptin aðeins um 16% þess greiðslumarks sem í boði var og á síðustu tveimur mörkuðum hefur eingöngu um þriðjungur framboðs selst.

Nýtt innheimtufyrirkomulag breytir ekki jafnvægisverði

Nýtt fyrirkomulag um innheimtu vegna viðskipta á kvótamarkaðinum tók gildi um áramótin. Hefur sú breyting í för með sér að fyrirvari er á öllum viðskiptum þangað til greiðslufrestur rennur út, sem er í tilfelli síðasta kvótamarkaðar 22. apríl. Kaup falla því niður séu þau ekki greidd innan 20 daga og falli kaup niður lækkar salan um sama magn. Samkvæmt upplýsingum frá



Próun jafnvægisverðs á greiðslumark mjólkur frá árinu 2011. Enginn markaður fór fram á árunum 2017-2019.



Kauptilboðum hefur fækkað verulega frá árinu 2020 á meðan sölutilboðum fylgjor og hafa þau aldrei verið fleiri en á síðasta tilboðsmarkaði.

matvælaráðuneytinu hefur það engin áhrif á jafnvægisverð þótt viðskipti falli niður. „Niðurstöður markaðarins standa óbreyttar að öðru leyti en því að magn viðskipta lækkar,“ segir í svari frá ráðuneytinu.

Árið 2024 verður heildar-greiðslumarkið 151,5 milljón lítrar. Framleiðendur hafa yfir að ráða

/ghp

Staða framkvæmdastjóra Bí auglýst innan tíðar

Vigdís Häsler hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Bí í febrúar 2021. Tók hún við af Sigurði Eyþórssyni. Hún tilkynnti um starfslokin á Facebook-síðu sinni 8. apríl og kvað starfið hafa verið skemmtilegt og gefandi og hún komið að mörgum krefjandi verkefnum í því, stórum sem smáum.

„Samtökum standa núna styrkum fótum eftir fjárhagslega og félagslega endurskipulagningu og uppbyggingu. Á sama tíma hefur verið byggður upp öflugur og verðmætur mannaúður á skrifstofu samtakanna. Þar að auki hafa félagsmenn Bændasamtakanna aldrei verið fleiri og er stefna samtakanna nú orðin skýr eftir vel heppnaða stefnumótun,“

skrifði Vigdís. Hún sagði almenna umræðu um landbúnað sem hluta



Vigdís Häsler hefur látið af störfum eftir þriggja ára ötult starf. Mynd / ál

af mikilvægum innviðum og fæðuþryggi hafa stórukist. „Bændasamtök Íslands er framlag ríkisins til mjólkurframleiðenda. Tilboðsmarkaðir fara fram þrisvar á ári, í apríl, september og nóvember.

/ghp



GERUM MEIRA

TOYOTA HILUX



Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.

Verð frá: 8.990.000 kr.

KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjavík
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnaði viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaástóð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Ræktunarefni:

Erfiðara verður að fá sphagnum og innfluttur jarðvegur CE-vottaður

– Aðildarríki ESB verja og endurheimta votlendi í ríkara mæli

Búast má við að innflutningur á mómosamold (sphagnumríkri mold) fari minnkandi á komandi árum. Tengist það markmiðum ESB og aðildarríkja þess um að varðveita eða endurheimta votlendi en sphagnum-mosar lifa flestir í votlendi.

Við eftirgreinslan um hvort nýjar reglur séu í burðarliðnum sem takmarki eða banni innflutning á jarðvegi, þ.á. m. sphagnum, til Íslands á næstu árum frá Evrópusambandsríkjum eða löndum utan ESB, kemur í ljós að fyrir dyrum stendur innleiðing Evrópulöggjafar um ræktunarefni, áburð o.fl.

Pórhlíður Ísberg, fagsviðsstjóri plöntuheimbrigðis hjá Matvælastofnun, segir að eins og sakir standa séu sömu skilyrði og áður um innflutning á mold/sphagnum frá óræktuðum svæðum Evrópu með plöntuheimbrigðisvottorð, sbr. reglugerð 189/1990.

„Það er þó í burðarliðnum að innleiða Evrópulöggjöf 2019/1009 um ræktunarefni, áburð o.fl.,“ segir Pórhlíður. „Þegar innleiðingarreglugerðin verður komin inn mun löggjöfnakað gildi formlega hér á landi en hún er begar komin í samninginn. Í þessari löggjöf mun allt ræktunarefni, einnig jarðvegur sem fluttur er inn á svæði, kallast ræktunarefni, hvort sem það er mold eða áburður, lífrænn og ólífrænn. Þetta þýðir að allt ræktunarefni sem kemur frá EES svæðinu verður leyft í innflutningi svo lengi sem það er CE merkt. CE merkingin er gefin þegar varan hefur uppfyllt ákvæðin skilyrði í samræmi við gildandi kröfur, t.a.m. hitameðhöndlun, svo hún beri ekki með sér skaðvalda,“ segir hún.

EKKI hefur verið leyft að flytja inn mold frá löndum utan Evrópu, að sögn Pórhlíðar.

Aðildarríki ESB velja leiðir að markmiðinu

Mómosi vex viða erlendis í miklum samfelldum breiðum og myndar mórmýrar. Mótekja var áður fyrri nýtt til eldneystin en hin síðari ár meira sem ræktunarefni í hvort tveggja skógrækt og garðyrkju. Er moldin ýmist kölluð svarðmold, mómosamold eða sphagnum og torfmosi. Hún þykir henta afar vel til ræktunar vegna mikillar vatnsheldni og næringarefna, auk þess sem hún



Ræktendur undirbúa sig undir minnkað framboð af sphagnum. Hér má sjá sphagnum-síló Lambhaga en fyrirtækið hyggst nú nýta allt lífrænt efni sem til fellur við ræktunina í eigin moldargerð og stefnir að því að verða fljótlega sjálfa sér nægt um jarðveg.

Núgildandi reglur

Almenna reglan er sú að óheimilt er að flytja inn jarðveg, safnhaugamold, óunninn eða kurlaðan trjábörk og húsdýráburð. Þó er undanskilin tvennis konar mold.

Annars vegar er undanskilin mómosamold til ræktunar sem að meginhluta samanstandur af mómosa (sphagnum/peat moss). Sú mold þarf að vera tekin úr mógröfum þar sem ekki hefur verið ræktad áður, hún má ekki innihalda safnhaugamold, óunninn eða kurlaðan trjábörk né húsdýráburð. Opinbert heilbrigðisvottorð þarf að fylgja moldinni við innflutning.

Hins vegar er undanskilin sú mold sem fylgir rótum plantna. Í þeim tilfellum á heilbrigðisvottorðið sem fylgir plöntunum einnig að ná yfir þá mold sem fylgir með. Þó er vakin athygli á því að ef plönturnar koma frá löndum þar sem nýsjálenki flatormurinn er útbreiddur þurfa plönturnar að vera alveg lausar við mold, nema að sérstök yfirlýsing sé á heilbrigðisvottorði um að plönturnar komi frá svæði þar sem flatormurinn finnst ekki.

MAST/2023



Sphagnum. Mynd / Heamna Manzur

Margt getur komið í staðinn en verður flóknara

Bess má geta að mór er enn notaður sem orkugjafi í nokkrum löndum og sú móteka jafnvél talin valda meiri skaða varðandi þurrkun votlendis og losun CO₂ en til framleiðslu sphagnum. Því eru umræðan og áherslur misjafnar hjá aðildarríkjunum ESB eftir því hvort um ræðir orkugjafa, ræktunarefni eða hvort tveggja.

Þósk stjórnvöld hafa t.a.m. rannsakað leiðir til að nota annað ræktunarefni en sphagnum og er stefnt að því að notkun þess verði hætt hjá áhugaræktendur þegar árið 2026 en heimarárkendur nota efnið mjög mikil, t.d. í pottaplönturæktun. Jafnfamt á að styðja garðyrkjustöðvar til að skipta yfir í annað ræktunarefni með minna sphagnum-hlutfalli þannig að notkun þess verði að mestu hætt árið 2030.

Í staðinn fyrir sphagnum verður vætanlega í ríkara mæli notast við viðartrefjar, moltu, mold úr trjáberki og efni sem til fellur frá kókosisðnaði, skv. Christinu Stadler hjá deild ræktunar og fæðu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Að auki megi nota leifar af hör, strá af miscanthus (filagras), hrísgrjónahýði, hamp og pálmatrefjar, kol, kaffivinnsluleifar og ull af sauðfé, svo nokkuð sé nefnt. Ýmsar blöndur af þessu og fleiru gætu komið til sögunnar en t.d. spirunar- og ræktunarhlutfall sé þá orðið mismunandi. Þetta kalli á aðlögun ræktunaraðferða, svo sem vökvunar og áburðargjafar. Framleiðslukostnaður aukist.

Íslensk fyrirtæki eru þegar

farin að bregðast við vætanlegum breytingum, m.a. garðyrkjustöðin Lambhagi, sem er að hefja eigin moldargerð úr því sem til fellur af lífrænum efnum við ræktunina og stefnir stöðin að því að verða sjálfbær með sína moldarnotkun.

Innflutningur í fyrra tær 452 tonn

Skv. talnaefni Hagstofunnar um innflutning mómosamoldar (sphagnum) má sjá að í fyrra voru alls flutt inn 451.634 kg. Frá Danmörku 19.952 kg, frá Finnlandi 3.654 kg og frá Hollandi 428.028 kg fyrir 26.907.262 kr. (Fob). Tollflokkar jarðvegs eru skilgreindir sem Mómosamold (tollfl. 25309011) og Jarðefni, annað (tollfl. 25309090), en af því síðarnefnda voru flutt inn 41.565 kg fyrir 4.005.360 kr. og má ætla að talsvert af því séu jarðefni eins og t.d. ýmis perlusteið. /sá

Rauðisandur:

„Allt of fáar messur“

Tryggvi Sveinn Eyjólfsson, sem er á sautjánda aldursári, hefur vakið athygli fyrir skelegga framhistöðu, sem meðhjálpari í Saurbæjkirkju á Rauðasandi í Vesturbýggð.

Tryggvi, sem er fæddur á Selfossi en uppalinn á Patreksfirði, er nú í Menntaskólanum á Akureyri á felagsfræðibraut.

„Ég gerðist meðhjálpari árið 2022 en þá kom Kristján Arason prestur að míli við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á því að taka við gömlu stöðu föður míns í Saurbæjkirkju og ég var fljótur að segja já. Meðhjálpari hefur það hlutverk að kveikja á kertum, hringja kirkjubjöllum, klæða prestinn í kyrtillinn og fara með bænir. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi starf og gaman að vinna með séra Kristjáni, sem er frábær prestur og félagi,“ segir Tryggvi Sveinn.

En hvað segja sóknarþörnin um hinn unga meðhjálpara? „Fyrst voru allir mjög hissa að sjá mig í þessu hlutverki en í dag eru allir búnir að venjast því, enda oftast sama fólkid sem mætur í kirkjuna. Ég myndi bara vilja hafa messurnar fleiri, þær eru allt of fáar að mínu mati,“ segir Tryggvi Sveinn hlæjandi, alsell í starfi meðhjálparans.

Bess má geta að í Saurbæ á Rauðasandi hefur staðið guðshús frá því fyrir miðja 17. öld.



Tryggvi Sveinn Eyjólfsson meðhjálpari ásamt sr. Kristjáni Arasyni sóknarpresti á tröppum Saurbæjkirkju.



FÓÐURBLANDAN

Gæði fyrir dýrin og þig!



FB Reykjavík
Korungarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvégur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duffþakbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is

MOZZARELLA



Ítölsk hefð – íslensk matargerð!

Bændablaðið

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Orð eru til alls fyrst

Góður fjölmíðill dregur saman upplýsingar, kemur á framfæri ólikum sjónarmiðum, setur hlutina í samhengi. Hann veitir aðhald og kallar fram umræður um málefni í samfélagini.

Þegar við fáum traustar upplýsingar framreiddar skýrt gegnum fjölmíðil eykst þekking okkar á umfjöllunarefnum. Út frá þeim upplýsingum getum við svo myndað okkur skoðun.

Blaðamannafélag Íslands stendur fyrir herferð um þessar mundir. Markmið herferðarinnar er að veikja fólk til vitundar um mikilvægi blaðamennsku fyrir samfélagið. Aukin skautun og upplýsingaráreiða gerir það að verkum að aldrei hefur verið meiri þörf fyrir vandaða blaðamennsku. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands og þar er málefnum landbúnaðar gerð góð skil. Landbúnaður er ein af grunnstoðum samfélags okkar. Umfjöllun um málefni landbúnaðar voru framan af í takmörkuðum mæli í öðrum íslenskum fjölmíðum, í samanburði við aðrar grunnstoðir. Nefni í því samhengi heilbrigðismál, viðskipti og sjávarútveg, málefni sem öll fengu meira svigrúm en landbúnaður hér á landi. Petta hefur breyst á allra síðstu misserum.

Staða Bændablaðsins er sterkt. Það heyrir til að mynda til undantekninga að landbúnaðarmiðaður prentmiðill sé sá stærsti meðal fréttamiðla þjóða. Blaðið er mest lesni prentmiðill landsins, áfangi sem náiðist í lok síðasta árs. Lestur á vefsíðu Bændablaðsins hefur prefaldast á tveimur árum. Yngri lesendur hafa aðrei verið fleiri og má þar m.a. þakka framsetningu blaðsins á samfélagsmiðum, hvar bændur hafa nú frá ársþryjun fengið vettvang til að sýna hvernig búskapur virkar frá fyrstu hendi. Bændablaðið er því afskaplega dýrmætt vörumerki fyrir bændur til að ná til neytenda, því það er vettvangur sem heldur á lofti málefnum sem snertir þessa mikilvægu grunnstoð samfélagsins.

Styrkleiki Bændablaðsins snýr meðal annars að skýrum áherslum í sinni umfjöllun, efnistök sem aðrir fjölmíðlar taka óhikað upp og gera að sínu, einnig vegna þess að blaðið er traustur miðill. Pannig eru ytri áhrif Bændablaðsins ógjallandi, þar sem umfjallanir um landbúnaðarmál hafa aukist verulega að undanförnum. En það þýðir líka að Bændablaðið er í samkeppni við aðra fjölmíðla þegar kemur að mikilvægum efnistökum, sem er vel. Við gerum okkur grein fyrir þessari ábyrgð og sjáum það sem hvatningu til að auka gæðin og stunda metnaðarfulla upplýsingagjöf sem mark er á takandi. Petta gerum við með því að halda á lofti vandaðri, gagnrýnni blaðamennsku og vera í sterku sambandi við grunninn sem við byggjum á, fyrst og fremst gegnum bændur landsins. En auch þess nýtum við okkur góð tengsl við vísindasamfélagið, fyrirtæki í landbúnaðarframleiðslu þvert á búgreinar og stjórnsýsluna.

Blaðið stendur fyrir fjölbreyttum efnistökum sem fára lesendum óvænta þekkingu á skýran hátt. Hlutverk Bændablaðsins er að miðla upplýsandi fregnum af landbúnaði og málefnum honum tengdum á heiðarlegan hátt, gefa út faglegar upplýsingar og ekki síst að vera vettvangur skoðanaskipta milli þeirra sem láta málefni sig varða. Ritstjórn blaðsins er óhrædd við að fylla um umdeild málefni sem eru bændum hugleikin. Uppgangur miðla sem keyra á kjarmiklum umfjöllunum og sterkri blaðamennsku endurspeglar að slík fjölmíðun er eftirsóknarverð. Í upplýsingaóreiðu nútímans kunna lesendur að meta vandaðar greinar sem byggja á áreiðanlegum gögnum og heiðarlegum upplýsingum. Pannig höfum við lagt okkur fram um að rýna betur í stóru málin tengd landbúnaði með metnaðarfullum fréttaskýringum.

Tilgangurinn er að lesandi geti viðað að sér svo skýrum og innihaldsrikum upplýsingum í Bændablaðinu að hann geti myndað sér upplýsta skoðun að lestri loknum og tekið afstöðu í mikilvægum málum. Það eru þessar umræður sem eru mikilvægar fyrir framgang landbúnaðar sem grunnstoð samfélagsins. Því orð eru til alls fyrst.

Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.



Reglur um útvist nautgripa eru tilkomnar út frá velferðarsjónarmiðum. Samkvæmt reglum skulu mjólkurkýr og kvígor komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta.

Mynd / gbe

Kúabúskapur:

Ekki farið að lögum um útvist nautgripa

Matvælastofnun lagði stjórnvaldssektir á þrjú kúabú á Vesturlandi á dögum vegna vanrækslu. Kúnum var haldið inni allt sumarið en samkvæmt reglugerð um velferð nautgripa skulu allar mjólkurkýr og kvígor komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert.

„Mér sýnist það nokkuð augljóst að aukinn fjöldi róbótafjósa hefur áhrif. Það virðist gleymast að koma upp skipulögðum beitarsvæðum í nágrenni fjóssins þegar róbótar eru teknir í notkun,“ segir Sigurbjörg Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun.

Stjórnvaldssektir til kúabúanna þriggja námu frá 350.000 krónum til 540.000 króna og réðust sektirnar meðal annars af fjölda gripa á hverju búi. Sigurbjörg segir betta ekki í fyrsta sinn sem lögð er sekt við því að hleypa kúm ekki út. „En þetta er í fyrsta sinn sem stjórnvaldssekt er stigður eftir þar til gerðri matrix vegna skorts á útvist eftir því sem ég best veit.“

Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að dænum um brot á reglugerð um útvist hafi fjölgæð með tilkomu mjaltaþjóna. „Róbóttin mjólkar allan sólarhringinn og tryggja þarf að kýrnar mæti í mjaltir. Menn tala um minni afurði vegna verri mætingu í mjaltir og fleira. Ég hef alveg skilningi á því og að það geti verið áskorun að setja út ef búin eru orðin mjög stórr. Hins vegar er þetta líka ímyndarmál og ég held að það sé í flestum tilfellum vel framkvæmanlegt að setja kýrnar út.“

Velferðarsjónarmið

Kröfur um útvist nautgripa voru auknar með breytingu á reglugerð um velferð nautgripa árið 2022. Í eldri útgáfu reglugerðarinnar var einungis talð um átta vikna útvist en viðbötin snýr að því að kýr þurfi að fá að lágmarki átta vikna útvist á grænum grösnum.

Sigurbjörg skrifði um útvist nautgripa í aðsendri grein í Bænda-

Í 17. grein reglugerðar um velferð nautgripa nr. 1065/2014 er fjallað um útvist:

„Allir nautgripir skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert. Undanskildir eru kálfar fæddir á viðkomandi ári svo og graðnaut. Aðgangur að útgerði uppfyllir ekki kröfur um útvist á grónu landi.“

Gripir sem eru útiskulu geta leitað skjóls fyrir veðrum. Að vetr skal skjól petta vera gripahús eða legusvæði í skýli með a.m.k. þremur veggjum og þaki.

Þar sem nautgripir aðrir en mjólkurkýr, eru haldnir úti skal vera aðstaða til að handsama gripi ef þeir þurfa meðhöndlun eða taka þarf úr þeim sýni.

Átsvæði skal vera með þéttu og þriflegu undirlagi. Þar sem gripir eru á útigangi allt árið skal vera aðstaða innanhúss til að hlúa að gripum sem þurfa séristakrar ummönnumnar við.“

Hafa skal reglubundið eftirlit með gripum á útigangi og haga því eftir aðstæðum. Á tímabilinu 15. október til 15. maí skal líta til með gripum á útigangi daglega.“

Ef grunur vaknar um að krafra um lögbundna útvist nautgripa sé ekki uppfyllt er það bónðans sem heldur þau að sanna að svo sé. Það getur hann til dæmis gert með útvistardagbók.

„Hugmyndin um útvistardagbók er nýleg – en nokkuð sem bændur þurfa að tileinka sér til þess að sanna að kýrnar fari í raun og veru út í tilsettum tíma.“

Matvælastofnun getur beitt dagsektum til að þvinga fram úrbætur á útvistarákvæðinu, en ef það dugar ekki til hefur stofnunin heimild til að leggja á stjórnvaldssekt, eins og gert var í tilfelli kúabúanna á Vesturlandi.

Til stendur að eftirlit með útvist mjólkurkúa fari fram í öllum umdænum sumarið 2024. Jafnframt verður eftirlit haft með útvist kvíga.

/gfp



Kraftblanda
Fiskimjölsríkt fóður

Bústólpi



Kjúklingalifrankæfa með skógarberjabragði frá Steinari Þórarinssyni, Slátturfélagi Suðurlands. Besta varan í floknum Eldaðar kjötvörur.

Sigurður í Pylsumeistararum er Kjötmeistari Íslands

Sigurður Haraldsson í Pylsumeistararum var krýndur Kjötmeistari Íslands í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem haldin var á dögumum.

Sigurður varði titilinn frá síðstu keppni, en hún er haldin á tveggja ára fresti. Hann vann auch þess til verðlauna fyrir bestu vörurnar unnar úr lambakjöti, svínakjöti og fyrir bestu vörura í floknum kæfur og paté.

Sigurður rekur verslun sína á Laugalæk í Reykjavík sem sérhæfir sig í pylsum, en hann er þar einnig með verðlaunavörur til sölu.

Titilinn Kjötmeistari Íslands hlýtur sá kjötiðnaðarmaður sem fær flest stig samanlagt úr fimm stigahæstu vörum sínum. Vörum eru gefnar stig og fá þær gull, silfur eða brons eftir fjölda stiga. Til að fá gullverðlaun purfa þær að vera nánast gallalausar. Sigurður hlaut 255 stig samanlagt, Steinar Þórarinsson frá Slátturfélagi Suðurlands varð annar með 251 stig og Sævar Jóhannesson frá Kjarnafæði Norðlenska og Jónas Þórólfsson frá Frávik í þriðja til fjórða sæti með 249 stig. Í fagkeppninni senda kjötiðnaðarmenn inn vörur með nafnleynd til dómarahóps sem dæmir vörurnar eftir faglegum gæðum. Hver keppandi má senda inn allt að tíu vörur til keppninnar.

Allar vörur byrja með fullt hús stiga, en dómarar leita síðan að öllum hugsanlegum göllum. Við hvern galla sem finnst fækkar stigum. Með þessu fyrirkomulagi geta margar vörur fengið gull-, silfur- eða bronsverðlaun. /smh



Sigurður Haraldsson í Pylsumeistararum með verðlaunagripi sína.

Myndir / Björk Guðbrandsdóttir



Lúxus lifrarkæfa frá Sigurði Haraldssyni, Pylsumeistararum, var útnefnd besta varan í floknum Kæfur og paté.



Gráfið hrossafille frá Sævari Jóhannessyni, Kjarnafæði Norðlenska. Besta varan unnin úr hrossa- eða folaldakjöti.



Steinar Þórarinsson, Jónas Þórólfsson, Sigurfinnur Garðarsson, Jónas Pálmar Björnsson og Rúnar Ingi Guðjónsson.



Jón Þorsteinsson, Sigurfinnur Garðarsson og Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson.



Kjúklingasulta frá Steinari Þórarinssyni, Slátturfélag Suðurlands. Besta varan unnin úr alifuglakjöti.

Leiðréttning

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var greint frá því að bændurnir á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum hefðu fengið landbúnaðarverðlaunin.

Í þeiri frétt kom ekki nógur skýrt fram að þau hefðu hlotið verðlaunin vegna framúrskarandi árangurs við innleiðingu loftslagsvænna búskaparháttu. Þá skal tekið fram að meðalafurðirnar á Stóru-Mörk 1 voru 8.903 kílógrómm eftir árskú, en blaðamanni varð á að skrifa allt aðra tölu í upphaflegu fréttinni. Stóra-Mörk 1 var afurðahæsta kúabú landsins árið 2023.

Aðalbjörgu Ásgeirsdóttur og Eydindi Ágústssyni frá Stóru-Mörk er enn og aftur óskað til hamingju með verðlaunin, en þau eru vel að þeim komin. /á/

Vísnahornið

Aldrei hefur Káinn brugðist. Á bannárnum vestan hafs orti Káinn, þegar leyfður styrkur á bjór mátti bara vera um 2%:

Ég hlýt að slá við slöku í slyngri ljóðamennt. Það yrkir enginn stökum á aðeins tvö prósent.

Káinn taldi alls aumast:

Eitt er sem að mæðir mest, mig í velgengninni; það er að eiga engan prest í ættartölu minni.

Ein eftir KN sem við á núna:

Yrkja stöku þarfum það, svo þjóðin skilji; – bara – sinni kóku eldi að allir vilja skara.

Jóhannes úr Kötłum orti margt. Þetta kvæði kallað hann „Kvöld“:

Sit ég einn í þönkum og sólarlagsins bið. -Fagrir voru dagarnir í fyrrí tíð.

Húma tekur óðum í hugar míns sal. -Ljósar voru næturnar í Laxárdal.

Guðmundur E. Geirdal (1885-1952) var skáld og hagyrdingur á fyrrí hluta síðustu aldar. Þessi vísa nefnist „Aldýr sléttubönd“:

Binda raka sléttu slá slæða skaka glíma synda aka fléttu flá fræða vaka ríma.

Efnishygjumenn:

Holdið – vinir, er þeim allt, andinn er svik og tál, því hef ég lengi efast um þeir aettu nokkra sál.

Gott er ekki góði minn gera svo öllum líki, ef þér hrósar andskotinn, ógnar himnariki.

Jón Þórðarson frá Borgarholti, Snæf, var líka nokkuð kunnur á sama tíma, úr bók hans *Undir heiðum himni*:

Roða dagsins bárur byrgja. Blærinn kyrrist, allt er hljótt. Breiðir jarðarbörnir yfir, blæju húmsins þögul nött.

Svífur engill svefn og friðar, sveiptum vængjum undur hljótt, lokar augum blóma og barna, býður öllum góða nött.

Eftirmæli kallað Jón þessa vísu:

Margur var auðugri í anda og átti sér styrkari lund, en – þú varst svo laginn að láta ljósíð falla á þitt pund.

Eitthvað annað hefur verið í huga **Sigríðar Ólafsdóttur** frá Kollsá þegar hún orti um Suðurland:

Opt er margbreytt angursstand er mér helst í geði, síst mun eg á Suðurland, sækja mikla gleði.

Í *Gamanvísnabókinni* er þessi. Höfundur er **Sigrún Haraldsdóttir**, f. 1952:

Það má greina þýðan nið og hef af finu tagi þegar Lubbi lækar við, ljósastaur með þvagi.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com



Verulegur samdráttur í innflutningi á áburði

Matvælastofnun hefur birt leiðréttu skýrslu yfir áburðareftirlit síðasta árs.

Vegna mistaka í upplýsingagjöf hjá einu innflutningsfyrirtæki var gefið upp mun meira heildarmagn innflutts áburðar en raunin var. Í upprunalegu skýrslunni var tiltekið

að innflutt magn hefði verið 77.892 tonn, en samkvæmt uppfærðum upplýsingum nam innflutningurinn 42.378 tonnum.

Samkvæmt tilkynningu Matvælastofnunar þýðir það að verulegur samdráttur varð í innflutningi á milli ára, eða um 8.400 tonn. /smh



Sláthúsið í Seglbúðum.

Myndir / smh

Sláthús brann til grunna

Sláthúsið í Seglbúðum í Landbroti brann til grunna þann 1. apríl.

Sláthúsið var tekið í notkun um haustið 2014, en um lítið handverkssláthús var að ræða sem hafði leyfi til slátrunar á allt að 100 kindum á dag.

Málið enn til rannsóknar

Sláthúsið var í eigu þeirra Þórunnar Júlíusdóttur og Erlendar Björnssonar í Seglbúðum og í viðtali hér í blaðinu í lok árs 2015 sögðu þau að ákvörðunin um að reisa sláthús hefði verið að gerjast með þeim alveg frá því að Sláthús Suðurlands hætti slátrun á Kirkjubæjklaustri, tíu árum áður.

Samkvæmt upplýsingum frá löggreglu- stjóranum á Suðurlandi er málið til meðferðar hjá rannsóknardeild löggreglunnar sem hefur farið á vettvang ásamt teknideild. Metur löggreglan að altjón hafi orðið á húsnæðinu.

Enn er unnið að rannsókn málsins og ekki er vitað um upptök eldsins. /smh



Erlendur Björnsson og Þórunn Júlíusdóttir.

Húsið tilbúið undir slátrun

Erlendur og Þórunn gáfu út yfirlýsingum fyrir slártíðina í haust að vegna fyrirhugaðra gjaldskrárhækkanar Matvælastofnunar vegna þjónustu dýralækna í sláthúsum yrði ekki slátrað hjá þeim. Þrátt fyrir að síðan hafi verið hætt við gjaldskrárhækkanirnar var ekki slátrað í Seglbúðum í síðustu slártíði.

Var sú skýring gefin að fyrirhuguð verðhækkun hafi verið blásin af of seint. Samkvæmt upplýsingum frá Seglbúðum var það til umraðu að hefja starfsemi næsta haust og hafi húsið verið tilbúið undir slátrun að nýju. /smh

FORSETAKOSNINGAR
ÍSLANDS 2024



REYNSLA OG PEKKING – Í PÁGU ÞJÓÐAR



HELGATHORISDOTTIR.IS

HELGAG

Ólöglegur frágangur á dýrahraejum

Opinn gámur, yfirfullur af dýrahraejum, stóð á dögunum á steypu bílastæði við innkeyrsluna inn á starfssvæði kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar í Flóanum.

Hrafn gæddi sér á dýraleifunum en samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er slíkur frágangur óheimil. Auk þess sem sérstakt leyfi þarf til að reka slíka söfnun dýraleifa til förgunar og í þessu tilviki var ekkert slíkt til staðar fyrir þennan tiltekna gám.

Matvælastofnun hefur eftrilitshlutverk

Ulrike Taylor, sérgreinadýralæknir aukaafurða dýra hjá Matvælastofnun, segir að starfsmáður stofnunarinnar hafi farið á vettvang eftir að ábending barst en þá hafi verið búið að loka gámmum. Hún segir að svo virðist sem gámurinn hafi verið notaður til að safna hræjum. Samkvæmt reglugerðum beri rekstraraðilum að upplýsa lögbært yfirvald hyggist þeir meðhöndla aukaafurðir dýra á einhvern hátt, þar með talið til geymslu og förgunar eins og útlit sé fyrir með þennan tiltekna gám.

Jafnframt ber hann að kynna sér



Gámurinn á bílastæðinu í Flóanum.

Mynd / smh

hvaða kröfur eru gerðar samkvæmt lögum um slíka starfsemi og bregðast við í samræmi við þær. Þegar rekstraraðili hefur upplýst þar til bært yfirvald um áætlanir sínar með því að leita eftir skráningu eða leyfi, allt eftir eðli starfseminnar, sé það á ábyrgð Matvælastofnunar að hafa eftrlit með því að starfsemin fari fram samkvæmt gildandi lögum.

Engin umsókn um leyfi

Ulrike segir enga umsókn um leyfi fyrir þennan geymslagam hafa borist Matvælastofnun, því blasi við að

slíkir starfshættir séu ólöglegir; bæði það að hafa gáminn opinn eins og meðfylgjandi mynd ber með sér og eins þarf sérstakt leyfi fyrir að nota slíkan gám til að safna dýraleifum sem í þessu tilviki var ekki til staðar.

Pess vegna verði næstu skref þeirra að finna út úr því hver sé rekstraraðili og hafa í kjölfarið samband við viðkomandi.

Síðan verði tekin ákvörðun um framhald málsins. Gámurinn mun ekki tilheyra Orkugerðinni enda er þar ekki tekið við heilum skrokkum af jórturdýrum til förgunar og kjötmjölsgerðar. /smh

Breyttar reglur um flutning líflamba

Verlagsreglur hafa verið endurskoðaðar um flutning á lömbum með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðu.

Í breytingunum felst að nú má flytja lömb með fleiri mögulega verndandi arfgerðir frá ósýktum riðuhólfum.

Nú er heimilt að flytja lömb yfir varnarlinur inn í riðuhólf með eftirtaldar arfgerðir; verndandi arfgerðina ARR/x (ef x er ekki VRQ) og mögulega verndandi arfgerðirnar: T137/x (ef x er ekki VRQ), AHQ/AHQ, AHQ/C151 eða C151/C151.

Sómu reglur munu gilda fyrir svæði innan riðuhólf, þar sem meira en sjö ár eru liðin frá síðasta riðutilfelli.

Óheimill flutningur frá riðuhólfum

Einnig hafa verið gerðar breytingar hvað varðar flutninga frá svæðum innan riðuhólf þar sem riða hefur greinst á síðustu sjö árum. Þaðan er óheimilt að flytja lömb nema hrúta á sæðingastöðvar að því tilskildu að þeir séu með arfgerðir ARR/x (ef x er ekki VRQ).



Með nýjum verlagsreglum er heimilt að flytja lömb með fleiri mögulega verndandi arfgerðir frá ósýktum riðuhólfum.

Mynd / smh

Frá riðubæjum er ekki heimilt að flytja lömb fyrstu tvö árin eftir niðurskurð. Eftir það er leyfilegt að flytja ARR/ARR hrúta milli riðubæja í sama hólf.

Sérstök eyðublöð um sölu og kaup

Vísar Matvælastofnun á Þjónustugátt Matvælastofnunar varðandi umsóknareyðublöð, þar sem finna megi sérstök eyðublöð til að sækja

um sölu og kaup á lömbum með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir.

Nánari upplýsingar um hinar nýju verlagsreglur má finna í gegnum vef Matvælastofnunar, undir „Bændur/Sauðfé og geitur“.

Samkvæmt tilkynningu Matvælastofnunar halda almenn umsóknar-eyðublöð sér lítið breytt fyrir verslun með lömb af líflambasölvæðum og þau megi einnig finna í Þjónustugáttinni. /smh

Hverfandi líkur á riðusmiti árið 2032

Í nýrri landsáætlun verður stefnt að því að hverfandi líkur verði að upp komi riðuveiki í sauðfé á Íslandi árið 2032 og að sjúkdómnum hafi verið útrýmt í landinu árið 2044.

Þetta kom fram á fagfundi sauðfjárræktarinnar á Hvanneyri 21. mars þar sem Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir Matvælastofnunar, kynnti gerð landsáætlunar um útrýmingu á riðuveiki í sauðfé. Áætlað er að vinnunni verði lokið í mai.

Með áætluninni er stefnt að því að árinu 2028 verði litlar líkur á að upp komi riðuveiki á Íslandi, að árið 2032 séu hverfandi líkur á að veikin komi upp – og það sé viðurkennt af Evrópusambandinu – og loks að árið 2044 sé stefnt að því að riðuveiki hafi verið útrýmt.

Pessum markmiðum verði náð með ræktun, vörnum, vöktun og viðbrögðum.

Í áætluninni er gert ráð fyrir því að horfið sé frá því að kvaðir og höft séu sett jafnt á alla bæi í varnarhólfi, heldur frekar á einstaka bæi og þeim aflétt í takti við framvindu ræktunar hvers og eins. Riðubær verði skilgreindir í tvö til sjö ár, eftir framvindu í ræktun á nýjum stofni. Einnig verði skilgreindir áhettubær, sem eru í mikilli áhættu, og aðrir bær í áhettuhólfi sem eru í minni áhættu. Afléttung hafta verði jafnt og þétt samhlíða ræktun. Gert er ráð fyrir að varnarhólfi verði fækkað.

Skýrsla sérfræðingahóps um riðu var gefin út 1. nóvember á síðasta ári og byggir landsáætlunin á



Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir ásamt Ragnhildi Helgu Jónsdóttir, kennara við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Mynd / Rósa Björk - Lbh

því starfi, sem matvælaráðuneytið, Bændasamtök Íslands og Matvælastofnun standa sameiginlega að. Í kjölfar skýrslunnar var farið að beita niðurskurði í hjörðum þar sem riða kemur upp, í samræmi við tillögur sérfræðingahópsins. Til að mynda hefur bændum verið gefinn kostur á að hlífa kindum við niðurskurði sem eru með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir gegn riðusmiti.

Í máli Sigurborgar kom fram að hún væri í leyfi frá daglegum störfum yfirdýralæknis í nokkra mánuði til að geta sinnt smiði þessarar landsáætlunar. /smh

can-am

MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 2024 OUTLANDER 6X6

UPPFÆRÐ OG REISTARI
TWIN-TUBE FJÖÐRUN



T3B
GÖTUSKRÁNING

NÝ TERRACROSS
26" DEKK

NÝJI 4-LOK 100%
FRAMLÁSINN

2024 ÁRGERÐIN ER AÐ LENDA.
SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND





Vinnuflokkur Orkubús Vestfjarða á Hólmavík við uppsetninguna á hraðhleðslustöðinni við Galdrasafnið.

Myndir / Aðsendar

Hólmavík:

Hraðhlaðið við Galdrasafnið

Orkubú Vestfjarða hefur sett upp nýja 400 kW hraðhleðslustöð við Galdrasafnið á Hólmavík.

Stöðin annar fjórum bíum til viðbótar við þær stöðvar sem fyrir eru. Hvert tengi getur annað mest 240 kW. Orkubú Vestfjarða er einnig með stöðvar á Patreksfirði, Flókalundi, Bjarkalundi, Reykhólum, Drangsnesi, Djúpavík, Reykjanesi, Hvítanesi, Ísafirði, Þingeyri og Tálknafirði.

A næstu vikum fara upp 22 kW stöðvar á Flateyri, Suðureyri og í Súðavík. Þá verða settar upp 180 kW hraðhleðslustöðvar í Bolungarvík, Bíldudal og í Mjólká núna í vor.

„Orkubúið telur mikilvægt að rafbílaeigendur hafi aðgang að einhvers konar hleðslu í öllum byggðarkjörnum á Vestfjörðum og hraðhleðslu í stærri byggðarkjörnum. Með staðsetningu hraðhleðslustöðvar í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp er verið að stytta vegalengd á milli hraðhleðslustöðva frá Hólmavík til Ísafjarðar. Við lítum á hana sem góða staðsetningu þegar upp koma vandræði með færð yfir Steinrímsfjarðarheiðina, sem getur þýtt að bílar á suðurleið þurfi að snúa við og nái því ekki í hraðhleðslustöð á Hólmavík,“ segir Elías Jónatansson orkubústjóri.



Elías Jónatansson.

Á sama hátt segir Elías að hraðhleðslustöð, sem setja á upp við Mjólkárvirkjun, sé hugsuð til þess að mæta þörf þeirra bifreiða á suðurleið sem lenda í vandræðum vegna færðar á Dynjandisheiði. Auk þess sé staðsetningin nærrí Dynjana, sem er afar vinsæll viðkomustaður ferðamanna. „Stöðin í Mjólká verður líka mikilvæg fyrir þá sem koma sunnan að þar sem í Flókalundi er einungis ein 50 kW stöð og erfitt að bæta þar við miklu afli vegna þess hve dreifikerfið þar er veikt,“ segir hann.

Þá má geta þess að Orkubúið setti tímabundið upp tvær 180 kW hraðhleðslustöðvar á Ísafirði um páskana vegna hátiðarinnar Aldrei fór ég suður.

Haegt er að finna allar stöðvar Orkubús Vestfjarða í appinu el. /mhh

Samkeppniseftirlitið:

Ísteka í yfirburðastöðu

Í nýrri ályktun Samkeppniseftirlitsins kemur fram að Ísteka beiti sterki stöðu sinni til að komast hjá því að semja við blóðbændur á eðlilegum forsendum.

Ísteka er stærsti einstaki hrossa-eigindinni hérlandis og standar blóðtöku úr eigin blóðmerum í samkeppni við blóðbændur. Í ályktuninni kemur fram að fyrirtækið sé þátttakandi í öllum hlekkjum virðiskeðjunnar sem Samkeppniseftirlitið telur að megi skilgreina sem lóðréttu samþættingu. Ísteka er eina fyrirtækið sem kaupir merablóð á Íslandi.

Skortur á gagnsæi

Samkeppniseftirlitinu hafi verið bent að Ísteka verðleggi merablóð einhliða og án gagnsæi. Þá veiti fyrirtækið bændum ekki upplýsingar um þær mælingar sem framkvæmdar séu á blóðinu. Bændur telji mikilvægt að fá aðgang að þeim gögnum sem varði blóðtöku úr gripum úr þeirra eigu. Af samskiptum Ísteka við bændur megi vera ljóst að ekki standi til að veita frekari aðgang að mikilvægum upplýsingum um gædi blóðsins.

Þar sem aðgengi bænda að þeim gögnum sem Ísteka safnar sé takmarkað stuðli það að upplýsingaðsamhverfu og tortryggji innan markaðarins. Ísteka stundi sjálft blóðmerahald í samkeppni við bændur og búi yfir upplýsingum um keppinauta sína á markaði. Ísteka geti því tekið upplýstar ákvæðanir til frekari þróunar á starfsemi míni og bætti ræktun blóðmara, ólíkt bændum. Ísteka hafi náð góðum árangri í ræktun mera sem gefi af sér verðmætara blóð sem bendi



Samkeppniseftirlitið telur óliklegt að blóðbændur geti beint viðskiptum sínum til annarra aðila þó að Ísteka haldi öðru fram.

Mynd / ghp

til aðstöðumunar bænda gagnvart fyrirtækinu.

Einokunarstaða Ísteka

Í máli Ísteka hafi komið fram að íslenskir hrossabændur gætu sett erlendum aðilum merablóð, en að mati Samkeppniseftirlitsins verði ekki séð hvernig það geti orðið að veruleika. Einungis fá félög stundi slíka starfsemi á alþjóðavisu og sé Ísteka eina fyrirtæki hérlandis sem hafi starfsleyfi til framleiðslu á eCG/PMSG, sem unnið er úr blóði líftækniframleiðsluna sé mikil fylfullra mera.

Samkeppniseftirlitið telur að Ísteka sé í einokunarstöðu hér á landi hvað varði mögulega markaði fyrir heildsölviðskipti með merarbólð, enda eini kaupandi þess á Íslandi. Ætla megi að hár kostnaður við líftækniframleiðsluna sé mikil.

aðgangshindrun á markaðinn og því óliklegt að önnur félög komi og veiti samkeppnislegt aðhald.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru samningarnir sem Ísteka og hrossabændur gera sín a milli svokallaðir einkasölsammingar. Það sé vega þess að hrossabændur skuldbinda sig til að selja einungis Ísteka blóð á samningstímanum. Einkasalan nái til allra hryssa hvers bóna, óháð því hvort Ísteka velji þær til blóðtöku eða ekki.

Vegna skorts á fjármunum og mannafla hafði Samkeppniseftirlitið ekki tök að ljúka athugun sinni á Ísteka með formlegrí hlutun. Þess í stað er alíttin bent til matvælaráðuneytisins sem stjórnvalds í málafloknum. Jafnframt er Ísteka upplýst um stöðu sína á markaði og bent á mögulegar aðgerðir sem fyrirtækið geti gripið til sem tryggi eftirfylgni við samkeppnislög. Alítið er einnig hugsað til upplýsinga fyrir bændur.

Starfsleyfi til 2025

Matvælastofnun hefur skoðað hvort tilefni sé til að afturkalla starfsleyfi Ísteka í ljósi þess að leyfið var gefið út samkvæmt reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Eftirlitsstofnun EFTA hefur álykt að um að blóðmerahald skuli ekki vera undir áðurnefndri reglugerð, heldur reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í visindaskyni.

Eftir að hafa skoðað þau gögn sem liggja fyrir telur Matvælastofnun ekki erindi til að fella starfsleyfi Ísteka úr gildi og mun fyrirtækið því geta haldið starfseminni áfram til 5. október 2025. Veigamiklar ástæður þurfi til afturkóllunar leyfis sem aðili er byrjaður að nýta. /ál

Sauðfjárrækt:

Hrútaverðlaun fyrir Gullmola og Blossa



Steinn Björnsson bóndi á Þernunesi tók við viðurkenningu fyrir Gullmola. Eyþór Einarsson, Steinn Björnsson, Anton Torfi Bergsson frá sæðingastöðvunum, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir frá fagráði í sauðfjárrækt.

Myndir / Lbhí



Árni Bragason og Tómas Jensson, bóndi á Teigi 1.

Verið kynbætt og eins og sjá má á ættum Gullmola hefur erfðaefni mikið verið sótt í Strandafé og Reykhólasveitina í gegnum kaupafé og sauðingastöðváru,“ sagði Eyþór.

Undan Gullmola voru stigaðir rúmlega 190 lambhrútar. Gullmoli ásamt Glæsi frá Litlu-Ávik áttu haest stiguðu afkvæmahópana, en synir þeirra fengu að jafnaði 85,8 stig.

Blossi frá Teigi 1

Árni Bragason, ráðunautur RML, kynnti útnefningu á mesta kynbóthrútnum. Í máli hans kom fram að á bak við Blossi stæðu sterki stofnar. Hann var valinn inn á sauðingastöð árið 2020 og réði þar mestu hversu öflugur ærfadír hann hefur reynst heima í Teigi. Hann hafi síðan reynst prýðilegur lambafaðir á sínu heimabúi.

Árni sagði að hann hafi einungis nýtt eitt ár í þjónustu sauðingastöðvar þar sem honum entist ekki ævi fram að næstu fengitíð þar á eftir, en alls voru sæddar með honum rúmlega 1.100ær.

„Afkvæmi Blossi voru að jafnaði mjög þroskamikil og átti hann þann lambhrúthóp sem var þyngstur á fæti af sonum stöðváhrúrtanna árið 2021,“ sagði meðal annars í kjölfar fyrir valinu á Blossi. /smh

VALTRA A115 H4

TRAUSTUR
VINNUFÉLAGI



- 4.4 L 115 Hö Agco Power
- Vökavendigir með bremsustoppi og innbyggðum handhemli
- 4 milligrar og 4 rafskiptir gírar
- Hljóðáttur ökumannshús
- Glerþak, frábært útsýni
- Valtra connect fjarþöktun
- Húsþjóðrun
- Vökakerfi með 98 L dælu
- 3ja hraða aflúrtak 540-540E-1000

Verð kr.
11.990.000
án vsk.

TIL AFHENDINGAR STRAX

Vönduð
á mókurstærki

Rafstýripinni
í armhvílu



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aftvelar.is



VELDU RÉTTA HURÐ Í VERKIÐ

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol**
iðnaðarhurðir frá Límtré Vírnet

- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Krispol hurðir eru traust og hagkvæm lausn fyrir skemmur og geymslur.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Uppsetning í boði sem tryggir rétta virkni og endingu hurðanna.

Kynntu þér úrvalið á **Limtrevirnet.is**





Umplöntunarróbóti í Sólskóum. Nýting gróðurhúsanna bætist til muna þegar hægt er að sá í lítil ræktunarhólf.



Myndir / Aðsendar

Fyrsti umplöntunarróbóti landsins

Í maí í fyrra var settur upp umplöntunarróbóti á gróðrarstöðinni Sólskóum í Kjarnaskógi, rétt innan við Akureyri.

Katrín Ásgrímsdóttir, annar eigenda Sólskóga, segir þetta vera myndavélastýrt tæki sem taki upp plöntur úr bökkum með mjög smáum ræktunarhólfum og fær yfir í bakka með stærri hólf. Tækið skynji hvor spírun hefur heppnast og því náist full nýting á stærri ræktunarhólfum, í staðinn fyrir 80 til 85 prósent.

Margföld afköst

„Þetta breytir algjörlega öllum ræktunarætlunum hjá okkur,“ segir Katrín. Áður en þau fengu róbótinn þurftu þau að sá beint í stærri ræktunarhólfum sem leiddi til verri nýtingar á gróðurhúsunum. „Ég get komið fjórum til fimm milljónum plantna inn í tvö þúsund fermetra gróðurhús í staðinn fyrir áttu hundruð þúsund til eina og hálfa milljón,“ tekur hún fram.

Bökk sé vélinni geta þau sáð mun fyrr en áður. Núna byrjuðu þau að sá í byrjun mars og verður þeim plöntum umplantað í maí og júní þar sem þær verða látnar vaxa utandyra.

Róbótinn geri flokkun á plöntum jafnframt mun skilvirkari. Katrín nefnir sem dæmi birkiplöntur sem umplantað var í fyrra sem vor allar mjög jafnar í bökkunum. Viðskiptavinir hafi þar af leiðandi verið himinlifandi.



Katrín Ásgrímsdóttir.

Stærsti framleiðandi landsins

Vesturbyggð:

Verslunarrekstur í dreifbýli er samfélagsverkefni

Vegamót á Bíldudal er matvöruverslun og veitingastaður. Gísli Ægir Ágústsson, verslunarstjóri og vert, segir ýmsar áskoranir fylgja því að reka dagvöruverslun í dreifbýli.

Hann starfaði lengi sem sjómaður en keypti Vegamót þegar þau voru boðin til sölu árið 2017.

„Það er samfélagsverkefni að reka verslun,“ segir Gísli því bæði þurfi á hvort öðru að halda. Bílddælingar viti að til þess að verslunin haldist opin þurfi þeir að skipta við hana og að sama skapi reyni Gísli að vera sanngjarn í álagningu.

Samhliða verslunarrekstri er veitingastaður rekinn í sama húsi. Gísli segir þessi ólíku rekstrarform hjálpa hvort öðru. Suma daga borgi búðin launin og aðra daga veitingahúsið og þetta sé einn af stóru lykilþáttunum í að þetta gangi. Þó geti reynt að reka búð þegar mikil er að gera á veitingastaðnum. „Það þarf náttúrlega að fylla á og ég er í gömlu húsnæði sem er ekki byggt fyrir verslun,“ segir hann.

Forsendurnar fyrir verslunarrekstri á Bíldudal hafi breyst með auknu atvinnulífi á svæðinu. Arnar lax og aðilar þeim tengdir hafi verið mjög duglegir að versla í Vegamótum og sé til að mynda allur kostur fyrir bátana í fiskeldinu fenginn þar.

Vöruframboðið úthugsad

„Það er ótrúlega mikil úrvall í litillu búð af því sem fólk þarf,“ segir Gísli. Hann skoði stundum listann yfir fimmtíu vinsælustu vörurnar í vefverslun Heimkaupa og reynast sömu vörur fánalegar í Vegamótum. Þá hafi hann grisiað út allan óþarfa í vöruframboðinu á undanförnum árum. Vörurúvalið byggi helst á dagvöru eins og mjólk, grænmeti, ávoxtum, kjötvarum og fleiru. Þá reyni hann að eiga til allt það sem fólk gæti óvænt vantað þegar það er byrjað að elda, eins og tómatsós, sósujafnara eða annað í þeim dúr.

Þá sé ekki endilega alltaf það sama til þar sem markhópurinn er ekki stór. Það sé kannski ekki nema einn íbúi í bænum sem vilji einhverja ákvæðna vörur og það sé ekki hægt að ætlast til að viðkomandi versli sama hlutinn oft í mánuði. Áðspurður hvort hann sé með tölvukerfi sem haldi utan um innkaupin segir Gísli: „Þetta er allt í grautnum í hausnum á mér – tilviljanakennt eins og lífið mitt.“

Á Vegamótum er ekki mikil úrvall af sérvörum eins og tíðkast oft í lítlum verslunum úti á landi, enda sé plássið gjörnytt undir dagvöru. Rétt við hliðina á Vegamótum sé hins vegar lítil verslun með öllu milli himins og jarðar. „Par geturðu fengið kristalsglös og tvist,“ segir Gísli.

Flutningskostnaður áskorun


Hár flutningskostnaður sé ein helsta áskorunin við rekstur lítlar verslunar í dreifbýli. „Maður er kannski að flytja nokkra goskassa og það kostar tuttugu þúsund krónur,“ segir Gísli. Það sé kostnaður sem þurfi að setja á tiltlulega fáar vörur. „Þess vegna er dýrara að versla úti á landi.“

Það geti verið hagstæðara fyrir heimafólk að versla allt í Bónus. Því fylgi hins vegar óhagræði þar sem fólk þurfi að fara yfir langan veg og gera stórrinnkaup. Þá sé ekki víst að matvaran sé enn fersk þegar kemur að því að neyta hennar. Bílddælingar viti því að best sé að sækja það sem vanti hverju sinni í heimabyggð.



Gísli Ægir Ágústsson (t.v.), eigandi Vegamóta, ásamt Kris Kobietowski (t.h.), sem hefur starfað með Gísli frá því hann keypti reksturinn árið 2017. Kaupmaðurinn er þakklátur fyrir stuðninginn frá heimafólki, enda sé samfélagsverkefni að reka verslun í dreifbýli.

Myndir / Aðsendar



Kris stendur vaktina við búðarborðið. Gísli segir úrvallid í versluninni vera mjög mikil og reynast fimmtíu vinsælustu vörurnar hjá Heimkaupum einnig fánalegar í Vegamótum.



Vegamót á Bíldudal þar sem rekin er verslun og veitingastaður.

Gengur ekki nóg illa

Rekstur Vegamóta gengur vel og segir Gísli rætast úr öllu með bjartsýni og jákvæðni. Hjá honum eru fjórir starfsmenn í fullu starfi allt árið. Yfir sumartímann fari starfsmannafjöldinn upp í fimmtán manns, með hlutarstarfsmönnum, en þá er mikil að gera á veitingastaðnum. Innviðaráðuneytið hefur

veitt styrki til að styðja við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum. Gísli segist ekki hafa sótt í þann sjóð þar sem hann reiknar ekki með að uppfylla skilyrðin.

„Ég held að það hafi ekki gengið nóg illa.“ Gísli vill taka fram þakklæti sitt fyrir stuðninginn frá samfélagini, sem eigi ekki síður þátt í velgengni rekstursins.

/ál

EINSTÖK UPPLIFUN

MF 6S 135-200 HP
EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ
Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD
Eyðslugrannur en eldsprákur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

STYRKUR MED STÖÐULEIKA
Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxlá



Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is




Betri tannlækningar fyrir alla fjölskylduna í Budapest



- Íslenskir fulltrúar sækja ykkur á flugvellið og aka á hótelid
- Íslenskt starfsfólk sem býr og starfar í Budapest sér um öll samskipti
- Gisting á 4 stjörnu hótel
- Auk herbergja eru í boði fjölskylduþúðir
- Nóg við að vera fyrir alla fjölskylduna
- Úrvals tannlæknar með framhaldsmenntun
- Tannlæknastofa búin þeim bestu tækjum sem völ er á
- Aðgangur að vatnagarði og gufu
- Nuddstofa, snyrtistofa, hárgreiðslustofa o.fl. innan veggja hótelsins
- Útsöluverkaðir innan seilingar við hótelid
- Íslensk ráðgjöf alla leið í gegnum ferlið og aðstoð við allt sem viðkemur því að njóta þess besta sem Budapest hefur upp á að bjóða
- Sjálfssdekur og sparnaður í sömu ferð

Pau sjá vel um þig!



Íslenska Klíníkin
Budapest *Íslenska
alla leið!*

Hefjum
samtalið!
851 9800

Skaftárhreppur:

Vörðust ásælni ríkisins í jarðareign

Kristín Lárusdóttir og Guðbrandur Magnússon, bændur að Syðri-Fljótum í Meðallandi, hafa staðið í ströngu við að verja þinglýstar eignir sínar fyrir ágangi ríkissjóðs Íslands. Þó sjá fyrir endann á þeirra málum segir Kristín aðra landeigendur standa í sömu sporum.

Fyrsta aðförin árið 2015

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is

Fyrir 26 árum keyptu þau Kristín og Guðbrandur tvær jarðir, Slýja og Syðri-Fljóta í Meðallandi en jarðirnar eru á milli 4.000 og 5.000 hektara að stærð.

Við kaupin kemur fram að Sigríður Sveinsdóttir, sem var eigandi jarðarinnar til ársins 1952, hafi afhent Landgræðslunni til eignar nokkra girta hektara árið 1944. Þessir fáu hektarar eru þinglýstir á Landgræðsluna árið 1945.

„Við sameinum jarðirnar síðan árið 1998 með undirskrift úr landbúnaðarráðuneytinu og heitir bærinn í dag Syðri-Fljótar. Allt er þetta þinglýst á okkur sem og landamerki milli annarra jarða og hækur að fá upplýsingar um það hjá sýslumann. Í kringum 1954 hafði Landgræðslan, þó aðallega bændur í Meðallandinu, girt girðingu á milli Kúðafljóts og Eldvatns. Þegar við flytjum hingað þá sést lítið sem ekkert af þessari girðingu. Henni hafði ekki verið haldið við svo áratugum skipti og löngu hætt að gegna sínu hlutverki,“ segir Kristín og tekur það fram að Landgræðslan hafi aldrei stundað landgræðslu eða hirt um landið síðan elstu menn muna.

„Skáru kannski mel og keyrðu í burtu og sáðu annars staðar.“

Hafa greitt alla skatta og skyldur

Kristín segir að síðan þau eignuðust Slýja og Syðri-Fljót, hafi þau borgað alla skatta og skyldur af jörðunum. Búturinn úr Slýjalandinu, sem er í eigin Landgræðslunnar, sé enn á þeirra landnúmeri.

„Landgræðslan hefur ekki í þau áttatu ár sem hún hefur haft bútið úr landi Slýja til umráða komið því í verk að setja á það landnúmer.“

Það var síðan árið 2015 að Sveinn Runólfsson, þáverandi landgræðslustjóri, kemur í heimsókn til þeirra Kristínar og Guðbrands og segir að Landgræðslan eigi Slýjaland sem Kristín og Guðbrandur eru þó þinglýstir eigendur að.

„Hann kemur með útprentað landamerkjakort með landamerkjum sem var alveg út úr kú. Þar var ekki farið eftir neinum þinglýstum landamerkjum og það vantaði inn á kortið sumar af okkar nágrannajörðum. Allt var þetta undirskrifnað af Sveini. Á kortinu er búið að merkja að Landgræðslan eigi Slýjana en ekkert kemur fram á kortinu í þetta skipti að hún eigi Fljóta en það kemur inn seinna,“ segir Kristín. Hún bæti við að þau hafi fengið send því eða fjögur landamerkjakort frá Landgræðslunni sem eru aldrei með sömu landamerkjunum og með sumum þeirra fylgdi greinargerð undirrituð af Sveini.

„Eru þetta trúverðug vinnubrögð?“ spyr Kristín.

Undirritað af láttinni konu

Eftir heimsókn Sveins gerðu þau Kristín og Guðbrandur ekkert í málunum því þau voru viss um að ríkisstofnun gæti ekki tekið af þeim þinglýstir eignir.

„Veturinn 2021 kemur Marvin Ívarsson frá FSRE í heimsókn og kemur með tillögu að sátt. Lét okkur hafa landamerkjakort eins og Sveinn og sendir okkur síðan fleiri kort í tölvupóst með tillögum að landamerkjum. Hann fór ekki eftir neinum opinberum þinglýstum landamerkjum en hann má eiga það að hann var að reyna að ná sátt,“ segir Kristín.

Í kjölfarið biðja þau Kristín og Guðbrandur um að fá send þinglýst gögn sem sanni eignarhald



Kristín Lárusdóttir ásamt fjölskyldu sinni þegar hún varð heimsmeistari í tölti árið 2015 á gæðingnum þokka frá Efstu-Grund. Þau voru nýkomin heim úr þeirri fræknu ferð þegar Sveinn Runólfsson, þáverandi landgræðslustjóri, kom í heimsókn til þeirra í Meðallandið.

Myndir / Aðsendar



Syðri-Fljótar í Meðallandi þar sem Kristín og Guðbrandur búa.

ríkissjóðs. Fá þau þá sent til baka þinglýsta skjalið frá árinu 1944 þar sem þáverandi eigandi Syðri-Fljóta og Slýja, Sigríður, afsalar sér smá bút úr landi Slýja. Benda þau á að skjalið varði allt annað land en það sem Landgræðslan hafi ásælst.

„Þá fáum við senda yfirlýsinguna frá 1954. Á skjalinu er engin dagsetning, engir vottar, aldrei þinglýst og frú Sigríður sem bjó á Syðri-Fljóta og skrifaði undir 1954 lést þann 2. ágúst 1952. Það er augljóst að hverju sýslumaður þinglýsir ekki þessari yfirlýsingu. Sigríður var dán tveimur árum áður en hún skrifaði undir yfirlýsinguna og var búið að þinglýsa eignum hennar á fösturdóttur hennar 1953. Ég held að það purfi nú engan sérfraðing til að sjá að þetta skjal frá 1954 er fölsun. Við nánari skoðun á undirskrift Sigríðar á þessum tveimur skjölum frá 1944 og 1954 sést að það er ekki sama rithönd. Það er a.m.k. ótrúlegt hvað skrift getur breyst þegar fólk er búið að liggja í kirkjugarðinum í tvö ár.“

Eins og að berjast við vindmyllur

Eftir þetta gerist þó ekkert meira í málinu næstu tvö árin og eru þau Kristín og Guðbrandur ekkert að hugsa meira út í þetta, enda með þinglýst gögn í höndunum um að landið sé þeirra. Í janúar 2023 er þeim bent að í vefsíða Framkvæmdasýlunnar – Ríkiseigna (FSRE) eru rúmir 4.000 ha af landinu þeirra merkt Ríkissjóði Íslands.

„Við sendum strax tölvupóst á FSRE og biðjum um að þetta sé leiðrétt og farið verði eftir þinglýstum gögnum. Við eיגum fullt af tölvupóst með samskiptum við fyrrum landgræðslustjóra, opinbera starfsmenn FSRE og fjármálaráðuneytisins þar sem við krefjumst þess að vefsíðin verði leiðrétt og við viðurkenndir eigendur, en það er eins og að berjast við vindmyllur. Sama hvort það er Landgræðslan, FSRE eða fjármálaráðuneytið, aldrei fáum við fund þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.“

Í mars í fyrra fá þau loks tölvupóst frá starfsmanni FSRE þar sem hann viðurkennir að þau séu þinglýstir

eigendur. Héldu þau því að málinu væri lokið, en svo reyndist ekki vera.

„Við eignum tölvupóst frá Árni, fyrverandi landgræðslustjóra, frá því 22. maí í fyrra þar sem hann segir m.a.: „Við höfum sent tillögu til Ríkiseigna um að ríkið geri ekki kröfur til landsins enda teljum við pappírana þess eðlis – við bíðum svars.“ Samma dag og Árni sendir okkur þennan tölvupóst sendir hann bréf til FSRE þar sem stendur: „Mikilvægt er að ríkið komist með aferandi hætti að því hvernig eignaréttarlegu tilkalli til svæðanna sé háttáð og vinni svo markvisst með þá niðurstöðu, t.a.m. með því að kreffast viðurkenningar eignarréttar fyrir dómstólmum – telji ríkið það réttá og ekki séu aðrar leiðir færar til að útkljá málin.“

Bréfið frá Landgræðslunni til FSRE getum við ekki túkað öðruvísi en að þeir ætti í mál við okkur sem var allt annað en Árni sendir okkur sama dag.“

Kristín segir að í maí sl. hafi Landgræðslan vísað málinu á FSRE sem hafi vísað málinu áfram til fjármálaráðuneytisins í júní, sem svo vísaði málinu á löggmannsstofu.

„Í níu mánuði bíðum við með okkar þinglýstu pappíra og vorum með yfir hausnum á okkur yfirvofandi stefnu. Löggmannsstofan virðist hafa óheftan aðgang að ríkissjóði að fjármagni til að finna eitthvað sem er sterkara en þinglýst gögn á meðan við fengum aldrei að koma okkar hlið á málinu á framfæri. Það er ótrúlegt að opinberir starfsmenn,

t.d. landfræðingur og lögfræðingur FSRE, geti setið á skrifstofu í Reykjavík og búið til bara einhver landamerki og fara aldrei eftir þinglýstum landamerkjapappírum og fjármálaráðuneytisins þar sem við krefjumst þess að vefsíðin verði leiðrétt og við viðurkenndir eigendur, en það er eins og að berjast við vindmyllur. Sama hvort það er Landgræðslan, FSRE eða fjármálaráðuneytið, aldrei fáum við fund þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.“

Í mars í fyrra fá þau loks tölvupóst frá starfsmanni FSRE þar sem hann viðurkennir að þau séu þinglýstir

Málið ratar í fjöldiðla

Kristín ákvað að mæta á fund sjálfstæðismanna sem voru á fundarferð í kringum landið í lok febrúar á þessu ári. Á fundinum les Kristín upp fyrir fundargestum, þ.a.m. fjármálaráðherra, um stöðu þeirra Guðbrands og krefst þess að landamerki yrðu leiðrétt strax í vefsíða FSRE, farið verði eftir landamerkjábréfum og eignaréttur þeirra viðurkenndur.

„Það má segja það að þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokkins hafi misst andlitið þegar ég las sögu okkar fyrir þá og heir voru mjög undrandi á vinnubrögðum opinberra starfsmanna. En ekkert gerist samt næstu vikurnar. Það var ekki fyrr en ég fer í viðtal í bitinu á Bylgjunnar manudaginn 18. mars að það fer loksins eitthvað að gerast. Á föstudaginum fáum við svo tölvupóst þar sem segir að ríkissjóður Íslands gæfi eftir eignartilkall til svæðisins neðan/sunnan svökulluðu landgræðslugirðingar í Meðallandsfjöru og Meðallandssandi gagnvart grandalausum þriðju aðilum sem eignast hafa jarðir á svæðinu á grundvelli tómlætis ríkisins við að gagna frá þinglýsingu á yfirlýsingunni frá árinu 1954. Orðalagið í þessum tölvupósti er alveg ótrúlegt. Þessi yfirlýsing frá 1954 var aldrei tiltæk til þinglýsingar.“

Margir í sömu stöðu

Nú hefur vefsíða FSRE verið leiðrétt og land Kristínar og Guðbrands nú ekki lengur skráð eign ríkisins. Kristín tekur það þó fram að enn sé land sem sé þinglýst á nágranna þeirra merkt sem land í eigu ríkisins í vefsíða FRSE. Bíði sé að benda FSRE að það en þeir leiðrétti það samt ekki.

„Eftir að ég setti þetta inn á Facebook um daginn hefur fullt af fólk sett sig í samband við mig og ég heyrta af fólk sem er í nákvæmlega sömu stöðu og við. Ýmist Landgræðslan eða íslenska ríkið sem er að ásælast land. Hver ber ábyrgð á þessari valdníðslu? Þetta er allt af mannanna völdum. Eiga Landgræðslan og ríkissjóður að vera að safna landi? Ríkið og Landgræðslan eru ekki bestu nágrannarnir en það væri umfjöllun í annað viðtal sem gæti heitið „Eyðibýlastefna ríkissjóðs Íslands.“ Það þarf nú ekki annað en að keyra um Meðallandið til að sjá hvernig eyðibýlastefna er búin að fara með þessa sveit. Í lokin langar okkur að segja að fyrverandi landgræðslustjóri sagði við okkur að ríkið mætti ekki gefa land, því sprjum við á móti, má ríkið stela af fólk þinglýstum eignum?“

Forsetakosningar 1. júní 2024

LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

Smelltu á kóðann til að veita Sigríði Hrund meðmæli.

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti

Gýgjarhólskot ræktunararbú ársins

Á fagfundi sauðfjárræktarinnar sem haldinn var á dögunum var Gýgjarhólskot í Biskupstungum útnefnt ræktunararbú ársins.

Það er fragræð í sauðfjárrækt sem stendur að valinu og til grundvallar liggar heildareinkunni ánnna á þaumum í kynbótamatí á arunum 2013 til 2022, auk þess sem búið þarf að standast ýmis viðmið eins og um að ná inn á lista yfir úrvalsbú. A síðustu tju árum hefur búið verið níu sinnum það afurðamesta yfir landið.

Halldórsskjöldurinn veittur

Var bændunum, þeim Eiríki Jónssyni og Mariú Þórunni Jónsdóttur, veittur Halldórsskjöldurinn af þessu tilefni sem kenndur er við Halldór Pálsson, fyrverandi búnaðarmálastjóra.



Jarðræktarmiðstöðin rís

Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands mun verða tilbúin árið 2027 gangi áform háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eftir.

Það kemur fram í svari við skriflegri fyrirspurn um uppbyggingu aðstöðu til jarðræktarrannsókna.



Bjarni Jónsson, þingmaður VG, sendi þann 16. desember sl. fyrirspurn um uppbyggingu aðstöðu til jarðræktarrannsókna á Hvanneyri. Spurði hann m.a. um fjármögnun byggingarinnar, hvenær hafist verði handa og hvenær verklok væru áætluð.

Fyrirspurninni var svarað þann 5. apríl sl. Þar koma fram áætlanir ráðherra um tilhögun fjármögnumar framkvæmda við uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvarinnar, upp á rúmlega 600 milljónir króna. Þar verði dregið á ónýttar fjárhæmildir Lbhí frá arunum 2022 og 2023 sem nema um 265 m. kr., auk framlags af stofnkostnaðarlið háskóla í fjárlögum. „Frekari ákvæðanir um framkvæmdir og fjármögnun verða teknar samhlíða útgáfu fjármálaáætlunar fyrir árin 2025–2029 og undirbúnungi fjárlaga fyrir árið 2025. Ef það gangi eftir mun aðstaðan rísa og vera tilbúin árið 2027,“ segir í svarinu. Sex ár eru síðan jarðræktarmiðstöðin flutti frá Korpu upp á Hvanneyri, þar sem hún er nú starfrækt í gamla bútaknihúsini, sem talið er óboðlegt starfseminni. Í svari ráðherra kemur fram að Borgarbyggð hafi þegar samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir Hvanneyri þar sem gert er ráð fyrir nýrr jarðræktarmiðstöð. Einnig er fjallað um þarfagreiningu og framkvæmdaráætlun til byggingar 1.000 fm gróðurhúss.

Í fyrirspurn Bjarna sprýr hann hvort Lbhí verði gert kleift að nota söluandvirði Korpu til að reisa jarðræktarmiðstöð. Í svari ráðherra kemur fram að söluandvirði Korpu hafi runnið til ríkissjóðs og hafi ekki verið eyrnamerk jarðræktarmiðstöð sérstaklega. Bjarni segir í færslu á Facebook að þetta sé rangt. Fyrir liggi á prenti að söluandvirði Korpu skuli óskipt renna til Lbhí og um leið uppbyggingsar aðstöðu til jarðræktarrannsókna á Hvanneyri. „Frumrit þeirra skjala er að finna í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.“ /ghp

Það var Eyþór Einarsson frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem kynnti valið. Sagði hann að búið hefði trúnað efst á lista þeirra búa sem hefðu uppfyllt skilyrði í valinu.

Sagði Eyþór að á Gýgjarhólskoti, sem staðið ofarlega í Biskupstungum, væru um 350 vetrarfóðraðar kindur á blönduðu búi ásamt 50 mjólkurkum og nautaeldi.

Kom fram að núverandi fjárstofn eigi uppruna sinn í fjárskiptafé sem kom haustið 2006 eftir riðunniðurskurð 2004. Féð var keypt frá nokkrum bæjum í Kirkjubólshreppi og Hólmavíkurhreppi hinum forna. Meirihluti kaupafjárlíns hafi verið kollóttur.

Frá fjárskiptum hafi sæðingar mikil verið notaðar og frekar sótt í hyrnda hrúta en kollótt.

Mjólkurlagni og frjósemi

Sagði Eyþór að nú væri meirihluti hjarðarinnar hyrndur og samkvæmt útreikningum lægi fyrir að erfðahlutdeild fjárskiptafjárlíns í dag væri einungis 17,6 prósent. Því væri ljóst að áhrif sæðinga séu mikil á búinu. Af sæðingastöðvahrúrtum hefðu mest áhrif haft Dreki frá Hriflu, 11,2 prósent, Grábotni faðir hans með riflega átta prósent og Klettur frá Borgarfelli með tæp átta prósent.

Sá heimahrúrtur sem á mestu hlutdeildina í stofninum í dag er Flúðalúði, sonur Gláms frá Svartárdóttir, en hann er með átta prósent erfðahlutdeild. Í ræktunarstarfinu hafi mikil áhersla verið lögð á ræktun gegn fitu og mæðraeiginleikana mjólkurlagni og frjósemi. /smh



María Þórunn Jónsdóttir og Eiríkur Jónsson frá Gýgjarhólskoti, Eyþór Einarsson frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Sigurborg Hanna Sigurðardóttir frá fragráði í sauðfjárrækt.

Mynd / Rósa Björk - Lbhí

Nýtt umboð Cummins á Íslandi

Bátavélar – Skipavélar – Ljósavélar – Vinnuvélar – Rafstöðvar



Cummins rafstöðvar begar mest á reynir

Varaafslsstöðvar í mörgum stærðum og gerðum

Afhlutir ehf. hafa tekið við sölu- og þjónustuumboði fyrir bandarísku vélaframleiðandann Cummins á Íslandi

Sérhæfð varahluta- og viðgerðarþjónusta.

Verið velkomin í viðskipti

Við leggjum metnað okkar í vandaða þjónustu við notendur Cummins vélbúnaðar á Íslandi, bjóðum öflugar og þrautreyndar dieselvélar af öllum stærðum og gerðum

www.afhlutir.is


Selhellu 13 | 221 Hafnarfirði | Sími 544 2045 | afhlutir@afhlutir.is



Frá Nýju Delí. Indland er fjölmennasta ríki jarðar og með fimmst stærsta hagkerfi heims.

Mynd / Laurentiu Morariu

Utanríkismál:

Greiða götu viðskiptasambanda við Indland

– Indverjar fella niður tolla á íslenskt lambakjöt, lýsi og vatn

Bæði þjónustu- og vörubiðskipti við Indland munu að öllum líkendum aukast á næstu árum en nýr fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna við þetta fimmst stærsta hagkerfi heims einfaldar viðskipti milli landanna.

Fríverslunarsamningur milli Indlands og EFTA-ríkjanna var undirritaður í Nýju Delí þann 10. mars síðastliðinn. Ragnar G. Kristjánsson er skrifstofustjóri á viðskiptaskrifstofu í utanríkisráðuneytinu og Þórður Jónsson var aðalsamningamaður Íslands í viðræðum undir það síðasta. Þeir segja að samningurinn opni ekki fyrir innflutning á landbúnaðarvörum umfram það sem hefur verið gert í öðrum fríverslunarsamningum síðastliðin ár. Í gegnum EFTA er Ísland með fríverslunarsamning við yfir fjörlitíu ríki. Samningur

sem er saminn meðal EFTA-ríkjanna fjögurra; Noregs, Íslands, Liechtenstein og Sviss, við Indland. Viðræður hófust fyrst formlega árið 2008 en fóru á skrið í fyrra. Mun þetta vera stærsti samningur sem Ísland hefur gert utan Evrópu síðan fríverslunarsamningur við Kína var undirritaður fyrir áratug.

Land á mikilli uppleið

„Þetta er spennandi samningur við merkilegt land sem er á mikilli uppleið. Hagvöxtur Indlands hefur verið upp á 8,5 prósent. Þetta er fimmst stærsta hagkerfi heims, fjölmennasta ríkið og er með mjög sterka framtíðarsýn. Að landa samningnum á undan ESB, Bretlandi og Kanada, sem öll eru í samningaviðræðum við Indland, þýðir að við fáum hugsanlega smá



Ragnar G. Kristjánsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, og Þórður Jónsson, sem var aðalsamningamaður Íslands í viðræðum undir það síðasta.

Mynd / ghp

forskat inn á þennan markað,“ segir Þórður.

Með samningnum eru mótaðar skyrar reglur og lagalegur fyrirsjáaneiki fyrir fyrirtæki sem vilja eiga í viðskiptasambandi milli Íslands og Indlands. Í þeim felast tilteknar tollaniðurfellingar og tollfríðindi á vörum og liðkað er fyrir tiltekin þjónustuviðskipti sem á að gefa fyrirtækjum samkeppnisforskat og einfaldar viðskipti milli landanna.

Ragnar segir samninginn skapa fjölbreytni í fríverslunarneti EFTA-ríkjanna. „Menn hafa áhyggjur af aðfangakeljum og vilja tryggja esnahagslegt öryggi. Hér erum við að tala um risa framtíðarland sem mun auka tækfæri fyrir okkur. Það er ástæða fyrir því að ESB, Bretar og aðrir eru að horfa á Indland, þetta er land sem getur skipt miklu máli til lengri tíma litid.“

Fríverslunarsamningur hefur einnig víðari skírskotun því tilvist hans er oft ákveðinn stökkpallur fyrir ríkin á báða bóga. „Til dæmis fær Ísland mikla athygli á Indlandi út af samningum,“ segir Ragnar.

Hafa ekki áhyggjur af innflutningi matvara

Þórður segir að snemma í samningaviðræðum hafi verið ákveðið að virða þau svíð sem aðildarlönd samningsins töldu viðkvæm. „Landbúnaðarsviðið taldist viðkvæm fyrir öll ríkin. Ekkert þeirra er útflutningsríki hvað búvörur varða og öll vildum við verja innlenda hagsmuni,“ segir Þórður. Því hefði fljött verið ljóst að ekki yrði samið um tollfríðindi varðandi búvörur, þó með nokkrum undantekningum.

Samningurinn er að sögn Ragnars tiltölulegar hefðbundinn fríverslunar-



Bjarni Benediktsson fyrrverandi utanríkisráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd Íslands.

Mynd / EFTA

sitt lambakjöt inn í samninginn.“ Hann bendir áhugasönum á að hægt er að hafa beint samband við utanríkisráðuneytið til að fá upplýsingar um tilteknar vörur.

Indverjar kaupa lýsi

Árið 2023 voru vörur fluttar inn frá Indlandi fyrir rúman milljarð króna. Mikil af hræfnum í lyfjaiðnaði er flutt hingað til lands en einnig ýmis matvara, svo sem rækjur, hrísgrjón og krydd.

Útflutningsverðmætin námu hins vegar aðeins um 214 milljónum króna, þar af var helmingur þess verðmætis, rúmar 103 milljónir króna, vegna útflutnings á kaldreinsuðu þorskalýsi. Með fríverslunarsamningnum mun 55% tollur sem settur var á lýsið falla niður.

„Þegar kemur að vörubiðskiptum þá eru hagsmunir Indlands meiri en Íslands. En þegar kemur að þjónustu þá jafnast þetta út, Ísland er þar í meiri útflutningi en Indland,“ segir Þórður og útskýrir að eftir miklu

sé að sealast í þjónustuviðskiptum við Indland – sem vill meðal annars sækja í þekkingu okkar á nýtingu jarðvarma. Því auk fríverslunarsamningsins var samið sérstaklega um fjárfestingar þar sem EFTA-ríkin bókuð markmið um að stórauka fjárfestingar í Indlandi.

„Stjórnvöld í Indlandi eru með metnaðarfullar áætlanir hvað það varðar. Þeir vilja fyrir árið 2030 að helmingur af rafmagni á Indlandi sé framleitt gegnum endurnýjanlega orku, þetta er í kringum 500 mW. sem þeir vilja ná á sjó árum. Ýmis fyrirtæki hér eru að koma að uppbryggingarverkefnum ytra.“

/ghp

TYM á Íslandi

Margra ára góð reynsla við krefjandi aðstæður.

Fáanlegir í mörgum útfærslum:

- ✓ Ámoksturstæki
- ✓ Sláttuborð
- ✓ Einangrað hús
- ✓ 19 – 55 hestöfl
- ✓ 2ja ára ábyrgð



Kynningarverð frá 1.590.000,- + vsk.



TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

ALLTÍ VORVERKIN

Á TILBOÐI TIL 16. APRÍL
... fyrir bílinn, pallinn og garðinn

VERKFÆRA
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍDUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð
fyrir Husqvarna Construction
á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði
og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsgög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm

Nítrat og nítrít:

Hámarksagn minnkað í matvælum

Innan skamms taka gildi breytingar á reglugerð þar sem leyfilegt hámarksagn nítrita og nítrata í matvælum er minnkað, en þessi efni gefa bragð, lit og eru til rotvarnar meðal annars í unnum kjötvörum og ostum.

Breytingarnar tóku gildi í Evrópusambandinu í haust sem knýja á um sams konar breytingar hér á landi og í því þurfa innlendir matvælaframleiðendur að bregðast við – og mögulega að breyta uppskriftum sínum, eins og fram kemur í tilkynningu Matvælastofnunar.

Krabbaeinsvaldandi efnasambönd

Samkvæmt tilkynningunni er hámarksagn þessar efna nú minnkað vegna þess að tilvist þeirra í matvælum geti leitt til myndunar nítrósamína efnasambanda sem sum séu krabbameinsvaldandi. Því sé nauðsynlegt að lágmarka hættu á þeirri myndun en þó þurfi að viðhalda vernd gegn vexti skaðlegra örvera.

Að sögn Katrínar Guðjónsdóttur, fagsviðstjóra hjá Matvælastofnun, er sú breytingin einnig gerð að til viðbótar við hámarksagni fyrir það magn sem leyfilegt er að nota við framleiðslu, eru einnig sett viðmiðunargildi fyrir leifar efnanna í matvælunum.

Þá séu hámarksagni nú gefin upp sem nítrít og nítrat jónir, en voru áður gefin upp sem natríumsolt efnanna.

Nítrít ekki leyfilegt í ostagerð

Katrín segir að breytingarnar á hámarksagni efnanna í matvælum sé mismunandi eftir flokkum vara, eftir því hvort um nítrít eða nítrat sé að ræða og líka



Nítrit og nítrat er meðal annars að finna í unnum kjötvörum. Mynd / Bbl

mismunandi hve mikil gildin eru lækkuð. Fyrir algengustu flokka kjötvara sé hámarksagn nítrits lækkað úr 150 mg/kg í 120 mg/kg (80 mg/kg sem nítrítjón).

Leifar út geymslutímann

„Nú er líka verið að bæta við gildum fyrir leifar af efnunum í vörnum út geymslutímann og er þá miðað við allan uppruna efnanna, sem gæti verið annar en bara vegna þeirra efna sem bætt er við. Þau geti verið náttúrulega til staðar í einhverju hræfni,“ heldur Katrín áfram.

„Í flestum tilfellum hafa slík gildi ekki verið til áður. Þetta eru þó ekki eiginleg hámarksagni þannig að það þarf ekki að banna vöru ef þetta er yfir viðmiðunargildum,

en það þarf að rannsaka og skýra málid og reyna að koma í veg fyrir að það fari umfram.“

Mismunandi aðlögunartími

Um leið eru gerðar miklar breytingar á leyfilegu hámarki aðskotaefnanna blý, kvikasilfur og arsen í matvælum.

Þar hefur leyfilegt hámarksagn verið 3 mg/kg fyrir arsen, 2 mg/kg fyrir blý og 1 mg/kg fyrir kvikasilfur, en hámarkið fyrir öll efnin fer í 0,1 mg/kg.

Katrín bendir framleiðendum að kynna sér reglugerðina og mismunandi aðlögunartíma fyrir mismunandi afurðir.

Búast megi við að hann verði svipaður og í Evrópusambandinu, en fyrir kjöt- og fiskafurðir er hann til 9. október 2025 en fyrir osta er hann oft lengri, sá lengsti til október 2027.

/smh



Framleiðslan á sængunum á sér stað í gamla leikskólanum sem ber núna heitið Dúntún. Verin koma forsaumuð erlendis frá og er blásið í hólfin með þar til gerðum vélum.

Myndir / Íslenskur dún ehf.

Íslenskar sængur um allan heim

Íslenskur dún ehf. selur æðar-dúnsængur beint til viðskiptavina um heim allan. Þær eru framleiddar á Borgarfirði eystra úr æðardún sem fenginn er milliliðalaust frá æðarbændum.

Ragna Óskarsdóttir, eigandi Íslensks dúns ehf., segir langa hefð fyrir því að íslenskir æðarbændur saumi sængur, en það sé nýlunda að þær séu framleiddar hér tildeindis fyrir alþjóðlegan markað. Með því að fullvinna vöruna hér sé virðisaukanum skilað innanlands og þær miklu sveiflur sem verði á hráduni jafnist frekar út.

„Við erum að framleiða bestu sængur í heimi og það er gaman að selja þær. Ég eignast pennavini úti um allan heim og iðulega fær ég skilaboð frá kaupendum eftir sölu um hversu ánaðt það sé með vöruna,“ segir Ragna. Hvert einasta skref framleiðslunnar sé heillandi, alveg frá umhuggu bónans við fuglinn á varptíma, dúnþekjunni sjálfri, framleiðslunni og að lokum samskiptunum við kaupendurna.

Sængur til Svalbarða og Nígeríu

Öll salan fer í gegnum vefverslunina á icelandicdown.com. Þar má sjá að ódýrustu fullorðinssængurnar kosta tæpa hálfa milljón með minnstu fyllingunni, á meðan þær stærstu og þykstu kosta að aðra milljón. Ragna segir flest verin vera úr bómull, en eitthvað sé um að viðskiptavin panti silksængur. Árleg framleiðsla sé nálægt þrjú hundruð einingum, hvort sem um ræðir sængur eða kodda og er mest selt til Bandaríkjanna. Þó komi viðskiptavinir hvaðanæva að úr heiminum og segist Ragna meðal annars hafa sent sængur til Svalbarða og Nígeríu.

Ekki bóndi sjálf

Ragna kynnti sér íslenska dúnframleiðslu þegar hún lagði stund á MBA-nám. Sjálf kveikjan að stofnun fyrirtækisins Íslensks dúns ehf. var hins vegar heimsókn Rögnum til Ólafs Ádalsteinsonar og Jóhönnu Óladóttur, æðarbænda í Loðmundarfirði, nokkrum árum síðar. Þar gengu þau með henni um varpið og sýndu hvað þau væru að gera. Þá sögðu þau Rögnum frá því að Íslendingar hafi meira og minna flutt allan æðardún út sem hrávöru. Það sé merkilegt í ljósi þess að megnið af öllum æðardún í heiminum verði til á Íslandi og spurði hún sig hvort ekki væri rétt að fullvinna afurðina hér tildeindis.

Ragna er úr Reykjavík og segist ekki hafa verið með bein tengsl við Borgarfjörð eystri, heldur hafi hún fallið fyrir firðinum og í framhaldi af því hafi hugmyndin um dúnængurnar komið. Hún, ásamt fjólskyldu sinni og áðurnefndum æðarbændum í



Ragna Óskarsdóttir.

Loðmundarfirði, stofnaði Íslenskan dún ehf. árið 2019 og er nú búsett á Borgarfirði eystri þar sem hún er með alla sína starfsemi. Hún segist hafa komið við en hennar bakgrunnur sé úr viðskiptum. Hún er ekki æðarbondi sjálf, heldur kaupir Ragna allan dún sem notaður er í framleiðsluna.

„Það skemmtilegasta sem ég geri er samt að fá að hjálpa til í varpinu,“ tekur hún fram. Til að byrja með hafi allur æðardúnninn komið úr Loðmundarfirði, en núna skipti hún við um það bil áttu til tíu æðarbændur sem eru flestir af Austurlandi.

Ferill dúnins

Farlið á framleiðslunni byrjar samkvæmt Rögnum þannig að bændurnir tína dúninn og þurrka. Eftir grófhreinsun heima á bæjum sé hann sendur á hreinsunarstöðvar þar sem dúninn er hitaður og síðan vélreinsaður. Þá sé hann fjaðratíndur í höndum og að lokum þveginn og þurkaður áður en starfsfólk Íslensks dún tekur við honum. „Dúninn og verin koma hingað og hér verða sængurnar til,“ segir Ragna. Verin komi forsaumuð erlendis frá þar sem ekki séu til vélar sem geti útbúið þau á Íslandi. Starfsfólk blási dúninum í hólf í verunum með þar til gerðum vélum og eru fjögur og hálf starfsgildi hjá fyrirtækini.

Leikskólinn varð Dúntún

Heimilisfang Íslensks dúns ehf. er Dúntún á Borgarfirði eystri. Aðspurð út í tilkomu þess nafns segir Ragna engin götuheit og húsúmer vera í bænum, heldur beri öll hús ákveðið heiti. Húsið hýsti áður leikskóla þorpsins og hét einfaldlega Leikskólinn.

„Það var alveg vonlaust að halda því nafni áfram. Þá fékk góður maður í bænum þá hugmynd að húsið að heiti Dúntún,“ segir Ragna. Auðsótt mál hafi verið að gefa húsinu nýtt nafn.

Alpafegurð & Portorož

25. júlí – 4. ágúst 2024

Fararstjórn: Hólmsfriður Bjarnadóttir

Verð 392.800 kr. á mann í tvíbýli

Upplifðu alpafegurð í Filzmoos í Austurríki og dýrðardaga í Portorož í Slóveníu! Farið verður í spennandi dagsferðir m.a. til Hallstatt við Hallstättersee sem er með fallegustu stöðum Salzkammergut, til Rovinj við Istríaströndina og siglt til töfrandi bæjanna Izola og Piran.

Örfá sæti laus!

Allir geta bókað sig í Bændaferð - baendaferdir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Siðumula 2 • 108 Reykjavík



Aðalfundarboð og málþing



Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) verður haldinn á Hótel Natura,

Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík, salur 4 & 5 á 1. hæð, fimmtudaginn 18. apríl n.k. og hefst klukkan 13:30.

Dagskrá:

- 1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
- 2. Önnur mál.

Málþing:

Friðlýsingar, stefna, ávinnungur, framkvæmd.

Frummælendur:

- Guðlaugur Þór Þórðarson, Umhverfis – og auðlindaráðherra,
- Gísli Guðmundsson, Hömluholti,
- Hanna Valdís Guðjónsdóttir, Sólvolldum,
- Almennar umræður og fyrirspurnir.

Í stjórn LiÍ.

Óskar Magnússon, Sámstaðarbakka, form.
Sigurður Jónsson, Eyvindartungu,
Guðrún María Valgeirsdóttir, Reykjahlíð,
Sigríður Ólafsdóttir, Víðidalstungu,
Erlendur Ingvarsson, Skarði.



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán.-fös. Kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Slátturóbotar

- Víralaus og hælalaus
- Róbotar með sláttugetu frá 600 – 36000 m²
- Einföld uppsetning í appi
- Öllu stjórnað í gegnum “skýið”
- Gæðamerki með uppruna frá Þýskalandi



Kress KR160E.A Mission RTK
– 600 m², halli 22°



Kress KR171E Mission RTK
– 1500 m², halli 22°



Kress KR172E.A Mission RTK
– 3000 m², halli 22°



Kress KR173 Mission RTK
– 5000 m², halli 22°



Kress KR236E Mission Mega RTK
– max 36000 m², halli 22° aðeins 22kg



Enn meira úrval inn á haverslun.is
Einnig alltaf heitt á könnunni í Víkurhvarfi 4

Ný kynslóð 60v rafmagnsverkfæra



Markmið breytinganna á búvörulögum er að gera kjötfurðastöðvum kleift að hagræða í slátrun og kjötvinnslu svo greiða megi bændum herra afurðaverð.

Teikning / Hlynur Gauti

Heimild kjötfurðastöðva til sameiningar og samstarfs

– Ætlað að leiða til hagræðingar í rekstri til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur

**Sigurður Már
Harðarson**
smh@bondi.is



Alþingi samþykkti 21. mars sl. breytingu á búvörulögum sem felur í sér undanþáguheimild sláтурhúsa og kjötfurðastöðva frá samkeppnislögum til samstarfs og sameiningar.

Skiptar skoðanir eru meðal hagaðila á breytingunum. Samtök bænda og afurðastöðva í landbúnaði hafa fagnað þeim og telja að þær geti leitt til hagræðingar í greininni til hagsbóta fyrir bændur, afurðastöðvar og neytendur. Í umsögnum Samtaka verslunar og þjónustu, Félags atvinnurekenda, Neytendasamtakanna, VR og Samkeppniseftirlitsins var hins vegar varað við breytingunum og

þær talðar leiða til verðhækkaná á kjötvörum og aukinnar verðbólgu.

Gengið lengra í heimildum til samstarfs

Breytingarnar nú á búvörulögum ganga að vissu leyti lengra í heimildum til samstarfs og sameininga en frumútgáfa Svandísar Svavarssdóttur matvælaráðherra gerði ráð fyrir þegar frumvarp hennar var lagt inn í Samráðsgátt stjórnavalda í desember árið 2022. Þá var gert ráð fyrir heimild afurðastöðva í slátrúnaði til að stofna og starfækja saman félag um flutning sláturgripa, slátrún, birgðahald og frumvinnsluafurða, að tilteknun skilurðum uppfylltum. Til dæmis var þá gert að skilyrði að slík starfsemi væri í sérstökum félagi til að tryggja aðskilnað frá annarri

starfsemi og þannig stefnt að því að afmarka með skýrum hætti þá þætti sem heimild er að hafa samstarf um.

Það frumvarp átti raetur að rekja til tillagna spretthópsins frá því í júní það ár, sem matvælaráðherra kallaði eftir vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi.

Fallið frá fyrsta frumvarpi

Frá því frumvarpi var hins vegar fallið í byrjun árs 2023 eftir samráðsferlið og sú skýring gefin í ráðuneytinu að alvarlegar athugasemdir hefðu verið gerðar við efnið frumvarpsins. Einkum var tiltekið að Samkeppniseftirlitið teldi þá undanþágu frá samkeppnislögum, sem lögð var til í frumvarpinu, mögulega fara gegn ákvæðum EES-samningsins. Auk þess gengi sú undanþága mun lengra en viðgangist



Pórarinn Ingi Pétursson. Mynd / HKr.

í nágrannalöndum og hætta væri á að hagsmunir kjötfurðastöðva fær ekki saman við hagsmuni bænda.

Í umsögnum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Samtaka fyrirtækja í landbúnaði var talin þörf að ganga lengra og heimila samvinnu afurðastöðva án stofnumar á sérstökum sameiginlegu félagi, sem er svo raunin í nýsamþykktum breytingum á búvörulögum.

Hagræðing leiðir til herra afurðaverðs

Breytingarnar sem samþykktar voru fyrir pásku eiga sér því nokkra forsögu, en grundvallarhugmyndin er sú að með möguleikum á hagræðingu í rekstri slátrúnaði sé hægt að draga úr kostnaði við slátrun og vinnslu á kjötfurðum og þar með greiða bændum herra afurðaverð. Skýrsla Deloitte frá apríl 2021, sem unnin var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um fjárhagslega greiningu á núverandi stöðu og möguleikum til hagræðingar afurðastöðva í kjötvinnslu, leiddi í ljós að samþjöppun afurðastöðva í slátrun sauðfjár og stórgripa gæti leitt til rekstrarhagræðingar á bilinu 0,9 til 1,5 milljarða króna á ári. Að auki losi það samþjöppun um fjárbindingu og lækki fjárfestingabörf til framtíðar.

Þá hefur í rökstuðningi fyrir slíkum breytingum verið bent á fordæmi mjólkuriðnaðarins en afurðafyrirtæki í þeim geira fengu sambærilega undanþágu árið 2004, með breytingu á búvörulögum. Í skýrslu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði árið 2014, Árangri skilað til neytenda og bænda, var árangurinn metinn af hagræðingunni í kjölfar breytinganna. Þar kom fram að kostnaðarhagræðingin næmi þremur milljörðum króna samanlagt á árunum 2003 til 2013,

“ ... segir Pórarinn að þegar þau mál voru skoðuð betur hafi einungis þrjú félög í slátrun og vinnslu á Íslandi uppfyllt þau skilyrði; Ísfugl, Matfugl og Stjörnugrís.”



PESSI STÓRA VÉL GENGUR EKKI ÁN PESSARAR LITLU SÍU

Með endingargóðum varahlutum lágmarkar þú stopptíma.

HAFDU SAMBAND Í SÍMA 580 0110 EÐA PON@PON.IS
EÐA HEIMSÓTTU OKKUR AÐ SELHELLU 3, 221 HAFNARFIRÐI.

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

metið á verðlagi ársins 2013. Þannig hefðu tveir milljarðar skilað sér til neytenda í lægra vöruberði og einn milljarður til bænda í herra afurðaverði sem ekki birtist í herra vöruberði á markaði. Þess ber þó að geta að heildsöluverð á grunflokkum mjólkurvara er ákváðað opinberlega samkvæmt ákvörðunum verðlagsnefndar búvöru.

Breytingartillaga meirihluta atvinnuveganefndar

Um miðjan nóvember síðastiðinn lagði matvælaráðherra fram nýtt frumvarp til breytingar á búvörulögum með sérstökum kafla um framleiðendafélög. Þar var skilyrt að einungis félög í meirihluta eigu frumframleiðenda (bænda) yrðu undanþegin ákvæðum 10. og 12. greina samkeppnislagra, til samstarfs. Málið var tekið til fyrstu umræðu 21. nóvember og gekk síðan til atvinnuveganefndar sem kallaði eftir umsögnum og tók það til frekari umfjöllunar.

Frumvarpið var svo lagt fyrir Alþingi á ný 18. mars, með nefndaraliti og breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Þar segir að fylgt sé eftir þeim markmiðum búvörulaga að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Síðan var það tekið til annarrar umræðu 19. mars þar sem Pórarinn Ingi Pétursson, formaður nefndarinnar, sauðfjárbondi á Grund í Grýtubakkahreppi og þingmaður Framsóknarflokksins, var framsögumaður nefndarinnar. Hann segir að breytingatillaga

nefndarinnar hafi að efni og markmiði verið sambærilegt því frumvarpi sem matvælaráðherra lagði fram í nóvember.

Spurður út í breytingarnar á frumvarpinu á milli fyrstu og annarrar umræðu, að vikið hafi verið frá skilyrðum um meirihlutaeign bænda í framleiðendafélögum, segir Þórarinn að þegar þau mál voru skoðuð betur hafi einungis þrjú félög í slátrun og vinnslu á Íslandi uppfyllt þau skilyrði; Ísfugl, Matfugl og Stjörnugrís. Það hafi komið fram í gógnum Samkeppniseftirlitsins við meðferð málssins hjá atvinnuveganeftnd.

Undanþágan nær yfir félög í slátrun og vinnslu

Því hafi meirihluti nefndarinnar lagt til breytingu á frumvarpinu fyrir 2. umræðu, með nefndaraliti, þannig að undanþágukvæðin nái yfir allar kjötafurðastöðvar sem sinna slátrun og framleiðslu kjötafurða í stað framleiðendafélaga sem eru eingöngu í meirihlutaeigu bænda. „Við vinnslu málssins í nefndinni kom í ljós að við náðum ekki utan um sauðfjár- og nautgripabændur. Þess vegna var það víkkað út,“ segir Þórarinn.

Í nýsamþykktum breytingum á búvorulögum segir að „til framleiðendafélaga teljast aðeins félög sem eru fyrstu framleiðendur kjötafurða og afleiddra afurða og annast slátrun og/eða vinnslu kjötafurða og afleiddra afurða.“ Þórarinn segir alveg skýrt að löginn nái einungis yfir félög sem sinni slátrun og vinnslu. „Afurdastöð sem ekki er í slátrun en bara vinnslu, fellur ekki undir undanþágukvæðin,“ segir hann.

Í lögunum er kveðið á um að skýrt skuli taka fram í samþykktum félags sem starfar sem framleiðendafélag, að tilgangur þess sé að starfa sem framleiðendafélag til samræmis við nýja undanþágukvæði búvorulaga (71. greinar A).

Samkeppnin kemur erlendis frá

Þrátt fyrir heimildina í búvorulögnum, um undanþágu kvæða til samstarfs og sameiningar, þá segir Þórarinn að það eigi ekki við um rekstrarsamstæður eins og til að mynda Kaupfélag Skagfirðinga og Slátfélag Suðurlands. Hins vegar sé hægt að stofna sérstakt félag utan um slátrunar- og vinnsluhluta þessara félaga sé vilji til að hagræða með öðrum svipuðum félögum á þeim vettvangi. Verið sé að gefa faðri á sliku en alls ekki sé hægt að slá því föstu að mikil fákeppni verði í þessum geira á næstu árum.

„Eitt mikilvægasta atriðið í þessu öllu er auðvitað að helsta samkeppnin á kjötmarkaði Á Íslandi kemur erlendis frá. Tilgangur breytinganna núna er svo að gera innlendum framleiðendum fær að hagræða í sínum rekstri, skipta með sér verkum og sameinast – allt til að ná niður kostnaði í þeirri baráttu sem þeir standa í. Gríðarleg fækken hefur verið í slátrun á lömbum og því er nýting á slátruhúsum mjög léleg,“ segir Þórarinn.

Samráð við nefndarsvið Alþingis

Í 3. umræðu var gagnrýnt harðlega af stjórnarandstöðuþingmönnum að málid hefði í grundvallaraðriðum breyst, að undanþágukvæðið hefði verið útvíkkað og næði til kjötafurðastöðva í öllum búgreinum og því bæri að tak að málid aftur upp í atvinnuveganeftnd og kalla á ný eftir umsögnum um nýtt mál.

Sú gagnrýni hafði einnig komið fram í umsögn Samkeppniseftirlitsins sem barst atvinnuveganeftnd eftir 2. umræðu ásamt umsögnum frá nokkrum samtökum og félögum.

Taldi Samkeppniseftirlitið að með þeim breytingartillögum sem komu frá meirihluta nefndarinnar hafi efnisákvæði upphaflegs



Til framleiðendafélaga teljast aðeins félög sem eru fyrstu framleiðendur kjötafurða og afleiddra afurða og annast slátrun og/eða vinnslu kjötafurða.

frumvarps verið endurskrifuð að öllu leyti. Væri í raun um að ræða nýtt frumvarp sem hefði mun víðtækari áhrif en upphaflega frumvarpið. Í

umsögninni er einnig gagnrýnt að kjötafurðastöðvum verði heimilt að sameinast án takmarkana, sem ekki hafi verið í upphaflegu frumvarpi og engin dæmi séu um í nágrannalöndunum.

Þórarinn segir að það hafi verið farið mjög vel yfir það hvort það byrfti að senda þetta aftur út til umsagnar og niðurstaðan hafi verið sú að þess gerðist ekki þörf, að höfðu samráði við nefndarsvið Alþingis, þar sem þetta væri í raun ekki nýtt mál.

Skilyrði við nýtingu á undanþáguheimildinni

Þótt Samkeppniseftirlitið telji að engar beinar takmarkanir séu á sameiningum kjötafurðastöðva eru í lögunum sett skilyrði við nýtingu framleiðendafélaga

á undanþáguheimildinni til sameiningar eða samvinnu. Þannig skuli þær „safna afurðum frá framleiðendum á grundvelli sömu viðskiptakjara, selja öðrum vinnsluaðilum afurðir til frekari vinnslu á grundvelli sömu viðskiptakjara og dótturfélögum eða öðrum félögum sem framleiðendafélag hefur yfirráð yfir.“

Einnig megi „ekki setja skorður við því að framleiðendur færí viðskipti sín til annars aðila, tryggja öllum framleiðendum rétt til að eiga einungis viðskipti við framleiðendafélag um afmarkaða þætti, svo sem slátrun og hlutun.“ Þá er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið skuli fara með eftirlit með framkvæmd þessara skilyrða.

Framhald á næstu síðu.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



RANGÁRPING
EYSTRA

Samkvæmt 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Eystra-Seljaland – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum að Eystra-Seljalandi, L163760. Stærsti byggingarreiturinn gerir ráð fyrir veitinga- og hótelbyggingu á tveimur hæðum og allt að 2.500 m² og hámarkshæð mænis er 10,5 m. Einnig verður heimilt að byggja starfsmannahús með 40 íbúðum og sex gestahúsum sem verði allt að 150 m² að stærð og hámarkshæð mænis verði 5,5 m.

Bergþórugerði – nýtt deiliskipulag

Lagt er til að gerð verði breyting á deiliskipulagi í Bergþórugerði á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að íbúðum í götunni er fjölgæð úr 40 í 84. Gert er ráð fyrir 46 íbúðum í 2ja hæða fjölbýlishúsum með risi, 6 íbúðum í þremur parhúsum með risi og 22 íbúðum í einbýlishúsum, þar af 3 á tveimur hæðum með risi og 10 íbúðum í 2ja hæða raðhúsum með risi. Hámarks mænishæð er 7,5m.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt

Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 2.apríl 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 15. maí 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagi í Rangárþingi eystra.

Eystra-Seljaland –

breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jörðinni Eystra-Seljaland, L163760 þar sem 26 ha. verður breytt úr Landbúnaðarland (L) í verslun- og þjónustu (VP).

Bergþórugerði – breyting á aðalskipulagi

Verið er að breyta fjölda íbúða úr 40 í 90 við Bergþórugerði á Hvolsvelli (ÍB9). Skipulagssvæðið helst óbreytt.

Butra – breyting á aðalskipulagi

Tillagan gerir ráð fyrir að um 25 ha. svæði úr landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í skógræktarsvæði.

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 2. apríl 2024 með athugasemdarfrest til og með 15. maí 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Framlengdur auglýsingarfrestur. Samkvæmt 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Álfavatn – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan nær til tveggja byggingarreita B1 og B2 í landi Álfavatns, L198192. Á byggingarreit B1 verður heimild fyrir 300 m² íbúðarhús, 500 m² hesthús og 500 m² skemmu. Hámarkshæð mænis verður allt að 8 m. Á byggingarreit B2 verður heimilt að byggja sex 80 m² gestahús og hámarks mænishæð verður 5 m. Tillagan gerir einnig ráð fyrir 3 ha. skógræktarsvæði við B2.

Barkastaðir – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingareitum, annars vegar 4.000 m² hótelbyggingu fyrir 90 gesti og hins vegar 1.500 m² starfsmannahús með möguleika á fastri búsetu. Hótelbyggingin skal vera á tveimur hæðum og allt að 11 m. miðað við golfkóta jarðhæðar. Starfsmannahús erin á einni til tveimur hæðum og mænishæð allt að 7 m.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 27.mars 2024 með athugasemdarfrest til og með 27. mars 2024.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 9.maí 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Barkastaðir – breyting á aðalskipulagi

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha. landi úr Barkastöðum sem er landbúnaðarland (L2) í verslunar- og þjónustusvæði (VP) undir hótel sem rúmar 90 gesti.

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 27.mars 2024 með athugasemdarfrest til og með 27. mars 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Opið hús skipulags- og byggingarfulltrúa verður þann mánuðaginn 6. maí frá kl. 10:30 til kl. 13:00 þar sem hægt er að kynna sér ofangreindar tillögur.

**F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsvæðs Rangárþings eystra**

Þórarinn bendir svo á að þrátt fyrir að framleiðendafélög verði undanskilin tilteknunum ákvæðum samkeppnislagu um sameiningu og samvinnu, þá gildi áfram ákvæði 11. greinar um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Ekkert aðhald varðandi verðlagningu

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins kom fram að allar líkur væru á því að þessar breytingar myndu leiða til þess að verð á kjötvörum til neytenda hækkaði. Kjótafurðastöðvum verði veitt fullt sjálfdæmi um verðlagningu til bænda, smásala og neytenda.

Það aðhald sem bændur geti sýnt viðsenjendum sínum, meðal annars til að stuðla að ásættanlegu afurðaverði eða framþróun greinarinnar að öðru leyti, minnki eða hverfi.

Þannig sé ekki gert ráð fyrir að annars konar aðhald komi í staðinn fyrir þá krafta samkeppninnar sem banninu við samræði og eftirliti með samrunum sé ætlað að vernda.

Til dæmis sé ekki gert ráð fyrir opinberri verðlagningu, líkt og í mjólkurframleiðslu.

Góð reynsla af sameiningu Norðlenska og Kjarnafæðis

Þórarinn segir fólk eðlilega sprýra sig hvort fækkan afurðastöðva á markaði muni ekki leiða til fákeppni og hærra vörugerðs til neytenda. „En þá er rétt að benda á, að þegar framleiðendafélögum er gert mögulegt að þetta raðirnar og standa saman þá sé þeim um leið gert betur mögulegt að sækja fram í vörugerðum og nýsköpun og veita innfluttu kjötinu samkeppni í verði í einhverjum vöruflokum. Þég ekki vel til farsæls sameiningarferils Norðlenska og Kjarnafæðis, þar sem tvö fyrirtæki hvort sínun megin við Pollinn í Eyjafjörðum kepptu á þessum örmarkaði með fleiri hundruð vörunúmer.“

Bændasamtök Íslands bentu á mögulegan ávinnung með hagræðingu og endurskipulagningu í rekstri innlendra sláturleyfishafa í sinni umsögn eftir 2. umreðni. Benda þau að nýting slátruhúsa hafi verið metin 61 prósent í sauðfjárlátrun og 31 prósent í slátrun stórgripa á árinu 2020 – og talið sé að sú nýting hafi lækkað enn frekar á síðustu árum. Þau telja að sú útfærsla sem lögð sé til í nefndarálitinu varðandi



Þrátt fyrir að framleiðendafélög verði undanskilin tilteknunum ákvæðum samkeppnislagu um sameiningu og samvinnu, þá gildir áfram ákvæði 11. greinar um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Mynd / BBL

heimildir til samstarfs vegna vinnslu, pökkunar, flutnings og í fleiri atriðum séu efnislega sambærilegar því sem þekkist í viðmiðunarlöndum. Auk þess sem með þeim sé fylgt markmiðum búvörulaga að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu, vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Það sé því einhuga afstaða stjórnar samtakanna að styðja við frumvarpið og mat hennar að samþykkt frumvarpsins feli í sér mikla hagsmuni fyrir bændur, neytendur og afurðageirann.

Opinber verðlagning

Með breytingunum á búvörulögum nú er verið að færa kjötiðnaðinn í átt að fyrirkomulaginu í mjólkuriðnaði. Þar var undanþáguákvæði sem fyr segir sett inn í búvörulögum árið 2004 og ákvæði um opinbera verðlagningu á afurðaverði til bænda og heildsöluverði á mjólkurvörum til neytenda.

Í búvörulögum eru ákvæði um hlutverk verðlagsnefndar búvöru sem bæði ákvarðar verð í mjólkuriðnaðinum og kostnað við framleiðslu á nautgripa-, kinda- og svínakjöti, samkvæmt gefnum



Águst Torfi Hauksson.

forsendum í verðlagsgrundvelli.

Bændur og samtök bænda mega ekki semja um afurðaverð. En samtökum sauðfjárbænda er heimilt að gesa út viðmiðunarverð sem afurðastöðvum ber hins vegar engin skylda til að taka mið af.

„Við í meirihluta atvinnuveganefnar töldum ekki þörf á því að skoða verðlagningu á kjótafurðum að svo stöddu, en möguleiki á slíkum breytingum er auðvitað til staðar í búvörulögum,“ segir Þórarinn.

Lifa af því að þjónusta bændur

„Auðvitað er alltaf einhver hætta til staðar að afurðaverð muni ekki

„... ég held að hagræðingaraðgerðir muni einmitt gera aðilum kleift að standa fastar á bremsunni hvað varðar verðhækkanir frekar en hitt ...“

verða ákjósanlegt til bænda, þrátt fyrir þessar breytingar,“ heldur Þórarinn áfram. „En þá minni ég að fyrirtækin lifa á því að þjónusta bændur og þurfa á því að halda að bændur bæti í við sína framleiðslu – bara til að geta lifað. Þó við séum ekki með bæði belti og axlabönd í þessum málum, þá getum við alltaf gripið til aðgerða. Best væri ef fyrirtækin horsfu til þess að bændur þurfa að fá hærra verð fyrir sínar afurðir og við gerum í raun kröfu til þess með því að veita þeim þessa undanþáguheimild.

Við sjáum það að forysta bænda hefur fagnað þessu skrefi, en tilgangurinn er fyrst og fremst sá að ná að hagræða í þessum rekstri til að geta borgað bendum hærra verð í stað þess að þurfa að ryðja þessum aukna kostnaði út í verðlagið. Auðvitað geta alltaf komið upp einhverjur vankantar sem snúa að verðlagi en þá eru þessi ákvæði í búvörulögum sem hægt er að vinna með ef á þarf að halda,“ segir Þórarinn.

Reynslan metin fyrir árslok 2028

Í breytingunum á búvörulögum er að finna bráðabirgðákvæði, þess efnis að fyrir lok árs 2028 skuli ráðherra flytja Alþingi skýrslu þriggja óháðra sérfraðinga á svíði hagfraeli og samkeppnisrekstrar um reynsluna af framkvæmd undanþágureglu 71. gr. A. Skuli þar vera metin áhrif hennar, meðal annars með hliðsjón af markmiðsákvæðum laganna. Meta skal sérstaklega hver ávinnungur bænda og neytenda hafi verið.

Hagræðing sem skilar sér til neytenda og bænda

Águst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæði Norðlenska, segist hlynntur breytingunum og telur líklegt að þær skili bendum og neytendum betri kjörum.



Steinþór Skúlason.

„Við höfum helst horft til skýrslu Deloitte frá 2021 um væntan fjárhagslegan ávinnung kerfisins í heild af þeim heimildum sem felast í þessum breytingum. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni innlendar framleiðslu á markaði á sama tíma og bændur hafi ásættanlega afkomu af sínum rekstri þannig að eðileg nýliðun og endurnýjun eigi sér stað. Hygg að hagræðingin muni skila sér að langstærstu leyti til neytenda og bænda.“

Um möguleg áhrif breytinganna á Kjarnafæði Norðlenska og aðrar kjótafurðastöðvar segir Águst mikilvægt að farið verði í aðgerðir til að minnka fjarbindingu, auka afköst og sérhæfingu. „Nú er það verkefni forvarsmanna og stjórnar afurðastöðvanna að vinna hratt og örugglega að hagræðingu og kostnaðarlækkunum.“

Aðhald vegna samkeppni erlendis frá

Varðandi þá hættu að breytingarnar muni leiða til of mikillar samþjöppunar í rekstri afurðastöðva sem leiði til fákeppni, segir Águst Torfi að í lögunum séu skilyrði sem þau félög sem nýta sér heimildir laganna verði að undirgangast.

„Mér sýnist við fyrstu sýn að þau skilyrði séu til þess fallin að gera bendum kleift að veita afurðastöðvunum aðhald. Varðandi fákeppnina þá er það nú þannig að greininni er veitt verulegt aðhald vegna samkeppni erlendis frá og við eru ekki að vinna hér í neinu tómarumi.“

Hann telur það rangt sem ýmsir hagaðilar hafa haldið fram að kjötvöruverð muni hækka. „Ég hef ekki áhyggjur af þessu, ég held að hagræðingaraðgerðir muni einmitt gera aðilum kleift að standa fastar á bremsunni hvað varðar verðhækkanir frekar en hitt.“


Miklir möguleikar til hagræðingar

Steinþór Skúlason, forstjóri Slátráfélags Suðurlands, segir að kjótafurðastöðvar hafi ekki gert neinar sameiginlegar hagræðingaráælanir, því þær hafi ekki mátt ræða saman á þeim nótum fram til þessa.

„Hver hefur eflaust hugmyndir fyrir sig en nú er hægt að hefja samtalið og ræða eins og áhugi er til. Ég sé mikla möguleika til hagræðingar og laekkunar á kostnaði, einkum í sauðfjár- og stórgripaslátrun. Lækkun sem mun skila sér til bænda og neytenda. Innflutningur er um 30% af heildarmarkaði af nauti og svini og samkeppnin fyrst og fremst við erlenda aðila og að geta skilað bendum viðumandi verði svo að framleiðsla innanlands dragist ekki saman,“ segir Steinþór.

Hann sér enga hættu á að fækkun eininga leiði til þess að reynt verði að misnota stöðuna til að hækka verð umfram það sem eðilegilt er. „Ef það verður gert þá eykst innflutningur og/eða dregur úr framleiðslu bænda. Við fyrstu sýn sé ekki einhverjar hættur sem ber að varast.“

Þvottavélar og burrkurar fyrir stærri notendur



DOMUS

Síðan 1922 - glæsileg hönnun og sérstaklega hljóðlátar - alvöru vélar með snertiskjá.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar

Þvottahús • Hótel • Gistiheimili • SPA
• Hreingneringarþjónusta • Snýrtistofur
• Hjúkrunar- og dvalarheimili • Rannsóknarstofur
• Leikskólar • Clinics • Fjölbýlishús • Hostels •
Skólar • Minni iðnaðarfyrirtæki • Líkamsræktarstöðvar

Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

Bændablaðið
www.bbl.is



MUNA
VÍTAMÍN

ÚRVAL ÖRUGGRA LAUSNA FYRIR ÞÍNAR FRAMKVÆMDIR

Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim. Skoðaðu fjölbreytt úrval á heimasíðunni okkar www.vpallar.is eða kíktu í heimsókn á Vagnhöfða 7



VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is



Í Breiðargerði stundar Elínborg Erla meðal annars ræktun hindberja, erta og gulróta. Einnig má finna grænmetisbollur úr matarsmiðju býlisins.

Myndir / Aðsendar

Lífrænn búskapur:

Elínborg í Breiðargerði nýr formaður

– Spennandi tímar fram undan og krefjandi verkefni við að vinna að framgangi greinarinnar

Elínborg Erla Ásgeirs dóttir, garðyrkjubóni í Breiðargerði í Skagafirði, er nýr formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu.

Elínborg keypti landið árið 2015 en þá hafði enginn búskapur verið á jörðinni frá árinu 1975 og enginn teikja eða húsakostur. Hún hefur frá 2016 stundað mest útiræktun grænmetis og selt í verslunum í nágrenninu og nýlega einnig beint frá býli úr eigin sveitabúð. Vörurnar frá Breiðargerði hafa verið vottaðar lífrænar frá árinu 2020, en hún selur bæði ferskt grænmeti og eins vinnur hún úr því ýmsar sækjaravörur.

Hún segir að spennandi tímar séu fram undan og krefjandi verkefni, en matvælaráðuneytið birti í nóvember aðgerðaráætlun um eflingu lífrænnar matvælaframleiðslu á Íslandi. „Ég er mjög þakklat fyrir traustið sem mér er sýnt og ætla mér að vinna eins vel að framgangi greinarinnar og mér er unnt. Egló [Björk Ólafsdóttir] hefur sinnt þessu starfi af ótrúlegum krafti undanfarin ár og verður seint fullþakkað fyrir hennar vinnu í þágu samtakanna og lífræna geirans í heild,“ segir Elínborg.

Lífrænir framleiðsluhættir sjaldan átt betur við

Ísland hefur dregist aftur úr nágrennalöndunum hvað varðar framleiðslu á lífrænt vottuðum matvörum; hér er mun lægra hlutfall landbúnaðarlands með lífræna vottun en í flestum öðrum Evrópulöndum og margt bendir til að markaðshlutdeild lífrænnar framleiðslu hér á landi sé einnig minni, þótt nákvæmar upplýsingar liggi ekki fyrir um stöðu málá. „Með þessari aðgerðaráætlun var að mínu mati stigið mjög stórt skref í rétta átt og mikilvægt að áætlunin verði fjármögnum og komi til framkvæmdar eins fljótt og mögulegt er.

Lífrænir framleiðsluhættir hafa sjaldan átt betur við en einmitt núna. Við erum að átta okkur á að ein mikilvægasta aðgerð nútímans er að stuðla að sjálfbærni. Við erum með jörðina og auðlindir hennar að láni hjá komandi kynslóðum og okkur ber skylda til þess að skila henni að okkur í eins góðu ástandi og hægt er.

Petta þarf alls ekki að þýða stöðnum, yfirlýstur vilji og aðgerðir til þess að huga að þessum þáttum



Elínborg Erla Ásgeirs dóttir.

og gera eins vel og við getum kemur okkur ansi langt. Mér finnst ég stundum upplifa rangar hugmyndir og jafnvel fordóma gegn lífrænni ræktun og framleiðslu, en ég held jafnframt að oftast séu þær skoðanir að fálfaldlega á misskilningi byggðar.

Til dæmis raddir þess efnis að um gamaldags og úreltar aðferðir sé að ræða. Virkt samtal milli allra greina hlýtur að vera besti kosturinn, að við mætumst með opnum hug og það sjónarmið að leiðarljósi að geta lært hvert af öðru.“

Ályktanir aðalfundar

Eftirfarandi tvær ályktanir voru samþykktar á aðalfundi VOR.

1. Aðalfundur VOR haldinn 21. mars 2024 gerir kröfu um að eiga beina aðild að komandi búvörusammingum þar sem samið verður um stuðning m.a. fyrir lífrænan landbúnað. Aðalfundur leggur til að sérstakur samningur verði gerður um lífrænan landbúnað og stuðningsgreiðslum við hann sé haldið aðskildum frá öðrum stuðningi við landbúnað á Íslandi.

2. Aðalfundur VOR haldinn 21. mars lýsir vonbrigðum með afgreiðslu Búnaðarpings á málí er varðar stefnumótun í kornrækt. Félagið undirstríkar mikilvægi þess að í því átaki sem fara á fram til að efla kornrækt á Íslandi verði lögð áhersla á ræktunaraðferðir sem stuðla að sjálfbærri þróun og líffræðilegri fjölbreytni.

EEA/ESB+EFTA hafa lagt mikla og vandaða vinnu í að breyta landbúnaðarkerfum í átt til vistvænni aðferða. Það er gert með hagsmuni neytenda og umhverfisins í forgrunni. Að auki er MAR að vinna að innleidiðingu aðgerðaráætlunar til að stóruka hlut lífrænnar framleiðslu á Íslandi, en fáar framleiðslu-aðferðir hafa meiri samhljóm með gildum sjálfbærarrar þróunar.

Það er því með ólíkindum að Búnaðarping og beir fulltrúar bænda sem þingið sitja hafi ekki kjark til að fjalla um tillögu að stefnumótun í kornrækt sem snýst um að laga stefnuna að áherslum EEA og MAR í umhverfismálum.

Þar missti Búnaðarping af mikilvægri umræðu um þróun í átt að sjálfbærari búskaparháttum en ríkjandi eru í dag, búskaparháttum sem munu reynast nauðsynlegir til að tryggja framtíð íslensks landbúnaðar.

Hvorki illgressi- eða skordýraeitur

„Þegar kostir íslenskra landbúnaðarafurða eru ræddir er mikil talað um þá staðreynad að notkun eiturefna og sýklalyfja sé í lágmarki. Illgressi- og skordýraeitur er auðvitað ekki notað í lífrænni ræktun, notkun lyfja er haldið innan mjög skynsamlegra marka og gefinn er lengri útskoluartími,“ segir Elínborg.

„Lögð er áhersla á dýravelferð og meiri kröfur eru gerðar um rými og aðbúnað. Jarðvegurinn er okkar mikilvægasta auðlind og unnið er að því að auðga hann, auka kolefnisinnihald hans og jarðvegsli. Petta er til dæmis gert með því að notast við lífrænan áburð og ræktun belgjurta. Ég myndi kalla það mjög nútímalega framleiðsluhætti að nýta lífrænan úrgang sem áburðarefni frekar en líta á hann sem vandamál og jafnvel urða hann. Skiptiræktun er heldur alls ekki hugtak sem að bara

heima í lífrænum búskap, heldur mikilvægt verkfæri fyrir alla sem stunda ræktun.

Það er svo auðvitað sjálfsagður réttur neytenda að geta valið vörur sem innihalda ekki eiturefna eða misgáfuleg aukefni,“ heldur hún áfram.

Hætta sér ekki út í óvissuna

Spurð um þá stöðnum sem hefur ríkt í lífrænt vottuðri matvælaframleiðslu á Íslandi og hvað skýri þá stöðu, segir Elínborg að óvissupátturinn spili stórt hlutverk hjá þendum.

„Það er vel skiljanlegt að fólk stökkvi ekki á það að breyta sínum framleiðsluháttum til aðferða sem það hefur minni þekkingu á, að ég tali ekki um þegar fjárhagsleg óvissa ríkir almennt í samfélagini. Það er því mjög brýnt að halda áfram að auka þekkingu fólkis á því hvernig lífræn ræktun og framleiðsla virkar, að eyða óvissunni.

Þú færð rétta verkfærið fyrir vorverkin hjá okkur



PÓR H

Með þér í meira en 60 ár

Reykjavík, Akureyri og Selfossi
Thor.is s: 568 1500

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Aðgerðaáætlun stjórnvalda er auðvitað mikilvægur þáttur í þessari vegferð. Þar er til dæmis gert ráð fyrir að verkefnið Lífrænt Island haldi áfram, en það er mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf til neytenda.

Svo er mikilvægt að bæta í praktísku þættina, að tilraunir séu gerðar með lífræna áburðargjöf, tæki til illgresiseyðingar og jarðvinnslu. Þarna held ég reyndar að tækniframfarir gætu orðið sérstaklega hlíðhollar lífrænni ræktun, ég get ekki ímyndað mér að neinn velji eitur fram yfir illgresibrennslu með gervigreindarstýrðum róbóta þegar þar að kemur. Stuðningskerfið þarf svo auðvitað að taka mið af framleiðslaðferðum og stefnu stjórnvalda. Í því samhengi má benda á að rannsóknir benda til að kolefnisbinding í lífrænum jarðvegi sé mun meiri en þar sem tilbúinn áburður er notaður.“

Bein aðild að búvorusamningum

Hún leggur áherslu á að lífræna geirann þurfi að taka alvarlega, þetta séu framleiðslaðferðir sem eigi fullt erindi í nútímanum. Til þess að lífrænum framleiðendum fjölgi hraðar þurfi rödd þeirra að heyrast og hagsmunamál þeirra að ná fram að ganga.

„Á nýafstaðnum aðalfundi var samþykkt ályktun, þar sem þess var krafist að VOR fái beina aðild að komandi búvorusamningum. Við teljum það góða leið til þess að okkar grein fái teikifaði til að vaxa og dafna án þess að áherslan sé á það að aðrar búgreinar muni þá fá minna í staðinn. Það hlýtur að vera allra hugur að íslenskur landbúnaður sé sem fjölbreyttastur og að hann sé stundaður á þann hátt að ekki sé verið að takmarka tækifæri framtíðarbænda.“

Grænmetisbollur og bokashi-gerjun

„Vorið er auðvitað dásamlegur tími, fátt sem jafnast á við það.“

Ræktunin verður á svipuðum nótum og í fyrra, ég er með nokkuð fjölbreytt úrval af káli, gulrætur, rófur, hindber og svo smávegis sellerí, ertur og kryddjurtir,“ segir Elínborg spurð um tiðindi úr hennar eigin búskap.

„Þessa dagana er ég að sá og forrækta og koma gróðurhúsum og beðum í stand fyrir sumarið. Ég setti líka fyrstu pakkana af grænmetisbollum í sölu um daginn og hef fengið góð viðbrögð við þeim. Framleiðslan á bollunum er sett þannig upp að ég get undirbúið hráefnið á haustin á meðan uppskeran er á fullu, en fullvinn svo bollurnar eftir þörfum. Ég er þó enn þá að vinna í að ná ásættanlegum afköstum í framleiðslunni svo þær eru í takmörkuðu magni enn sem komið er.“

Svo er ég alltaf að reyna að læra eitthvað nýtt, prófa nýjar tegundir, yrki og aðferðir. Ég varð til dæmis þáttakandi í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður á seinasta ári og partur af minni áætlun þar er að prófa mig áfram í ræktun án jarðvinnslu og að nýta bokashi-gerjun til þess að vinna lífrænan úrgang. Mjög spennandi verkefni sem ég hlakka til að vinna áfram með, enda margt í lífrænum búskap sem vinnur vel með markmiðum um minni losun.“

Spurt og svarað um lífræna ræktun

Að lokum vill Elínborg benda fólk á að fylgjast með Facebook-síðu VOR. „Þar verðum við með viðburð 17. apríl næstkomandi á milli 16 og 18. Um er að ræða umræðuþráð þar sem áhugasamir geta sett inn spurningar um lífræna ræktun og fengið skrifleg svör í rauntíma.“

Það er öllum velkomið að senda inn spurningar, en þetta er auðvitað sérstaklega tilvalið fyrir þau sem stefna á að hefja aðlögun og saekja um aðlögunarstuðning í ár.“ /smh

Auglýsing um skipulagstillögu



Lónsbakkahverfi, hringtorg á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2024 að vísa deiliskipulagstillögu vegna hringtorgs á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar í Lónsbakkahverfi, í auglýsingu skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin á deiliskipulaginu felur í sér að á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar í Lónsbakkahverfi verður gert ráð fyrir hringtorgi með undirgöngum undir þjóðveg norðan þess.

Þá er gerð breyting á lóðamörkum aðliggjandi lóða og skipulagi lóðanna Berghóls B (L7) og Lónsbakka (L8) bætt við deiliskipulagið þar sem m.a. er gert er ráð fyrir að götutenging lóðarinnar Lónsbakka breytist á þann hátt að innkeyrsla verði framvegis yfir lóðina Berghól B og að þar verði einnig grenndarstöð endurvinnslu fyrir Lónsbakkahverfi.

Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, milli 26. mars og 7. maí 2024, á heimasíðu Hörgársveitar, www.horgarsveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 323/2024. Þeim sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er hér með gefinn frestur til 7. maí 2024 til að gera athugasemdir við tillöguna.

Hægt er að koma athugasemduum á framfæri undir málinu á vef

Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

HÚSEININGAR, GÁMAR OG GÁMALAUSNIR



Stólpi Gámar
Gámasala - Gámaleiga

Stólpi Gámar verða á Verk og vit, bæði á inni- og útisvæðinu. Kíktu til okkar og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna. Rjúkandi heitt á könnunni og jafnvel eitthvað ískalt í bollann líka.

Sjáumst á Verk og vit

í Laugardalshöll 18.-21. apríl
á innisvæði **I-1** og á útisvæði **I-1** og **I-2**

Stólpi Gámar

Eyja- og Miklaholtshreppur:

Dugar ekki að tuða við eldhúsborðið

– Sigurbjörg Ottesen er ný í sögulega ungri stjórn Bændasamtaka Íslands

Starfs- og rekstrarskilyrði, afkoma, verðlagsgrunnur, íslenskt staðfest, líðan bænda og barna þeirra eru meðal hugðarefnar Sigurbjargar Ottesen, bóna á Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshreppi. Hún var kósin í stjórn Bændasamtaka Íslands á Búnaðarþingi og ætlar að láta til sin taka í hagsmunagæslu bænda á næstu misserum.



Guðrún Hulda Pálsdóttir

gudrunhulda@bondi.is

„Frá blautu barnsbeini hef ég verið að veltast um í landbúnaði. Fædd og uppalin á sauðfjárþú undir sunnanverðu Akrafjalli, sem stendur í fallegustu sveit landsins, þar sem ég sleit barnskónum. Um margra ára skeið reynði ég að telja sjálfrí mér trú um að ég ætlaði mér ekki að starfa innan bændastéttarinnar, menntaði mig sem sjúkraliði og starfaði á bráðamóttöku Landspítalans. Ég gafst þó upp á þránum í sjálfrí mér eftir allnokkra baráttu, skráði mig til náms í búfræði á Hvanneyri og í dag er ég starfandi nautgripa- og sauðfjárþóni á Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi.

Á Hjarðarfelli rekum við Gunnar bóni minn Hjarðarfellsbúið, þar leggjum við mestu áherslu á mjólkurframleiðslu, mjólkum kyr á einum mjaltaþjóni, öllum naut og sauðfó. Við Gunnar eignum saman tvö ung börn og lagði ég tvær dömur til búsin ef svo má að orði komast.

„Mér var kennt þrennt þegar ég var barn. Það var að trúá á Guð almáttugan, Sjálfstæðisflokkinn og Slátturfélag Suðurlands ...“

Eitthvað þykist ég svo vera að vasast í sveitarstjórnarmálum og er ég oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps.“

Svo kynnti Sigurbjörg Ottesen sig fyrir Búnaðarþingi í mars síðastliðnum og var í framhaldi kósin í stjórn Bændasamtaka Íslands. Bændablaðið tök hús á Sigurbjörgu og fjölskyldu á Snæfellsnesi á dögunum og fíkk innsýn í bústörfin á Hjarðarfelli og áherslumál hins nýja stjórnarmeðlims.

„Mér var kennt þrennt þegar ég var barn. Það var að trúá á Guð almáttugan, Sjálfstæðisflokkinn og Slátturfélag Suðurlands,“ segir Sigurbjörg hlæjandi en undirstrikar



„Við eignum að geta boðið börnunum okkar upp á fjárhagslega mannsæmandi aðstæður þó að við, foreldrarnir, höfum valið okkur það starf að framleiða matvæli ofan í landsmenn,“ segir Sigurbjörg Ottesen.

Myndir / ghp

að það innlegg úr foreldrahúsum endurspegli ekki endilega lífsskoðanir hennar í dag. Sigurbjörg er ekki ókunnug félagsstörfum bænda, en hún hefur setið í stjórn búgreinadeildar nautgripabænda, áður Landssambands kúabænda, frá árinu 2020 og situr enn í stjórn deildarinnar. Hún brennur fyrir bættum hag bænda í bæði lífi og starfi og hefur reynslu frá fyrstu hendi til að byggja undir þá hagsmunagæslu.

„Ég uppgötvaði að það dugar ekkert að tuða við eldhúsborðið heima hjá sér,“ segir Sigurbjörg, innt eftir því hvað fái hana til að leggja sitt af mörkum til félagsmála. „Ég er alls ekki allra og það er bara fint. Ef ég væri allra þá stæði ég ekki fyrir neitt. Ég vil að bændur geti haft það sem best, að við fáum sanngjarnit verð fyrir þær frábæru vörur sem við erum öll að basla við að framleiða á hverjum

degi, þvert á búgreinar. Við eignum að geta boðið börnunum okkar upp á fjárhagslega mannsæmandi aðstæður þó að við, foreldrarnir, höfum valið okkur það starf að framleiða matvæli ofan í landsmenn.“

Afkomuvandi kemur niður á börnum bænda

Auðheyrt er að staða barna í sveitum landsins á hug Sigurbjargar og hjarta. Enda á hún fjóra afkomendur; Árnýju Stefaníu, 21 árs, Ernu Kristínú, 13 ára, Ástu Bryndísí, 2 ára og Jón Ággi, sem er rétt að verða 1 árs. „Ég hef mætt með þau yngri tvö á Búnaðarþing og deildarfundi á hinum ýmsu framleiðslustigum,“ segir Sigurbjörg. En að öllu gamni slepptur segir hún að sú ákvörðun að verða bóni að ekki að koma niður á börnum.

„Þau völdu ekki að fæðast úti í sveit. Mér þótti það afar mikilvægt þegar ég flutti hingað með míni tvö bónusbörn, að ég væri ekki að draga úr möguleikum þeirra til eðlilegs lífs vegna búskapar míns. Þær áttu að fá að fara í frístundir þótt þær færur fram á þessum klassísku fíosatíma og höfum við hjónin alltaf verið samtaka þar. Annað okkar keyrði, hitt mjólkáði.“

Í raðu sinni á Búnaðarþingi sagðist hún hafa orðið vitni að brottfalli barna úr tómstundum. „Við erum þá að tala um börn sem koma frá heimilum sem reiða sitt lífsviður væri á matvælaframleiðslu fyrir íbúa þessa lands.

Eina skýringin er að fólk sé einfaldlega að skera niður við sig og fjölskyldur sínar, enda erum við jú langflest ekki aðeins að verja reksturinn okkar, heldur heimilin

okkar líka. Þessa staðreynd þykir mér við öll þurfa að taka mjög alvarlega.“

Bæta þarf starfsskilyrði

Aðstæður barna í sveitum eru því óneitanlega samofin afkomu bænda. Því telur Sigurbjörg að tryggja þurfi rekstur og starfsskilyrði atvinnugreinarinnar til framtíðar.

„Staðan hefur vissulega batnað. Sprettgreiðslur og ráðuneytistjóráhópurinn gerðu helling. En við leysum ekki stöðu bænda með endalausum plástraðgerðum. Við verðum að geta komið starfsskilyrðum bænda á þann flöt að þetta gangi upp til framtíðar. Ég trúi ekki öðru en að stjórvöld vilji íslenska framleiðslu og að það séu íslenskar matvörur í hillum verslana. Til þess að svo geti orðið verður að mæta okkur einhvers staðar.

Vinnu við verðlagsgrunn í mjólkurframleiðslu miðar ágætlega svo best ég veit og við verðum að koma þeirri vinnu í gang að fá verðlagsgrunn unnninn fyrir fleiri greinar, til dæmis fyrir nautkjöt og lambakjöt og mögulega fleiri greinar.

Þá hef ég hreinlega áhyggjur af því að við bændur verðum nægjanlega mörg til að framleiða matvæli. Að hér verði nægjanlega margir sem eru tilbúnir til þess að lifa og hrerast í landbúnaði og leggja starfið fyrir sig. Þess vegna verður að bæta starfsskilyrðin og afkomuna og þá um leið að gera það að eftirsóttum kosti að vera bóni. Greiða þarf fyrir ættliðaskiptum, finna betri leiðir en í boði eru hvad fjármögnum varðar og fleira.“

Framhald á næstu síðu.



„Mér þótti það afar mikilvægt þegar ég flutti hingað með míni tvö bónusbörn, að ég væri ekki að draga úr möguleikum þeirra til eðlilegs lífs vegna búskapar míns,“ segir Sigurbjörg, sem er hér ásamt Ernu Kristínú, dóttur sinni.



Ný stjórn Bændasamtaka Íslands. F.v.: Sigurbjörg, Reynir Þór Jónsson, Axel Sæland, Petrína Þórunn Jónsdóttir, Herdis Magna Gunnarsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Trausti Hjálmarsson.



Klippur og beygjuvélar



Stroffur
Naglar
Víralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar



Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Sterkari vagnar



H. HAUKSSON EHF.

Rúlluvagn

10,5m pallur
14 tonna burðargeta



**Verð kr. 3.390.000 með vsk.
(vökvahliðar + kr. 985.000 með vsk.)**

Hardox sturtuvagn

11 tonna burðargeta



Verð kr. 3.315.000 með vsk.

Rúllu- og vélavagn

Vök vastýrður rampur
18 tonna burðargeta



Verð kr. 4.480.000 með vsk.

Sturtuvagn

Laus skjólborð
13 tonna burðargeta



Verð kr. 2.690.000 með vsk.

Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is



Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá
fræjum til
afurða**



Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir



Ásta Bryndís tekur virkan þátt í sveitastörfunum.



Sigurbjörg telur sig hafa „rollað“ yfir sig kringum búskap foreldra hennar og ætlaði sér aldrei að verða bóni. Annað kom á daginn.

Sigurbjörg segir mikilvægt að konur hafi sína fulltrúa í forystuhlutverkum bænda.

„Ég hef horft upp á það að kona sem stundar búskap með fjölskyldu hafi ekki sama rétt á lífeyrisgreiðslum og eiginmaðurinn, þrátt fyrir að hafa sinnt bústörfum til jafns. Við þurfum að vinda ofan af því. Við eignum að borga okkur jöfn laun fyrir sömu störf en til þess að geta greitt laun þá þurfum við trygga afkomu. Við vorum ekki mjög margar konurnar sem sáum deildarfund nautgríparæktarinnar en

ég trúi því bara ekki að konur hafi ekki meira um hlutina að segja. Ég hef fulla trú á að við eignum fullt af frambærilegum konum í okkar röðum sem hafa mikil til málanna að leggja. Núna er ég til dæmis eina konan í stjórn búgreinadeildarinnar en ætli ég tali ekki að við tvær.“

Gróskumikill búskapur

Búskaparsaga á Hjarðarfelli á sér áratugalanga sögu. Í dag byggir búreksturinn á mjólkurframleiðslu

ásamt ræktun nautgrípa og sauðfjárrækt.

Eiginmaður Sigurbjargar, Gunnar Guðbjartsson, keypti sig inn í bú foreldra sinna árið 2006 með kaupum á hlut fðöðurbróður síns. Seinna kaupir Sigurbjörg foreldra Gunnars út úr búinu. Í dag reka foreldrar Gunnars sauðfjárbú á bænum í samvinnu við þau. Hjarðarfellsbúið framleiðir um 400.000 lítra af mjólk á einum róbóta, sem þau segja að til standi að auka með stækken húsakosts. Þau eru í dag með taeplega 50 kýr

og 140 fjár en samtals eru um 500 fjár á bænum. Búskapurinn hefur gengið ágætlega á öllum vígstöðvum. Búið er vel yfir meðalafruðum í mjólkurframleiðslu, og Sigurbjörg segir lambakjötsframleiðsluna í fyrra hafa gengið sögulega vel þegar horft er til fallþunga, gerðar og fitu. Þá sé nautaeldið einnig frambærilegt. Nokkra nautkálfá hafa þau sett á Nautastöðina síðustu ár og í fyrrahast glæddist sala líflamba eftir nokkurra ára lægð. „Líflambasala helst algjörlega í hendur við verðskrá afurðastöðva.“

Sigurbjörg segir lykilinn að farsælum búskap felast í samspili nokkurra þáttu. „Góð bústjórn, gott fóður, árangur í ræktun gripa, hagsýni, jákvæðni og gott veður. Mörk atriði þurfa að ganga upp, því er þetta margþætt.“

Jarðvinnslan skemmtilegust

Bústöfin eru því æði mörg en Sigurbjörg segist njóta sín sérstaklega í jarðrækt. „Ég á fáranlegt áhugamál, jarðvinnslu. Víkinur minnar hrísta nú margar hverjar bara hausinn þegar ég fer að tala um þetta hugðarefni mitt. Nú er verið að vinna að því að koma barnabilstólum í tvo traktora svo við getum baði farið út í flag með börnin hvort á sinni vélinni. Það er mjög gaman að til gott fóður; að rótast úti í hæfilega þurru og stóru flagi og heyskapur í góðu veðri. Síðan að gefa það og að sjá afurðirnar sem verða til af því. Ég er alltaf að verða meiri og meiri kúamanneskja þótt vissulega eigi ég mína spretti kringum sauðfé,“ segir Sigurbjörg, sem alin er upp á sauðfjárbú á Ytra-Hólmi, steinsnar frá Akranesi. Hún ætlaði sér aldrei að verða bóni. „Ég segi stundum að ég hafi „rollað“ yfir mig í kringum búskap foreldra minna. Það kom því aldrei til greina að vera bóni og ég vann sem sjúkraliði á Landspítalanum en gafst upp á þrójskunni í sjálfrí mér upp úr þritugu og skráði mig í búfræðinám á Hvanneyri. Ég hefði alls ekki viljað

5 hlutir sem Sigurbjörg getur ekki verið án



1. Gegningaskórnir: Vinnuskór af gerðinni Redback. „Þarna leyfi ég mér merkjasnobb.“

2. Síminn: „Hann er númer eitt, tvö og þrjú. Gegnum hann get ég fjarstýrt mjaltaþjóninum, pantað sæðingar og önnur aðföng svo eithvað sé nefnt, já og lesið tölvupóstinn minn. Gunnar vill meina að ég þurfi að nota „peltor“ meira, svo ég geti bæði unnið og talad í síma á sama tíma, sem ég geri vist tölvert af.“



3. Grænfóður: „Fátt er skemmtilegra en að gefa mjólkandi kum. Bæði finnst þeim það gott og svo sér maður áhrif fóðursins strax í tanknum. Finnst algjörlega ómögulegt að vera án þess í fóðrun kúnna.“

4. Skotbómulyftarinn: „Weidermaninn er knár þótt hann sé smár.“



5. Skofuróbótinn: „Diddi Discovery léttir störf okkar verulega í fjósínu.“

slæppa því, það er mikil þekking sem maður tekur með sér úr náminu sem ég mæli tvímælalaust með, þó þú sért með fullt hús af börnum og getir ekki stundað Kolluna eins og þig kannski langar. Þaðan tók ég viðtæka þekkingu með mér, ég held ég noti eithvað á hverjum einasta degi af því sem ég lærði þar. Ég nefni sérstaklega stóra pósta eins og undirbúningsvinnu fyrir áburðarkaup.“

Pau Gunnar kynntust á haustdögum árið 2013 á hinu rómaða Sauðamessuballi í Borgarnesi. Auk þess að vera bæði búfræðingar frá Hvanneyri, er Gunnar vélvirki og Sigurbjörg sjúkraliði. Fjölbreyttur bakgrunnur þeirra er afar gagnlegur við bústörfin. „Þetta er hin finasta blanda. Hann gerir við tekin og ég hlúi að veikum dýrum þegar þess þarf.“ Sigurbjörg lætur ekki staðar numið við uppeldi barnanna með blönduðum búskap. Hún er einnig oddviti Eyjafjörður Miklaholtshrepps, sem er um 130 íbúa sveitarfélag. Hún var kosin í sveitarstjórn í persónukjöri í maí árið 2022. Hún segir starfið krefjandi enda oft erfitt að reka lítil sveitarfélög.

Stjórnin vel samsett

Í nýrri stjórn Bændasamtakanna eru fulltrúar frá fjórum búgreinum og ef



Kostulegar kýr. Tæplega 50 kýr eru á Hjarðarfelli þar sem framleiddir eru um 400.000 litrar af mjólk árlega.

PÓR H

Með þér í meira en 60 ár

Reykavík, Akureyri og Selfossi

Thor.is s: 568 1500

Kubota

Þú færð Kubota hjá okkur



Sigurbjörg er fjögurra barna móðir. Hér er hún með Jóni Ægi. „Ég hef mætt með þau yngri tvö á Búnaðarþing og deildarfundi á hinum ýmsu framleiðslustigum.“



Sigurbjörg nýtur sín sérstaklega í jarðrækt.

varastjórn er tekin með þá tilheyra þeim að minnsta kosti sex búgreinar.

„Mig grunar að við séum með sögulega lágan meðalaldur í stjórn. Hún tekur mið af kynjakvóta og ég held að hún sé afar vel samsætt. Mér líst mjög vel á samstarfsfólk. Ég held að það hafi tekist mjög vel að ná fólk Þvert á búgreinar. En vissulega á kostnað landshlutaskiptingar. Ég held að skipting Þvert á búgreinar sé verðmætara en skipting milli landshluta,“ segir Sigurbjörg.

Hún telur góðan tón hafa verið sleginn strax á fyrstu fundum stjórnarinnar. „Öll erum við sammála um að auka samtal við grásrótna og að reyna með því að ná ákveðnu trausti bænda til baka, sem ég tel hafa dvínað, því miður. Búgreinadeildirnar eru mikilvægar hlekkrí stóru myndinni og samtal við bændur, grásrótna okkar. Þetta samtal þarf að efla að mínu mati.“

Fram undan bíða nýrrar stjórnar ýmis mikilvæg verk, eitt það helsta að koma að gerð nýrra búvörusamninga. „Við verðum að byrja á því að endurskoða kerfið okkar, og vera tilbúin að líta inn á við,“ segir Sigurbjörg. Þá þyði ekki að útiloka breytingar á styrkjakerfinu.

„Kerfið er ekki að virka nógum vel eins og er, við hljótum að mega líta á það gagnrýnum augum þótt ég sé ekki að tala fyrir kúvendingu. Við verðum að vita hvað við viljum þegar við mætum til samtals um gerð búvörusamninga – ekki bara láta segja okkur hvað við fáum.“ Ný breyting á búvörlögum ber á góma. „Bændur hafa kallað eftir þessari hagræðingu í mörg ár og því er sigur að ná þessu, með þeim forsendum að stjórnir og stjórnendur þeirra fyrirtækja sem þarna liggja undir fari vel með það. Ég ætla því bara að vona að stjórnarfólk afurðastöðva beri gæfa til þess að stíga gáfuleg skref eftir þessa breytingu á búvörlögum, með eigendur sína og neytendur í huga.“ Nú er boltinn hjá þeim.“

Hlustað á neytendur

Í ljósí þessara breytinga segist Sigurbjörg óviss um hver staða innlendir framleiðslu gagnvart tollvernd á búvörum sé. En hún sé nú þegar bitlaus. „Tollverndin brestur endanlega með markaði á eina krónu kílóð. Ríkissjóður verður þar af talsverðum fjármunum. Af hverju eru ekki allir brjálðir yfir því?“

Innflutningur á búvörum sé í það minnsta staðreyni og til að upphefja íslenskan landbúnað þurfi innlendir framleiðendur að hampa vörum sínum. Pannig vonar Sigurbjörg að afurðastöðvarnar taki til sin ályktun Búnaðarþings um að innlendir matvælaframleiðendur í eigu bænda eigi að taka upp upprunamerkið Íslenskt staðfest.

„Við getum ekki boðið fólk upp á það að þú verðir að taka með þér lesgleraugu út í matvöruverslun til að geta lesið þig til um hvaðan kjötíð sem þú ert að kaupa kemur. Neytendur kalla á betri merkingar



Til sölu tveir Lely A4 Mjaltaþjónar

Ágerð 2013 með Central unit • Báðir vinstri

Hafa verið á þjónustusamningi allan líftímann

Nýr Lely forkælir • Lely hugbúnaðarleyfi fylgir

Nýr 45 stk. ISO -ID hálskubbar og ólar

Nýr tölvupakki. Tölva, skjár, ufsi, spjaldtölva

Búið að skipta um öll gúmmí • Ný Atals Copco loftpressa

Allar lagnir á milli Lely tækja í uppsetningunni

Fluttir hvert sem er á landinu, uppsettir og tilbúnir fyrir mjaltir

Verð er 13.750.000.- + vsk hvort stk.

Heyrið í sölumönnum okkar:

Jóhannes - s: 822-8636

Jón Stefán - s: 822-8616

www.lely.com/is



Til sölu Fullwood Merlin mjaltaþjónn

Gangsettur 2018 • 70 móttakarar • 2 kjarnfóðurskammtarar

Blautfóðurdæla • Forkælir • Frátökukerfi fyrir mjólk

Loftpressa • PC tölva • Kjarnfóðurbás með lofthliði

Verð er 8.500.000.- + vsk*

*Staðsettur á Norðurlandi, þarf að semja aukalega við Landstólpa um niðurtöku, flutning og uppsetningu á nýjum stað.

LCI Lely Center Ísland

www.lci.is • info@lci.is • sími: 414 0000

Ráðstefna í tilefni af 80 ára afmæli Tilraunabúsins að Hesti

Í kjölfar Fagþings sauðfjárræktarinnar sem var haldið að Hvanneyri fimmtudaginn 21. mars, hófst afmælisráðstefna að Hesti kl. 18 sama dag.



Jóhannes Sveinbjörnsson

Hesti, var fundar- og veislustjóri. Dagskrá hófst með nokkrum fyrilestrum. Sigurgeir Þorgeirsson reið á vaðið með ágrip af sögu Hestsbúsins. Rakti hann m.a. þátt dr. Halldórs Pálssonar í stofnun búsins og starfsemi fyrstu áratugina. Nefndi hann einnig til sögunnar annað vísindafólk og bústjóra sem hafa haft mótandi áhrif á starf búsins. Samfelltur práður í árin áttatu er leiðandi hlutverk í kynbótastarfinu. Einnig hefur búið verið afgerandi í rannsóknnum í sauðfjárrækt og síðustu tvo áratugina sem kennslubú.

Jón Viðar Jónmundsson sagði frá þekktustu tilraunum tengdum Hesti fyrir fjárskiptin. Hluti þeirra tengdist baráttunni við mæðiveikina. Var þar unnið mikil frumkvöðlastarf varðandi beitingu sæðinga og kynbóta í baráttu við sjúkdóma. Merkar rannsóknir voru gerðar fyrir og um mæðiveikiniðurskurðinn 1950 varðandi áhrif fangs á fyrsta vetrí á vöxt og þroska á.

Ari Teitsson sagði frá þýdingu starfsins á Hesti fyrir ráðgjafarþjónustuna. Áhrif sæðingahrúta frá Hesti voru gríðarleg. Aðferðir sem þróðar voru með stuðningi rannsóknna á Hesti höfðu mótandi áhrif á ræktunarstarfið. Afkvæmarannsóknir, ómmælingar, breytingar á kjötmati og þjálfun bænda í líflambavali voru þar meðal lykilþáttu.

Næstir voru þeir Logi Sigurðsson bústjóri og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, tengiliður skólans við búið um

Þarna voru vel á annað hundrað manns þótt veður hafi sett nokkurt strik í reikninginn um þátttöku. Á Hesti var kjötsúpa og aðrar veitingar í boði LbhÍ. Gísli Einarsson, fyrrum vinnumaður á



Frá Fagþingi sauðfjárræktarinnar. Frv.: Eyþór Einarsson, Sigurgeir Þorgeirsson, Emma Eyþórsdóttir, Jón Viðar Jónmundsson, Bragi L. Ólafsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson og Logi Sigurðsson.

árabil, bæði varðandi kennslu og rannsóknir. Sögðu þeir félagar frá starfsemi búsins í dag. Afkvæmarannsóknir eru sem fyrst lykilþáttur í ræktunarstarfinu. Örmerki eru í öllum ám og sett í öll lömb við fæðingu. Áhugi er á að nýta þá tækni og aðra nútímaþátekni enn betur á búinu. BS- og MS verkefni nemenda hafa verið nokkur á hvort, sem ýmis nýta gögn úr tilraunum/athugunum á búinu eða úr gagnasafni Hestsbúsins.

Að erindunum loknum hélt fólk áfram að gera veitingunum skil, og nokkrir kvöddu sér hljóðs og riðjuðu upp sögur frá Hesti.

Fjárræktin á Hesti

Föstudaginn 22. mars var dagskrá haldið áfram að Hvanneyri. Fundarstjóri fram að hádegi var Sveinbjörn Eyjólfsson og eftir hádegi Bjarni Guðmundsson. Þeir héldu uppi léttir stemmingu, góðum aga á frum-mælendum og örvuðu fólk til umræðna. Í fyri hluti dagskrár föstudagsins var farið yfir áhrif Hestsbúsins á þróun sauðfjárræktar í landinu síðustu

80 árin. Fyrsta erindi flutti þeir Jón Hjalti Eiríksson og Jón Viðar Jónmundsson, um fjárskiptaféð á Hesti og ræktun þess. Framlag valinna ættfeðra var metið; til þriggja hópa, þ.e. Hestsfjárins, íslenska fjárstofnsins almennt, og ARR stöðvarhrúta sérstaklega. Strammi 83-833 frá Hesti hefur hæst erfðaframlag allra ættfeðra.

Næst var erindi Jóns Viðars um sérstök kynbóta- og ræktunarverkefni á Hestsbúinu. Afkvæmarannsóknirnar á Hesti hófust sem tilraunaverkefni um þróun aðferða fyrir afkvæmarannsóknir hjá bændum, en urðu fljótt að rauna verulegri ræktunarframkvæmd á Hesti. Þegar ómsjáin kom til um 1990 varð bylting í afkvæmarannsóknum og líflambavali hjá bændum. Rannsóknar- og kynbótastarf Hestsbúsins átti stærstan þátt í þeiri byltingu.

Fóðrun

Undirritaður flutti erindi um fóðrunar-tilraunir, sem fyrstu áratugi Hests-

búsins vörðuðu leiðina í fóðrun frá vetrarbeit með léttu útheyi og fiskimjöli, yfir að fullri inniföðrun. Fengieldistilraunir voru fyrirferðarmiklar á þessu tímabili.

Á áttunda og niunda áratugnum voru gerðar tilraunir með fóðrun á seinni hluta meðgöngu og eftir burðinn. Rannsóknir á áhrifum rúnungstíma á á og afurðir mörkuðu einnig þáttaskil. Seinna voru gerðar tilraunir með sjálfföðrun á rúllubögum og með áhrif kjarfnföðurgjafar á síðari hluta meðgöngunnar.

Frjósemi

Næstvarsvoerindi Ólafs R. Dýrmundssonar um frjósemi og sæðingar. Langtímatilraunir 1953-1959 á Hesti með notkun hormóna til að auka frjósemi vöktu heimsathagli en höfðu ekki mikið hagnýttgildi. Fyrstutilraunir með Progestagen svampa til samstillinger gangmála á, voru gerðar 1972 og gáfu góða raun, einkum við skipulagningu sæðinga. Á Hesti voru gerðar einu hérleudu rannsóknirnar á árstíðabundinni eistnastærð hrúta og mögulegu samhengi við frjósemi á. Hestur kom líka mikil við sögu þróunar sauðfjársæðinga hérlandis.

Holdastigun

Bragi Líndal Ólafsson sagði frá aðlögun skosks holdastigunarkerfis hér á landi upp úr 1970 með umfangsmiklu þróunarstarfi á tilraunastöðvum Rala í sauðfjárrækt og dreifðum tilraunum á Austurlandi. Bragi kynntist holdastigunarkerfinu þegar hann var við nám í Skotlandi og vann svo að þessum tilraunum. Allar götur síðan hefur fóð á Hesti verið holdastigð eftir umræddum kvarða og hafa holdastigagögnum tilsvart vægi í gagnasafni Hestsbúsins til notkunar í náms- og rannsóknarverkefnum.

Beitarrannsóknir

Þá var komið að erindi Ólafs R. Dýrmundssonar um vor- og sumar-beitartilraunir. Hestur tók virkan þátt í „Stóru beitartilraunum“ sem voru á níu stöðum á landinu, bæði á úthaga og ræktuðu landi, með geldneyti og hross auk sauðfjára. Á Hesti var eingöngu sauðfjára í tilrauninni. Sumrin 2002 og 2004 voru gerðar beitartilraunir á Hesti sem staðfestu m.a. hve góð vorbeit á tún skipti miklu máli. Fyrstu plöntuvalstilraunir hér á landi voru gerðar á Hesti og Stálpastöðum í Skorradal á árunum 1964-1966.

Næst var svo undirritaður með samantekt um rannsóknir á síðumará og haustbötun sláturlamba.



Félagarnir Jón Gunnlaugur Halldórsen og Bjarni Guðmundsson.



Berglind Sara Jónasdóttir, Jónas Guðjónsson og Gunnhildur Gísladóttir.

Á fyrstu árum Hestsbúsins voru dreifðar tilraunir viða um land með haustbötun á tún í samanburði við úthaga. Vikið var að ýmsum atriðum sem þessar rannsóknir hafa gert skil í gegnum tíðina: vaxtarhraði, kjötgæði, efnainnihald, bragðgæði, hagkvæmni, sníkjudýrasmit, beitarplöntur.

Litaerfðir, ull og gærur

Emma Eyþórsdóttir fór yfir helstu verkefni tengd litaerfðum, ullar-rannsóknum og rúnungstíma. Stefán Adalsteinsson og Halldór Pálsson voru frumkvöðlar í þessum efnunum sem fleirum. Niðurstöður úr doktors-verkefni Stefáns varðandi litaerfðir sauðfjár eru vel þekktar viða um heim. Ýmis fleiri ullar- og gærverkefni á Hesti hafa skilað upplýsingum um arfgengi ullar- og gærueiginleika. Tilraunir með hastrúnning á Hesti og viðar sýndu mun betri flokkun hastrúinnar ullan samanborði við vetrar- eða sumarull. Hastrúnningur var tekinn upp í kjölfarið um allt land.

Vöxtur og proski

Eftir hádegismat á föstudegi, sem var ekki af verri endanum frekar en aðrar veitingar hjá Hendrik Hermannssyni og samstarfsfólk í móteneytinu, gerði Sigurgeir Þorgeirsson grein fyrir þeim bálkri rannsóknar sem allflestir tengja líklega fjárræktarbúinu að Hesti: Vöxtur, þroski og skrokkeigingleikar.

Eiginleikar íslenska sauðfjárins og lína innan þess (hálapappar, láglappar) munur milli kynja, arfgengi og erfðafylgni, vöxtur, þroski og vefjahlutföll; allt var þetta sett í samhengi. Hvað breyttist með Strammalínunni? Og hvernig passaði ómsjáin og EUROP-matið inn í þetta allt saman?

Stakerfðavísar

Næst flutti Jón Viðar Jónmundsson erindi hans og Emmu um rannsóknir á stakerfðavísum hjá íslensku sauðfjári.

Páll Zóphoníasson var fyrstur í heiminum til að lýsa gulri fitu á kjötskrokkum sem víkjandi eiginleika. Bókgreppa er alvarlegur erfðagalli sem berst með víkjandi geni. Einnig ræddi Jón ARR riðuverndargenið, og frjósemiserfðavísá sem kenndir eru við formæðurnar Poku og Lóu.

Framtíðarverkefni

Síðustu erindin fylluðu um framtíðar-áherslur í ræktun og rannsóknum. Undirritaður tók fyrir rannsóknir sem tengjast fóðrun, beit, nýtingu næringarefna og metanlosun.

Dæmi voru nefnd um möguleika sem ný rannsóknatækni byður upp á í þessum efnunum. Eyþór Einarsson for-

pebe®

Slitsterk sætisáklæði
Sérsaumuð fyrir þín sæti

Atvinnubílar
Vinnuvélar
Vörubílar

Stakerfðavísar

779 1886
skralli@skralli.is

SKRALLI



Yfirlitsmynd af tilraunabúinu á Hesti en þar hefur verið stunduð kennsla og rannsóknir á sauðfé síðan árið 1944.

Mynd / Lbh

yfir líklegar áherslur í kynbótum til framtíðar. Hann nefndi aukna áherslu á eiginleika eins og heilbrigði og endingu, metanlosun og bragðgæði. Einnig ræddi hann möguleika sem felast í DNA-sýnasafrni sem er að verða til vegna átaksverkefnis í kynbótum gegn riðu. Nýtt verkefni felur m.a. í sér að meta ávinnung af erfðamengjaúvali fyrir íslenska sauðfjárrækt.

Jón Hjalti Eiríksson fjallaði um erfðarannsóknir í sauðfjárrækt. Hingað til hefur mikil verið gert með úrvali á grundvelli ætternisupplýsinga án þess að þekkja ferlana sem valda erfðum eiginleikanna. Vaxandi skilningur er að byggjast upp með því að rýna í afritun DNA yfir í RNA, RNA yfir í protein o.s.fr. Örveruflóran í vömbinni er áhugaverð í þessu sambandi, og þarna tengjast föðurfræðin og erfðafræðin á hátt sem hægt væri að vinna með á Hestsbúinu í framtíðinni.

Eyjólfur Kristinn flutti svo erindi þeirra Loga um nýtingu Hestsbúsins til kennslu og rannsókna í framtíðinni, nýtingin hefur aukist mjög síðustu árin. Nemandinn Ósk Reynisdóttir kom í pontu og gerði grein fyrir áhugaverðu námsverkefni um geðslag áa og tengsl við afurðaeiginleika.

Ráðstefnulok

Eyjólfur Kristinn og Rósa Björk, markaðs- og kynningarfulltrúi Lbh, opnuðu heimasiðu Hestsbúsins þar

sem í framtíðinni verður hægt að nálgast nýtt og eldra efni sem tengist Hestsbúinu og starfseminni þar.

Þá kvaddi séi hljóðs Sigurgeir Þorgeirsson og tilkynnti að stjórn Minningarsjóðs dr. Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra, sem stofnaður var 1987 og hefur í gegnum tíðina stutt mörg góð verkefni, hefði komist að þeirri niðurstöðu að fella skipulagsskrá sjóðsins úr gildi og ráðstafa höfuðstóli sjóðsins, sem er að upphæð rúmar 30 milljónir, í einu lagi til kaupa á nútíma teknibúnaði til fóðrunarrannsókna á tilraunabúinu á Hesti. Verkefnið var valið í samráði við forsvarsmenn rannsókna á Hesti og telur stjórn sjóðsins að þessi ráðstöfun falli vel að markmiðum sjóðsins og muni nýtast vel í rannsóknastarfi og menntun bænda og búvisindamanna. Þessi ráðstöfun er háð því skilyrði að Lbh nái að fjármagna það sem upp á kann að vanta til að viðeigandi búnaður verði keyptur.

I fjarveru rektors, Ragnheiðar Þórarinsdóttur, sem var erlendis en hafði með nútímatækni sett ráðstefnuna um morguninn, sleit Daði Már Kristófersson, varaformaður háskólaráðs Lbh, ráðstefnunni. Hann þakkaði þá höfðinglegu gjöf sem Sigurgeir tilkynnti um og þakkaði einnig öllum sem að ráðstefnumni komu fyrir sitt framlag.

Höfundur er dósent hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Sterk og öflug Bændasamtök eru lykill að því að rödd bænda heyrist skýrt og greinilega þegar tekna eru ákvárdanir um málefni þeirra

Ert þú félagsmaður í Bændasamtökum Íslands?
Eru þínar upplýsingar uppfærðar?
Er þín aðild rétt skráð?
Hefur þú uppfært veltu ársins 2023?

Nánar á bondi.is

Saman í sókn fyrir íslenskan landbúnað!

**BÆNDASAMTÖK
ISLANDS**

STIHL

**VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA
STIHL FAGMANNAVERSLUN
Í ÁLFABAKKA 6**

OPIÐ FRÁ KL 8-16 ALLA VIRKA DAGA

GARDHEIMAR
UMBOÐSAÐILI STIHL Á ÍSLANDI

**SUMARAFLEYSINGAR
Á TILRAUNABÚIÐ HEST**

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir starfsmanni í sumarafleysingar á tilraunabúið Hest sem er rannsóknarbú fyrir sauðfé.

Starfstímabilið er frá 1.6 til og með 31.8 '24.
Um er að ræða úti- og innistörf.



NÁNAR

**Lifraent
hreinsivirk!**

NÚTÍMA ROTþRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólpheinsistöð síðar
þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURDUR VÍGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Fagþing dönsku nautgriparsæktarinnar 2024

– Annar hluti



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Kvægkongres 2024, árlegt og einkar áhugavert fagþing hinnar dönsku nautgriparsæktar var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarin ár voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur og annað fagfólk í nautgriparsækt.

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagsamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í two daga og var skipt upp í 13 málstofur með tugum erinda. Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var fyrsti hluti um fjöllunar um fagþingið og verður hér haldið áfram með hana og gripið niður í nokkur erindi sem voru flutt í málstofunum um Góðan vinnustað og Dýraheilbrigði og -velferð.

3. Góður vinnustaður

Dönsk kúabú í mjólkurframleiðslu eru þau stærstu að jafnaði í Evrópu og meðalbúið með um 230 árskýr. Fyrir vikið eru búin orðin það stór að flestir bændur eru með starfsmenni í vinnu á búum sínum. Að fara úr því að vera með eingöngu fjölskyldumeðlimi á búnum og yfir í ráðna starfsmenn krefst aðlögunar og oft nýrra vinnubragða hjá flestum.

Eitt af helstu vandamálum kúabúanna er einnig að halda í starfsfólk, enda er tímafrekt og í raun kostnaðarsamt að kenna nýjum starfsmönnum verk- og vinnulag á kúabúum.

Af þessum sökum er ávallt gefinn gaumur að þessu viðfangsefni á danska fagþinginu og voru í ár alls flutt fimm erindi í þessari málstofu.



Kúabúið Nørupsgård í Kolding er með 650 árskýr og tju starfsmenn.

Stöðluð vinnubrögð

Reynslan sýnir að ekki er nóg að greiða góð laun, en algeng laun á dönskum kúabúum eru 450-500 þúsund íslenskar krónur fyrir 37 tíma vinnuviku auk húsnæðis en fæði er sjaldnast innifalið. Bústjórar eru oft að fá rúmlega 30.000 danskars krónur auk yfirlínu, eða um 600.000 íslenskar krónur. Þrátt fyrir að launin séu vel yfir lágmarkslanum í Danmörku er alltaf þónokkuð um að fólk staldri stutt við og um þetta fjallaði m.a. erindi Michael Lyrhøj Mortensen, mjólkurgæðarágjafa hjá SEGES og Simone Marschall sem er bústýra á kúabúnu Nørupsgård þar sem eru 650 árskýr og 10 starfsmenn.

Í framsógu þeirra kom m.a. fram að á búini skipti mestu málí að stunduð séu eins stöðluð vinnubrögð og hægt er, en á búini er 50 kúa mjaltahringja frá GEA. Við

hverjar mjaltir eru þír starfsmenn og sá fjórði sér um að koma kúnum að og frá hringekjunni. Hini sinna öðrum verkum eða eru í frii, en búið er sérstakt að því leyti að utan fjóss sjá verktagar nánast um alla vinnu. Fyrir vikið fer um 80% vinnutíma starfsmanna búsinu sem tengist mjöltum. Simone greindi frá því að búið notast við staðlaða verkferla, kallað SOP, sem ná yfir alla helstu vinnu á búini og niður í minnstu smáatriði eins og hvernig á að sækja kýr til mjalta.

Hver starfsmáður hefur afmarkað verksvið og vegna stöðlunar á vinnubrögðum er lítið um vandamál. Þau sögðu mikilvægt að vera með hvatakerfi á kúabúum af þessari sterð og því eru haldnir töflufundir aðra hverja viku þar sem farið er yfir helstu niðurstöður búsinu frá síðasta töflufundi, farið yfir tímamælingar og annað slíkt sem hægt er að styðjast við. Þetta sögðu

bau lykilinn að því að gera vinnuna bæði einsleita frá degi til dags og til að afmarka hana. Skilaði það sér í því að bæði er árangur búsin gður og starfsmennirnir ánægðir.

Gervigreind á kúabúum?

Annað áhugavert erindi í þessari málstofu flutti Mads Lorentzen en hann er sérfræðingur í gervigreind. Hann fjallaði m.a. um uppruna gervigreindar og hvernig hún hefur verið að þróast örth allra síðustu árin.

Enn sem komið er, er gervigreind lítið notuð í landbúnaði en Mads spáir því að ekki muni líða á löngu þar til bændur geti notað hana sér til halds og trausts við búskapinn. Sagði hann að bændur ættu ekki að óttast gervigreind og að hún myndi seint eða aldrei taka frá þeim störf en varaði þó við því að fara þurfi vel með þetta nýja og öfluga verkfæri.

Þetta væri nefnilega fyrst og fremst verkfæri til að auðvelda okkur tilveruna.

En hvernig getur gervigreind mögulega nýst í landbúnaði? Jú, hann gat sér til um það að sérstaklega væri eftirlit með gripum og tölvulegum upplýsingum eithvað sem gervigreind gæti klárlægda sér um og aðstoðað bændur við. Þannig væru þegar í dag til öflugur hugbúnaður sem „fylgst“ með gögnum kúabúa og les af t.d. hreyfiskynjurum á kúum. Þegar gögnin eru svo greind af búnaðinum getur bóndi fengið upplýsingar eða viðvaranir ef eithvað hefur farið úrskieðis eða ef eithvað bendir til þess að svo geti gerst. Gervigreindin getur stórbætt þessa verkferla með því að læra af reynslunni og endurmæta hvernig næst megi ná betri árangri. Þannig getur gervigreind leyst flókin

verkefni þar sem margs konar gögn þarf að nýta til að fá sem réttasta mynd af ástandinu. Tók hann t.d. daemi um að fá og nýta kum, upplýsingar frá hreyfiskynjurum, hljóðskynjurum og myndavélum sem má samkeyra inn í gervigreindina og fá þannig enn virkara eftirlit með gripunum en núverandi hugbúnaður ræður hreinlega við. Gervigreindin gæti t.d., betur en starfsfólk búanna, haldið utan um gögn og upplýsingar einstakra grípa og gefið upplýsingar þegar gripirnir víkja út frá sinu hefðbundna daglega mynstri. Með gervigreind í fasteskinu gætu bændur því mögulega bætt enn frekar rekstur sinn og náð betri árangri.

4. Dýraheilbrigði og -velferð

Sem fyrr var málstofan um Dýraheilbrigði og -velferð fyrirferðarmikil enda mikilvægt efni. Alls voru sjó erindi flutt auk þess sem haldinn var vinnufundur bænda og sérfræðinga um klaufsjúkdóma.

Kraftmiklar kvígur

Með betri erindum þessarar málstofu, að mati greinarhöfundar, var erindi Bodil Højlund Nielsen, sem er dýralæknir, og Lars Arne Hjort Nielsen, sem er landsráðunautur hjá SEGES. Þau fóru yfir gögn um kvígur og afdrif þeirra í dönskum fjósum. Þar kom m.a. fram að þegar gögn allra kúabúa landsins eru skoðuð þá kemur í ljós að ekki nema 81,2% fæddra kvíga bera kálfi. Hinum er annaðhvort slátrað (8,8%) eða hafa verið aflatíðar/drepist af einhverjum ástæðum (10,1%). Einkar áhugaverðar tölur en þær byggja á upplýsingum um 268.469 fæddar kvígur í Danmörku.


Fram kom að meðal burðaraldur hjá kvígum í Danmörku eru 24,7 mánuðir, sem er vel yfir því sem er markmið flestra kúabænda, enda miða flestir við að kvígur beri 22-23 mánaða gamlar. Pessir umfram mánuðir, auk affalla á uppedisskeiðinu, leiðir til aukins kostnaðar búanna. Vegna þessa er skýrsluhaldskerfið sett sérstaklega upp svo bændur geti betur átt að sig á því hvar eithvað fer úrskieðis og hvar sækja megi fram með úrbætur sem skili mestum ávinnungi á hverju stigi, þ.e. hvernig megi minnka líkur á dauða, að því að slátra þurfi


Til sölu 68,5 fm iðnaðarbil til afhendingar strax, að Breiðamýri 3, Selfossi.

Til sölu 144,5 fm iðnaðarbil til afhendingar í vor, að Dynskálum 51, Hellu.

Allar nánari upplýsingar veitir Loftur Erlingsson, löggiltur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is

HÚS
Fasteignasala





Á Nørupgárd er stuðst við staðlaða verkferla til að gera vinnuna einsleita og afmarkaða.

grip eða hvernig draga megi úr uppeldiskostnaði með því að fá kvígurnar til að bera yngri. Hjá Holstein kvígum er miðað við að þær vegi um 400 kíló við 14 mánaða aldur og við sæðingu svo þær verði nóg broskamiklar við fyrsta burð en fram kom að mælingar á 13.100 kvígum sýni að of margin kúabændur nái þessu ekki fyrr en við 15-16 mánaða aldur. Þarna megi því sækja þónokkuð hagræði svo dæmi sé tekið.

Pá ræddu þau einnig endingu kúa í meðalending kúa í Danmörku er rétt rúmlega þrjú mjaltaskeið. Þau köfuðu niður í gögnin sem sýna greinilega að þau bú sem hafa kýr sem endast að jafnaði lengur eru með mun betri afkomu. Fram kom að 10% bestu búannum, í samanburði við landsmeðaltalið, eru að framleiða hvert kíló mjólkur töluvert ódýrara en hin búin og munar þar um 5 danska aura á hvert framleitt kíló, eða um 1 íslenskri krónu. Fyrir danskt meðalbú er þetta lægri framleiðslukostnaður sem nemur um 2,8 milljónum íslenskra króna á ári! Til þess að ná að auka endingu kúa sögðu þau fyrst og fremst að bændur eigi að horfa til þess að fá kraftmiklar og stórar kvígor inn í hjörðina og á rétum aldi. Þá þurfi, sem kemur vart á óvart, að vera með öflugar fyrirbyggjandi aðgerðir gagnvart júgbólgu og klaufsjúkdómum (sem eru að líkendum algengari í Dammörku en hér á landi).

Lenging mjaltaskeiðsins

Annað fint erindi, af mörgum góðum, var frá háskólanum í Árósum og var flutt af Mogens A. Krogh og Vivi M. Thorup en þau starfa bæði á búfjár- og dýralæknasviði háskóla. Þau skoðuðu sérstaklega gögn frá kúabúum þar sem bændurnir hafa markvissi unnið að því að lengja mjaltaskeið kúnna, þ.e. stefna ekki að því að kýrnar beri árlega heldur bíða lengur með að sæða kýrnar en flestir bændur landsins gera. Ýmislegt bendir til þess að þessi leið geti verið skynsöm en liklegt er að þetta hafi í raun fyrst

og fremst byrjað vegna þess að kýr héldu ekki við sæðingum framan af mjaltaskeiðinu og seinkuðu sér af þeim sökum.

Að sögn þeirra sem stunda það að lengja mjaltaskeiðið þá geta kostið verið margvíslegir s.s. færri burðir á hverju búi sem þyði um leið færri möguleg vandamál. Enn fremur eru þá færri geldneyti í uppeldi og vinnan er almennt minni fyrir vikið á svona búum. Kýr sem eru sæddar síðar á mjaltaskeiðinu halda einnig betur við sæðingunum og þá er auðveldara að gæla kýrnar upp, þar sem nyt þeirra er yfirleitt lægri þegar komið er að geldstöðu en þeirra kúa sem bera árlega svo dæmi sé tekið. Á móti komi að hærra hlutfall kúa er yxna og það getur leitt til slysa og nytlækkunar auk þess sem erfðaframfarir á búnum verða hægari en á öðrum búum. En þessar fullyrðingar allar skoðuðu þau Mogens og Vivi sérstaklega og gerðu samanburð á kúabúum með mismunandi áherslur þegar kom að lengd mjaltaskeiðs kúa.

I ljós kom, þegar gögn 45 búvoru skoðuð, að ekki var hægt að finna haldbær rök fyrir því að lengja mjaltaskeiðið þegar allt er talið með, þ.e. sé horft til framleiðslustefnu bússins í heild. Kýr af Holstein kyni, með lengra mjaltaskeið, haldi vissulega 8% betur við fyrstu sæðingu en á móti komi önnur atriði eins og hærra hlutfall of holdmikilla kúa í geldstöðu. Þá er heildarframleiðsla mjólkur áþeppk þar sem kýr með styrra mjaltaskeið eru með hærra dagsnyt en kýr með lengra mjaltaskeið. Heildaráhrifin á 305 daga framleiðslu er því vart mælanleg. Þá fundust engin merki um færri sjúkdóma á búum með lengra mjaltaskeið né fundust merki um að kýr með lengra mjaltaskeið endist í raun lengur en kýr þar sem mjaltaskeiðið er haft styrra. Þau Mogens og Vivi bentu aftur á móti á það að innan búanna gæti verið ákjósanlegt að velja úr kýr sem hafi langt mjaltaskeið og aðrar ekki, þ.e. vera með breytilega stefnu í þessum málum innan bús. Þau sögðu gögnin benda til þess að gögn um kýr á fyrsta mjaltaskeiði sýni að það geti verið kostur að lengja mjaltaskeið þeirra viljandi en þó ekki þeirra sem eru nytlágar. Bændur ættu að velja nythæri kýr á fyrsta mjaltaskeiði í þann flokk sem skuli haldið síðar. Þá ætti að horfa til afurðasemí eldri kúa og ef þær hafa verið afurðamiklar á síðari hluta mjaltaskeiðs, og byrji það næsta af krafti líka, þá ættu bændur að velta því fyrir sér að lengja mjaltaskeiðið viljandi. Þetta eigi þó einungis við um kýr sem hafa verið heilsuhraustar.

I næsta tölublaði Bændablaðsins verður lokid við umfjöllun um danska fagbingið. Fyrir áhugasama má benda á að flest erindi ráðstefnunnar eru aðgengileg á vefsíðinni: <https://www.kvaekongres.dk/praesentationer/>.

Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakmörkum



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum



Vík verkstæði

Einhella 6,221 Hafnarfjörð

Endilega hafið samband og sjáð hvort við getum ekki leyst ykkar mál.

Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is



Fjárfestingastuðningur í kornrækt árið 2024



Matvælaráðuneytið hefur opnað fyrir umsóknir um fjárfestingastuðning í kornrækt.

Stuðningur er veittur til fjárfestinga í kornþurrkunarstöðvum vagna nýframkvæmda, stækunar og endurbóta á stöðvum sem þegar eru í rekstri. Einnig fyrir sérhæfðar korngeymslur og sérhæfð flutningatæki fyrir korn.

- Með umsókn þarf að fylgja:
- Viðskiptaáætlun sem lýsir fyrirhugaðri starfsemi, staðsetningu hennar og umfangi. Fram komi upplýsingar um orkugjafa við starfsemi, afkastagetu og umfang kornræktar á starfssvæðinu. Einnig skal gera grein fyrir rekstrarfyrirkomulagi starfseminnar, s.s. hvort umsækjandi er eingöngu þjónustuaðili við kornþurrkun eða afurðastöð sem stundar sölustarfsemi eða viðskipti með korn.
 - Sundurliðuð kostnaðar- og framkvæmdaáætlun með tímasettri verkáætlun, unnin af fagaðila s.s. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verkfræðistofu eða öðrum sambærilegum aðila.
 - Samþykktar teikningar og byggingaleyfi ef um nýframkvæmdir er að ræða.

Sækja má um á Afurð fram að miðnætti 25. apríl nk. Umsækjendur geta verið einstaklingar eða félög sem stunda kornrækt eða söfnun, þurrkun og geymslu korns. Félög án búsnúmer eru beðin um að senda tölvupóst á postur@mar.is þar sem fram kemur staðsetning fjárfestingar og starfsemi auk kennitölu umsækjanda.

Nánari upplýsingar um forgangsröðun, afgreiðslu og mat á umsóknum má nálgast í reglugerð um fjárfestingastuðning í kornrækt nr. 350/2024.

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

AMMANN JARÐVEGSPJÖPPUR Í MIKLU ÚRVALI

GÆÐI SEM ENDAST

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is



AMMANN





Kum líður vel úti á beit og aukin hreyfing hefur ýmis jákvæð áhrif á líkamsstarfsemi þeirra.

Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Beit mjólkurkúa

Öllum nautgripum, að undanskildum graðnautum, er skylt að komast á beit á grónu landi í að minnsta kosti 8 vikur á hverju ári.

Að setja mjólkurkýr út á sumrin hefur vissar áskoranir í för með sér og verið mismunandi eftir aðstæðum. Vel má hins vegar sigraist á þeim með góðu skipulagi og útsjónarsemi því ýmis ávinnungur er af beitinni.



Baldur Örn Samúelsson.

Áskoranir

Helstu áskoranirnar þegar mjólkurkum er beitt er að oft vill nytin lækka og lenda sumir í að frumutalan hækkar en með góðum

undirbúningi og beitarstjórnun má koma að mestu í veg fyrir þessi áhrif. Föðureining á beit ætti að vera ódýrari en í verkuðu gróffóðri því ekki er búið að kosta til heyskap og geymslu á gróffóðrinu og gæti þessi sparnaður jafnvel réttlætt lítillega laekkun á nyt.


Beit virðist hafa jákvæð áhrif á fitu í mjólk svo það getur fengist verðmætari mjólk þegar hluti föðrunarinnar er fenginn með beit. Búast má við hækkaðri frumutölu fyrstu dagana eftir að útvist hefst því þetta er breyting fyrir gripina og sumir eru viðkvæmari fyrir breytingum en aðrir.

Hægt er að lágmarka þetta með því að aðlagla gripina að beitinni og föðurbreytingunni með því að setja kýrnar út að vori nokkru áður en beitin er tilbúin og þá á eldri tún með fullri innigjöf. Við upphaf

beitar er aukin hætta að kýr í hárrínt fái graskrampa sem orsakast af magnesiúmkorti, hægt er að koma í veg fyrir hann með því að gefa magnesiúmkri steinefni fjórum vikum fyrir beit og fjórar fyrstu vikur beitarinnar, með steinefnablöndu eða - stampi/fötum.

Beitargróður og vatn

Góð beitartún innihalda blöndu af lystugum og orkuríkum grastegundum en við horfum ekki á alveg sömu grastegundir í almennri túnrákt og beitartúnrákt. Vallarrýglesi, vallarfoxgras, hávingull og rauðsmári eru góð beitar- og túnráktargrös og að hafa vallarsveifgras og hvítismára í beitartúnnum styrkja svörðinn og eykur þol gegn traðki. Vallarfoxgras í hreinrákt er ekki heppilegt vegna



gisins svarðar og lítlis endurvaxtar. Kýr velja gjarnan smára í beit og bindur hann köfnunarefni úr andrúmslofti en gæta þarf þess að smári þolir illa súran jarðveg og þarf sýrustig jarðvegsins helst að vera yfir pH 6.

EKKI er ráðlegt að byrja að beita fyrr en grösin hafa komist yfir 10 cm hæð því þá þurfa kýrnar að fara yfir stærra svæði til að fá nóg í sig og ná ekki að hámarka átíð. Til að halda uppi afurðum ættu gripirnir líka að hafa aðgang að verkuðu fóðri allan beitartímann til að lágmarka áhrif af föðurbreytingum sem geta orðið þegar skipt er á milli beitarhólfra.

Meginhraefni mjólkur er vatn og þurfa kýr því stöðugt aðgengi að fersku vatni en vatnsþarfir mjólkurkúa geta verið 70-110 litrar á dag eftir því hve nýtháar þær eru. Er því gott aðgengi að fersku vatni nauðsynlegt í beitarhólfum.

Beitarskipulag

Þrjú helstu beitarkerfin eru stöðug beit, randabeit og skiptibbeit.

Stöðug beit er þegar kúnúm er beitt á sama svæðið samfellt í nokkurn tíma, nýting beitarinnar verður þá töluvart lakari samanborið við randabeit og skiptibbeit en er ekki eins vinnufrek. Véga verri nýtingar þarf stærra svæði til að halda góðum afurðum og þegar líður á beitartímann þurfa gripirnir viðbótarföður með beitinni til að halda uppi afurðum.

Randabeit er þegar gripunum er skammtað ákveðið magn af nýrri og ferskri beit með léttum rafstreng. Randabeit er oftast nýtt þegar beitin er gæðamikil og verðmæt, t.d. oft þegar grænföður er beitt svo sem föðurkál eða næpur. Nauðsynlegt er að allir gripir komist að beitinni í einu og betra að röndin sé lengri

og mjórri frekar en stutt og breiðari svo nýtingin verði betri. Hægt er að randabeita hefðbundin tún og grænföður með góðan endurvöxt en þá er rétt að friða þann part með rafstreng sem er búið að beita.

Skiptibbeit er þegar beitarlandinu er skipt niður í passlega stór hólf sem er beitt síðan koll af kolli í stuttan tíma í senn, helst 1-3 daga. Kýrnar fá með þessu móti alltaf hæfilega sprottna beit, að meðan fær grasið í hinum hólfunum frið til að spretna. Ráðlegt er að setja gripin í beitarhólf ðið þegar grashæðin er komin upp í 12-15 cm og hætt beit þegar grashæðin er komin niður í 5-8 cm. Í byrjun beitartímans er þó rétt að byrja í grashæðinni 8-10 cm. Hafa verður í huga að í hvert skipti sem beitarhólf er beitt minnkar nýtingin en gera má ráð fyrir að í hvert skipti sem kumur er boðið sama landið minnkar átíð um 7-10%. Einnig þarf að gera ráð fyrir að þurfa að stækka beitarhólfin eftir því sem líður á sumarið þegar grassprettan minnkar og gripunum verið beitt oft á sama landið, þá er líka einnig hægt að bæta við grænföðurbeit. Skiptibeitin er vinnufrekari en stöðuga beitin en skilar betri nýtingu og jafnari gæðum beitar sem skilar betri og jafnari dagsnyt kúnna.

Áburðarpörf og viðhald beitar

Bera þarf nokkuð minna af áburði á beitartún en hefðbundin tún og gott er að miða við að bera um það bil 60-70 kg/ha af köfnunarefni, 5-10 kg/ha af fosför og 0-20 kg/ha af kalí. Ef borið er að mikill áburður á beitartún getur styrkur einstaka næringarefna orðið of hár í byrjun beitartímabilsins sem getur orsakað vandamál. Of hár styrkur kalís getur aukið líkur á graskrampa og of hár styrkur köfnunarefnis getur



SAVAGE ARMS

Savage 93R17 17 HMR
með 3-9x40 sjónauka
kr 119.000

Savage 93R17 GXWP 17 HMR
kr 99.900

Savage 110 APEX PREDATOR XP
Sett Sjónauki 4-12x Vortex
cal 22-250-243-6,5 creed. Fótur, Deyfir sonic
kr. 234.900

Savage Stevens 334 Hnota
cal 243 og 6,5 creed
kr. 112.900

Savage Mark II FVXP
22cal með 3-9x sjónauka þungu hlaupi
kr. 89.900

Savage B22 FV-SR 22 cal
m/rail og snittáður
kr. 89.900

Vesturrost

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

valdið nítriteitrun og/eða þembu. Fyrirbyggja má nítriteitrun og þembu með því að hleypa kúnnum ekki út svöngum á þannig beit.

Með tímanum fara beitarhólfin að verða toppótt sem dregur úr áhuga kúnna á beitinni. Þarf þá að fara yfir túnin með hagasláttuvél bæði til að taka toppana og til að hindra að illgresi sái sér. Mikilvægt er að dreifa ekki úr kúadellunum í bithaganum því það spiller beitinni og er því mikilvægt að hagasláttuvélín sé með landhjólum og slegið sé ekki of nærrí jörð.

Gönguleiðir og mjaltaþjónar

Mikilvægt er að huga vel að gönguleiðum að beitinni, þær þurfa að vera greiðar, sléttar og passlega mjúkar til að allar kýrnar komist sem auðveldast að beitinni. Gróf möl hentar ekki í undirlag þar sem stakir steinar geta sáert klaufir kúnna. Gras er besta undirlagið en það má ekki vaðast upp, það þekkist að nýta gervigras á álagssvæðum.

Gæta þarf þess að það séu ekki flöskuhálsar líkt og þróng hlið þar sem þau eru líklegri til að vaðast upp í bleytutið. Mikilvægt er að beitarhólfin séu ekki langt frá fjósínu, þá sérstaklega hjá mjaltaþjónafjósum.

Útvist

Kum líður vel úti á beit og aukin hreyfing hefur ýmis jákvæð áhrif á líkamsstarfsemi þeirra. Við sjáum jákvæð áhrif á liði, vöðva, fætur og klaufir. Onæmiskerfi líkamans styrkist sem minnkar líkur á smiti og sjúkdómum, einnig er tíðni spenastiga lág og eykur útvistin hreysti gripanna. Það er því eftir tölverðu að slægjast með vel heppnaðri sumarbeit.

Höfundur er ráðunautur í föðrun.

*Lagakeppni
Skógardagsins mikla
i Hallormsstaðaskógi 22. júní 2024*

Í tilefni þess að Skógarlagurinn mikli á 20 ára ofmæli hefur framkvæmdastjórn ákvæðið að efna til samkeppni um lag.

Lag og texti þurfa að vera frumsamin.
Lengd lags má að hámarki vera 3,5 mín. og skal skilað á mp3 eða mp4 skrá ásamt texta og upplýsingum um höfund/höfunda á skogardagurinn@gmail.com Síðasti skiladagur er 25. maí 2024.

Nánari upplýsingar um keppnina má finna á Facebook síðu Skógardagsins mikla.

Vatnshitarar fyrir summarhús



Ýmsar gerðir af vatnshitum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.

Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-


Varmás

Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

BETRI ÁRANGUR MEÐ JOSILAC íblöndunarefni

10.190 kr. pr./bréf

9.390 kr. pr./bréf

Öll verð eru án vsk. Verð miðast við bréf (150g)

15% AFSLÁTTUR Í FORSÖLU
Gildir til 30. apríl

JOSILAC Ferm - 10.190 kr. - 15% afsl. 8.662 kr.
JOSILAC Classic - 9.390 kr. - 15% afsl. 7.982 kr.

Eykur fóðurgæði | Betri inntaka | Meiri meltanleiki
Heilbrigðari kýr | Betri afkoma

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | www.landstolpi.is
480 5600 | 480 5610 | landstolpi@landstolpi.is



Kristján og Kjartan eru ekki snjallmenni á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki - og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma 515 1100, eða á olis.is.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olis

Tafla 1 - Hrútar sem sýna mesta yfirburði innan bús í heildareinkunn

| Bú | Nafn | Númer | Faðir | Faðir nr. | Fj.lifl.lömb | Fj.slátlömb | Fallþ.eink. | Kjötm.eink. | Eink. lífflömb | Afkr.heildareink. | Fallþungi | Gerð | Fita | Ómvöðvi | Ómfita | Læri | Aldur |
|-----------------|---------|--------|--------------|-----------|--------------|-------------|-------------|-------------|----------------|-------------------|-----------|------|------|---------|--------|------|-------|
| Innri-Múli | Pór | 19-307 | Spakur | 16-302 | 10 | 57 | 122 | 138,8 | 145,4 | 135,4 | 19,9 | 12,6 | 7,1 | 29,1 | 3,9 | 18 | 144,2 |
| Gilsbakki | Pór | 20-398 | Mjölnir | 16-828 | 20 | 29 | 106,4 | 130,4 | 151,6 | 129,5 | 18,1 | 11,8 | 6 | 29,8 | 2,5 | 17,8 | 122,5 |
| Sandfellshagi 1 | Biti | 21-708 | Bórkur | 17-842 | 22 | 32 | 114,8 | 132,2 | 141 | 129,3 | 17,9 | 11,5 | 6,5 | 33,2 | 3,3 | 17,8 | 142,6 |
| Guðlaugsvík | Groddi | 21-141 | Viðar | 17-844 | 13 | 42 | 112,1 | 132,9 | 136,7 | 127,2 | 18,6 | 11,8 | 7 | 31,9 | 3,7 | 17,5 | 138,1 |
| Hríshóll 2 | Zakki | 20-560 | Viðir | 17-003 | 12 | 58 | 99,5 | 125 | 154 | 126,2 | 17,8 | 11,3 | 6,6 | 30,3 | 3,1 | 17,7 | 133,6 |
| Garður | Hersir | 22-255 | Hnokki | 19-874 | 16 | 40 | 101,8 | 138,2 | 134,8 | 124,9 | 17,7 | 11,4 | 6,8 | 33,1 | 3,5 | 18,2 | 134,9 |
| Ingjaldsstæðir | Reykur | 21-154 | Plástur | 19-071 | 8 | 29 | 103,3 | 128,6 | 141,6 | 124,5 | 18,6 | 11,7 | 7,5 | 37,5 | 3,4 | 18,8 | 127,8 |
| Garður | Valur | 19-255 | Svali | 18-251 | 19 | 59 | 97,7 | 143,9 | 130,3 | 124 | 17,3 | 10,8 | 6,3 | 32,4 | 2,9 | 17,8 | 136,2 |
| Kollsá | Gutti | 22-207 | Gauti | 21-245 | 11 | 28 | 104 | 124,1 | 143 | 123,7 | 18,2 | 10,7 | 6,8 | 31,6 | 3,1 | 17,8 | 128,4 |
| Sauðafell | | 22-366 | Svarti Sambó | 17-080 | 9 | 17 | 99,9 | 113,9 | 156,9 | 123,6 | 18,3 | 11 | 6,9 | 32 | 3 | 17,9 | 129,8 |
| Brúðastaðir | Otur | 20-030 | Fálki | 17-821 | 8 | 31 | 115,9 | 124 | 130,3 | 123,4 | 18,3 | 10,9 | 7,1 | 32,4 | 3 | 17,9 | 134,8 |
| Staður | | 22-075 | Dolli | 19-864 | 15 | 31 | 98,6 | 111,3 | 154,2 | 121,4 | 16,6 | 10,6 | 6,1 | 30,9 | 2,8 | 18 | 124,6 |
| Hrifla | Krókur | 19-069 | Hrókur | 18-067 | 16 | 44 | 93,5 | 145,3 | 124,2 | 121 | 16,9 | 11,5 | 6,5 | 33,3 | 2,8 | 17,9 | 141 |
| Innri-Múli | Dalur | 20-335 | Kubbur | 17-133 | 9 | 54 | 118,1 | 117,2 | 127,3 | 120,9 | 19,6 | 12,4 | 7,6 | 29,1 | 4,5 | 17,6 | 141,2 |
| Skerðingsstaðir | Mikk | 22-264 | Hamur | 19-865 | 8 | 24 | 109,9 | 127,6 | 124,5 | 120,7 | 18 | 10,5 | 5,5 | 31 | 3 | 17,9 | 133,2 |
| Hvammur | Þristur | 22-484 | Sæli | 19-467 | 14 | 19 | 107,9 | 120,2 | 133,4 | 120,5 | 17 | 10,1 | 6,4 | 29,9 | 2,8 | 17,5 | 146,8 |
| Heydalsá | Fjallíð | 21-130 | Pútín | 18-138 | 31 | 48 | 98,9 | 123,3 | 138,6 | 120,3 | 18,8 | 11,4 | 6,1 | 32,3 | 3,6 | 18 | 134,5 |
| Teigur | Ári | 21-390 | Draugur | 18-390 | 13 | 78 | 106 | 127,4 | 127,6 | 120,3 | 19,8 | 12,1 | 6,7 | 33,1 | 2,3 | 18,3 | 146,7 |
| Eiríksstaðir | Jarl | 22-020 | Suddi | 17-872 | 11 | 49 | 103 | 132,6 | 125 | 120,2 | 17,4 | 10,6 | 6 | 32,6 | 2,4 | 17,7 | 139,2 |

Tafla 2 - Hrútar með 128 eða meira í kjötmateinkunn

| Bú | Nafn | Númer | Faðir | Faðir nr. | Fj.lifl.lömb | Fj.slátlömb | Fallþ.eink. | Kjötm.eink. | Eink. lífflömb | Afkr.heildareink. | Fallþungi | Gerð | Fita | Ómvöðvi | Ómfita | Læri | Aldur |
|------------------|-----------|--------|-----------|-----------|--------------|-------------|-------------|-------------|----------------|-------------------|-----------|------|------|---------|--------|------|-------|
| Ytra-Vallholt | 144 | 22-488 | vv 872 | 21-491 | 8 | 36 | 99 | 154,8 | 104,2 | 119,4 | 17,8 | 12,1 | 6,7 | 30,3 | 3,5 | 17,8 | 163,7 |
| Hrifla | Krókur | 19-069 | Hrókur | 18-067 | 16 | 44 | 93,5 | 145,3 | 124,2 | 121 | 16,9 | 11,5 | 6,5 | 33,3 | 2,8 | 17,9 | 141 |
| Sauðafell | | 22-364 | | 21-373 | 8 | 49 | 93,2 | 141,5 | 123,4 | 119,4 | 17,8 | 11,4 | 6,5 | 29,5 | 2,8 | 17,5 | 133,5 |
| Innri-Múli | Pór | 19-307 | Spakur | 16-302 | 10 | 57 | 122 | 138,8 | 145,4 | 135,4 | 19,9 | 12,6 | 7,1 | 29,1 | 3,9 | 18 | 144,2 |
| Nýþugarðar | | 22-517 | Viðar | 17-844 | 8 | 32 | 98,3 | 138,6 | 122,9 | 119,9 | 17,3 | 11,4 | 6,7 | 31,6 | 2,5 | 17,8 | 148,5 |
| Bjarnarhöfn | Ljómi | 22-023 | Sómi | 20-004 | 14 | 32 | 104,1 | 138,2 | 110,1 | 117,4 | 19,9 | 11,8 | 6,9 | 29,3 | 2,9 | 17,9 | 144,8 |
| Melar | Björn | 22-117 | Sómi | 21-320 | 10 | 30 | 100,3 | 135 | 122 | 119,1 | 17,1 | 10,3 | 5,6 | 30,1 | 2,2 | 17,6 | 145,8 |
| Fremri-Gufudalur | Úlli | 22-408 | Kóngur | 20-409 | 12 | 22 | 99,9 | 134,6 | 93,4 | 109,3 | 18,2 | 10,6 | 6 | 28 | 2,8 | 17,3 | 133,2 |
| Valþúfa | Fílófetes | 21-301 | Hades | 20-306 | 16 | 75 | 76,5 | 134,3 | 110 | 107 | 15,8 | 10,4 | 5,7 | 29,8 | 2,7 | 17,2 | 132,5 |
| Nýþugarðar | | 22-520 | Kostur | 19-849 | 8 | 16 | 90,8 | 133,1 | 101,2 | 108,4 | 16,3 | 11 | 6 | 31 | 3,3 | 17,6 | 155,4 |
| Eiríksstaðir | Fönix | 21-010 | Fálki | 17-821 | 12 | 32 | 106 | 133 | 106,2 | 115,1 | 17,8 | 10,6 | 5,8 | 31,9 | 2,8 | 17,7 | 136 |
| Guðlaugsvík | Groddi | 21-141 | Viðar | 17-844 | 13 | 42 | 112,1 | 132,9 | 136,7 | 127,2 | 18,6 | 11,8 | 7 | 31,9 | 3,7 | 17,5 | 138,1 |
| Sandfellshagi 2 | Gári | 22-712 | Galli | 20-875 | 9 | 62 | 94,9 | 132,6 | 112,5 | 113,3 | 16,2 | 10,4 | 5,6 | 31,4 | 3 | 17,8 | 138,3 |
| Eiríksstaðir | Jarl | 22-020 | Suddi | 17-872 | 11 | 49 | 103 | 132,6 | 125 | 120,2 | 17,4 | 10,6 | 6 | 32,6 | 2,4 | 17,7 | 139,2 |
| Hrútatunga | Kobbi | 22-131 | Dalton | 19-115 | 11 | 39 | 97,7 | 132,2 | 129,3 | 119,7 | 17,2 | 9,9 | 5,8 | 28,5 | 2,7 | 17,2 | 139,6 |
| Sandfellshagi 1 | Biti | 21-708 | Bórkur | 17-842 | 22 | 32 | 114,8 | 132,2 | 141 | 129,3 | 17,9 | 11,5 | 6,5 | 33,2 | 3,3 | 17,8 | 142,6 |
| Ingjaldsstæðir | Þristur | 22-157 | Galli | 20-875 | 14 | 35 | 93,2 | 131,6 | 104,7 | 109,8 | 17,7 | 11,9 | 7,6 | 34,6 | 3,3 | 18,2 | 139,1 |
| Gilsbakki | Pór | 20-398 | Mjölnir | 16-828 | 20 | 29 | 106,4 | 130,4 | 151,6 | 129,5 | 18,1 | 11,8 | 6 | 29,8 | 2,5 | 17,8 | 122,5 |
| Húsavík | Sólskær | 21-365 | Kornelius | 19-315 | 11 | 36 | 102,7 | 128,8 | 125,3 | 118,9 | 18,4 | 11,3 | 7 | 30,6 | 3,7 | 17,9 | 135,2 |
| Ingjaldsstæðir | Reykur | 21-154 | Plástur | 19-071 | 8 | 29 | 103,3 | 128,6 | 141,6 | 124,5 | 18,6 | 11,7 | 7,5 | 37,5 | 3,4 | 18,8 | 127,8 |

Tafla 3 - Hrútar með 117 eða meira í fallþungaeinkunn

| Bú |
| --- |



Gutti 22-207 frá Kollsá við Hrútfjörð.

Verðmætastir eru að sjálfsögðu gripir sem ná fráberum árangri í öllum þremur þáttunum sem heildareinkunn er reiknuð út frá. Þór 19-307 frá Innri-Múla er dæmi um slíkan grip enda má finna hann ofarlega í öllum töflunum. Púki 20-011 frá Sauðanesi á Langanesi nær hæstu fallþungaeinkunn í samanburði fyrir félaga sína. Fallþungi slátlambra undan Púka er 1,9 kg hærri en meðalfallþunginn í rannsókninni á Sauðanesi. Meðalaldur slátlambra í rannsókninni er tæpir 135 dagar. Slátlömb undan Púka eru aðeins undir þeim aldrí. Þau hafa þyngst um 150 grómm á dag sem er frábær vaxtarhraði. Faðir Púka kemur frá Hagalandi í Þistilfirði, dótturnorson Saums 12-915 frá Ytri-Skóggum. Í móðurett rekur hann aettir sínar mikið í heimaféð á Sauðanesi.

Í töflu fjögur má sjá þá stöðvahrúta sem áttu flesta syni sem tóku þátt í afkvæmarannsóknunum á síðasta ári. Galli 20-875 frá Hestí á 22 syni en aðeins einn sona hans nær þó að standa efst í heildareinkunn á sínum heimabúum. Næstur kemur Glitnir 19-848 frá Efri-Fitjum með 17 syni og 3 þeirra ná að standa efst í heildareinkunn á heimabúum. Glitnir átti einnig næstfesta syni á síðasta ári og greinilegt að margir sona hans eru að standi sig vel sem lambafeður. Kapall 16-869 frá Hvöli á 15 syni en enginn þeirra nær að standa efst. Næstur er svo Rammi 18-834 frá Hestí með 14 syni og greinilegt að synir hans reynast vel því hér er aðeins um eldri hrúta á ræða. Viðar 17-844 frá Bergsstöðum átti langfesta syni í sambærilegri töflu á síðasta ári. Hann á enn 13 syni og þar af standa 3 þeirra efst í sínum heimabúum. Synir Viðars eru margir prýðilegir lambafeður. Það verður samt aldrei of oft varað við erfðagallanum bógkreppu sem um helmingur þeirra er væntanlega að dreifa til afkomenda sinna þó leyt fari. Hjá kollóttu hrútunum á Dolli 19-864 frá Miðdalsgröf 13 syni í



Hersir 22-255 frá Garði í Þistilfirði.

afkvæmarannsóknunum. Einn þeirra stendur efst á sínu heimabúi. Næstur kemur Fálki 17-821 frá Bassastöðum með 10 syni sem allt eru eldri hrútar. Tveir þeirra standa efstir á sínum heimabúum að þessu sinni.

Afkvæmarannsóknir hjá bændum hafa gegnt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu í sauðfjárrækt um árabil. Margoft hafa niðurstöður úr einstökum rannsóknum beint kastljósini að efnilegum hrúrum sem síðar hafa endað sem stöðvahrútar. Riðuarfgerð lamba mun væntanlega ráða mestu við ásetningsval á mör gum búum á allra næstu árum. Þá hafa bændur verið hvattir til að skipta hrúrum örth út, sérstaklega þar sem keyra á hratt á innleiðingu ARR genasamsætunnar, til þess að forðast af mikla aukningu á skyldleikarækt.

Pví er enn mikilvægara en áður að vanda valið á þeim hrúrum sem fá áframhaldandi notkun og eru vel skipulagðar afkvæmarannsóknir ein besta leiðin til að velja af kostgæfni hvaða hrútar ættu að fá áframhaldandi notkun.

Höfundur er ráðgjafi á búsfjárræktar- og þjónustusviði RML

Tafla 4 - Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknunum 2023

| Hrútur | Fjöldi sona | Hrútur | Fjöldi sona |
|----------------|-------------|----------------|-------------|
| Galli 20-875 | 22 | Dollí 19-864 | 13 |
| Glitnir 19-848 | 17 | Fálki 17-821 | 10 |
| Kapall 16-869 | 15 | Glaesir 19-887 | 5 |
| Rammi 18-834 | 14 | Bíkar 17-852 | 4 |
| Viðar 17-844 | 13 | Þokki 17-853 | 4 |
| Kurdo 20-878 | 12 | Tónn 18-855 | 4 |
| Völlur 18-835 | 11 | Svördur 18-854 | 4 |
| Hnokki 19-874 | 10 | Móri 19-888 | 4 |
| Kostur 19-849 | 10 | | |



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

Pressaðu á gæðin



CHAMPION
FM15

REYKJAVÍK AKUREYRI 590 5100 klettur.is

CHAMPION

KLETTUR

CFMOTO fjórhjólin fást hjá okkur

CFMOTO 520



Kr. 1.449.000,-
Án vsk. Kr. 1.168.548,-

CFMOTO 625



Kr. 1.599.000,-
Án vsk. Kr. 1.289.516,-

CFMOTO 850



Kr. 1.919.000,-
Án vsk. Kr. 1.547.580,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, sætisbaki, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvbremsum, álfelgum og eru tveggja manna traktorsskráð. Nánari upplýsingar á www.nitro.is

Umboðsaðilar: **Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðarkróki. **AB varahlutir**, Egilsstöðum. **Lyngás**, Hellu. **Bikevik**, Reykjanesbæ.

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848

Riðuarfgerðargreiningar – hagnýt atriði fyrir sauðburð

Mikilvægur liður í innleiðingu verndandi arfgerða í sauðfjárhússtofninn er markvissar arfgerðargreiningar til að fylgja eftir notkun gripa sem bera verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerðir.



Nú stefnir í að umfang arfgerðargreininga verði meira en nokkrum sinnum áður í íslenskri sauðfjárrækt. Skýringin á því er sú að í vetr voru notaðir mjög víða hrútar sem bera V eða MV arfgerðir og góð páttakar var í sæðingum þar sem langmest var sett með ARR hrútum.

Nánast allir ARR hrútar og megnið af þeim sem bera MV arfgerðir eru arfblendnir og því er eina leiðin til þess að vita hvort lömbin sem fæðast undan þeim hafði hreppr hnossið er að arfgerðargreina þau. Hér fylgja upplýsingar um nokkur praktisk atriði.

Greining sýna, verð og niðurgreiðslur

Sýni á vegum RML eru greind hjá Íslenskri erfðagreiningu. Heildarkostaður við hvert sýni (greining, hylki, umsysla) er 1.600 kr. + vsk. Matvælaráðuneytið mun styðja við verkefnið, til að hvetja til markvissrar ræktunar fyrir verndandi arfgerðum. Styrkir á hvert sýni úr gripum sem eru afkvæmi ARR gripa verða 1.300 kr. og á afkvæmi MV gripa 650 kr. Þá verða greiningar á öllum ásettum hrútum niðurgreiddar um 1.300 kr.

Verð til bænda eru því:

Afkvæmi ARR gripa: 300 kr. + vsk.
Afkvæmi MV gripa: 950 kr. + vsk.
Allir ásettir hrútar haustið 2024: 300 kr. + vsk.
Önnur sýni: 1.600 kr. + vsk.

Verndandi arfgerðir teljast hér allar arfgerðir sem innihalda ARR. Mögulega verndandi arfgerðir eru þær sem innihalda breytileikana T137, C151 og H154.

Styrkirkir verða dregnir frá greiningarkostnaði þegar verkefnið verður gert upp í lok árs og verður þá miðað við upplýsingar í Fjárvís 13. desember, en þá ætti að liggja fyrir hvaða hrútar voru settir á.

Styrkupphæð er birt með fyrirvara um að heildarupphæðin sem er eyrnamerk verkefnið dugi en að teljanir gera ráð fyrir umfangsmiklum sýnatökum og almennri þátttuðu í verkefnið. Verður því að teljast ólíklegt að til þess komi að styrkirkir lækki.

Pantanir

Hylki vegna sýnatoku og tangir er hægt að panta í gegnum heimasiðu RML. Á heimasiðunni er hnappur sem leiðir menn inn í netverslun þar sem hylkin eru nú pöntuð. Hvert hylki er selt á 300 kr. + vsk. og mun sú upphæð dragast af sýnatökukostnaði. Þannig að þegar búið er að kaupa hylkið standa eftir 1.300 kr. + vsk. Eigi bændur hylki frá fyrra ári er hægt að nota þau.

Líkt og kynnt hefur verið, var einungis hægt að óska eftir því að sækja hylki á starfsstöð ef pantad væri fyrir 7. apríl, verða því hylkin sem pöntuð eru á næstu vikum send með pósti.

Úr hvaða lömbum þarf að taka sýni?

Áður en pantad er þurfa bændur að leggja niður fyrir sér umfangið.



Efni til sýnatoku; töng, hylkin klár í númeraröð og sýnatökublað.

Mynd / Aðsend

Þeir sem munu eiga meira af lömbum með V og MV arfgerðir en nýta til ásetnings gætu því þurft að takmarka eitthvað sýnatökuna, en óþarfí er að greina lömb sem fyrirsjáanlegt er að verði sláturlömb. Þar sem notaðir hafa verið arfblendnir hrútar og því „vinningslíkurnar“ 50% að lambið beri V eða MV arfgerð gæti þumalputtareglan verið að sýnatökubörfin verði rúmlega tvísvar sinnum sá fjöldi lamba sem setja skal á eða selja. Líklegt er að flestar gimbrar sem bera V eða MV nýtist til ásetnings en ljóst er að ekki verða allir hrútar settir á.

Áherslurnar ættu því að felast í því að taka sýni úr sæðingalömbunum, álitlegum ásetningslömbum sem gætu borið V eða MV arfgerðir og sérstaklega að reyna að ná úr öllum lömbum sem gætu verið arfhltein V/V eða MV/MV eða arfblendnir V/MV. Mikill akkur er í því að koma upp hrútum sem fyrst sem bera tvö „græn flögg“ og á áhettusvæðum ætti annað flaggið að vera dökkgraent (gripurinn beri a.m.k. eina ARR samsætu).

Framkvæmd sýnatoku

- Sýni sem taka á úr lömbum í vor er best að taka jafnóðum og markað er. Þar sem sýnið er tekið með töng sem skilur eftir gat í eyran, er upplagt að setja lambanúmerið í „sýnatökugatið“. Hylkjunum fylgja sýnatökublöð (sem einnig verður hægt að prenta út úr Fjárvís). Lambanúmerið er svo skráð hjá viðkomandi sýnanúmeri á sýnatökublaðinu.

- Mælt er með því að raða sýnahylkjunum upp í númeraröð (t.d. festa þau upp á vir) fyrir sauðburð. Það mun flýta fyrir bændur geta fylgst með því inn í Fjárvís hvað þeir eiga af ónotuðum hylkjum.

- Eigi menn eftir hylki sem á t.d. að nota í haust, geta þeir prentað út sýnatökublað með þeim hylkjum sem til eru á lager búsin. En hér eftir verða hylkin sem afhent eru bóna skráð á búið í Fjárvís og því munu bændur geta fylgst með því inn í Fjárvís hvað þeir eiga af ónotuðum hylkjum.

Þar sem búist er við að miklu magn sýna komi inn að loknum sauðburði er ekki hægt að reikna með að niðurstöður fari að berast inn í Fjárvís fyrir en líður á sumarið en allar niðurstöður ættu þó að vera komnar fyrir haustið.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktarsviði



Jafnari og betri dreifing og nýting köfnunarefnis næst með notkun slöngubúnaðar. Slöngubúnaður gerir kröfur um meiri þynningu á mykjunni en ef dreifispjald er notað og það getur þýtt að fara þurfi fleiri ferðir þegar notaður er slöngubúnaður því magnið verður meira.

Myndir / Aðsendar

Vordreifing búfjárburðar

Búfjárburður inniheldur meðal annars köfnunarefni (N), fosför (P) og kalí (K) í því magni að með réttari notkun hans má spara kaup á tilbúnum áburði í nokkrum mæli.

Til að svo megi verða þarf dreifing að eiga sér stað á réttum tíma, við réttar aðstæður og að vandað sé til hennar. Til að átta sig á því hvaða sýna og skráð að Fjárvís. Fyrir þá sem þurfa að skrá mörk sýni getur verið heppilegt að forsírá þau með því að lesa inn exelskjali með upplýsingum um sýnanúmer, lambanúmer og fæðingarár (undir forsíráningu er farið í „innlestur sýna á grip“).

• Hylkin má geyma úti í fjárhúsum. Eftir að búið er að taka sýnið þola þau bæði frost og nokkurn hita, en hins vegar er best þegar verið er að safna þeim saman yfir lengri tíma að geyma þau í ísskáp eða svölum stað þar sem ekki eru miklar hitasveiflur.

Að senda sýnin

Þegar sýnatoku er lokið í vor er best að senda sýnin strax til greiningar. Í vor er lagt upp með að sýni af Norður- og Vesturlandi sé skilað inn á starfsstöð RML á Hvanneyri og sýni af Suður- og Austurlandi sé skilað inn á starfsstöð RML í Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á fylgiblöðum með hylkjunum. Með hylkjunum þarf að fylgja sýnatökublaðið en þau eru varðveisst hjá RML. Best er því að bónindinn sé búinn að forsírá sýni þegar hann sendir þau frá sér, að öðrum kosti taki menn afrit/mynd af sýnatökublaðinu.

Eigi menn eftir hylki sem á t.d. að nota í haust, geta þeir prentað út sýnatökublað með þeim hylkjum sem til eru á lager búsin. En hér eftir verða hylkin sem afhent eru bóna skráð á búið í Fjárvís og því munu bændur geta fylgst með því inn í Fjárvís hvað þeir eiga af ónotuðum hylkjum.

Þar sem búist er við að miklu magn sýna komi inn að loknum sauðburði er ekki hægt að reikna með að niðurstöður fari að berast inn í Fjárvís fyrir en líður á sumarið en allar niðurstöður ættu þó að vera komnar fyrir haustið.

Form

Þegar N í búfjárburði er mælt í efna greiningum er niðurstaðan sett fram sem heildar N og sem N á formi ammonium. Mismunurinn á þessum gildum gefur þá það magn af N sem er bundið í lífrænu efni búfjárburðarins. N á formi ammonium verður aðgengilegt plöntum strax eða fljótt eftir dreifingu en N sem er bundið í lífrænu efni búfjárburðar er þá minna aðgengilegt plöntum en verður það á lengri tíma þegar lífræna efnið brotnar niður fyrir tilstöðlan ymissa lífvera í jarðveginum. Hænsnaskítur er samt undantekning frá þessu því köfnunarefnið í honum umbreyttist hratt á aðgengilegt form fyrir plöntur þó það sé að miklu leyti bundið í lífrænum samböndum.

Hlutfall N á formi ammonium er meira í þynnri búfjárburði s.s. mykju (u.p.b. 40-60%) heldur en í taði, í skít blönduðum undirburði eða moltu þar sem það er u.p.b. 20-30% af heildar N. Þetta er gott að hafa í huga þegar ákveðið er hvernig og hvar tilteknun búfjárburði er dreift.

Þykkt mykju er misjöfn eftir aðstæðum og ræðst af því hve miklu er blandað í hana af vatni. Mikilvægt er að vita efnainnihald og þurrefni mykjunar við dreifingu svo finna megi út hve miklið er borið á af einstökum næringarefnum. Meiri þynnning bætir nýtingu köfnunarefnis í mykju og eru þau áhrif talin ná niður 1% þurrefni.

Það er einnig breytilegt eftir aðstæðum hve miklið er af næringarefnum í taði og æskilegt að láta efnagreina sýni úr því. Höfundur er ráðunautur á búfjárræktarsviði

Eins og fyrr segir er um eða riflega helmingur köfnunarefnis í mykju á formi ammonium og er aðgengilegt plöntum fljótt eftir dreifingu

Dreifing

mykjunar. Það er því best að dreifa mykju á vorin þegar plönturnar geta tekið þetta köfnunarefni upp hratt og vel og þannig að nýting þess verði sem best. Þegar hugað er að dreifingu verður að gæta þess að jarðvegurinn boli örugglega þann þunga og umferð sem henni fylgir. Of mikil þjóppun jarðvegs skaðar jarðvegsbyggingu og veldur verri nýtingu áburðar, lakari endingu sáðgresis og minni uppskeru. Þjóppun af umferð er líklega einn af þeim þáttum sem valda mestum skaða í túnrækt. Dreifing á tun að hausti gefur jafnan verri nýtingu á köfnunarefni en vordreifing. Aðstæður og veður við dreifingu skipta mál, þannig verður nýting köfnunarefnis lakari við hærri loftthita og einnig eru áhrif af vindu neikvæð. Köfnunarefni tapast úr mykju sem liggar á yfirborði í lengri eða skemmi tíma, því hefur hæfileg úrkoma við dreifingu eða að henni lokinni jákvæð áhrif. Einnig veldur meiri þynnning því að mykjan renni betur niður og liggi síður á yfirborði túns. Sum staðar hefur búfjárburður verið dreift síðla vetrar eða í byrjun vorkomu á auða og freðna jörð m.a. vegna þess að geymslurými er ekki nægt. Við þær aðstæður ætti að dreifa það á lengri tíma þegar lífræna efnið brotnar niður fyrir tilstöðlan ymissa lífvera í jarðveginum. Hænsnaskítur er samt undantekning frá þessu því köfnunarefnið í honum umbreyttist hratt á aðgengilegt form fyrir plöntur þó það sé að miklu leyti bundið í lífrænum samböndum.

Við eðlilegar aðstæður er ekki hætta að fosför eða kalí úr búfjárburði tapist. Þær aðstæður geta þó skapast ef áburður rennur á yfirborði burt af túni eða úr akri sem sjaldan ætti þó að gerast ef jörð er þýð. Mjög mikil úrkoma getur valdið útskoluð þegar næringarefni skolast niður í jarðveginn og verða þannig ekki aðgengilegt plöntum. Mest er hættan á að kalí og auðleystu köfnunarefni skoli þannig út og gerist þá helst í sendnu landi eða öðrum gljúpum jarðvegi.

Yfirleitt er ekki ástæða til að bera meira á af búfjárburði en sem nemur því magni sem uppfyllir þarfir spildi fyrir fyrsta næringarefnið af N, P eða K. Oftast á þetta við um kalí því búfjárburður er jafnan kalírikur. Jákvæð áhrif búfjárburðar á gæði jarðvegs og heilbrigði hans mæla með því að honum sé reglulega dreift á sem stærstan hluta ræktanda lands þar sem því er við komið en eðlilegt er samt að mikilvægustu spildurnar hafi forgang að honum.

Búnaður

Við dreifingu á mykju hér á landi er algengast að á mykju-vagninum eða haugsugunni sem



Haugtað sem staðið hefur úti og verkast inniheldur lítið af köfnunarefni sem nýtist fljótt.

notuð eru til flutnings og dreifingar sé dreifispjald eða slöngubúnaður. Helsti munurinn á þessum aðferðum er sá að slöngubúnaðurinn leggur mykjuna á yfirborð jarðvegsins þannig að mun minna af henni fer á túngóðurinn og spretta má vera komin lengra þegar dreift er á án þess að hætta sé á að uppskeran verði menguð eða ólystug. Jafnframt næst með slöngubúnaði jafnari og betri dreifing og nýting köfnunarefnis úr mykjunni verður að öllu jöfnu betri. Slöngubúnaður gerir kröfur um meiri bynningu á mykjunni en ef dreifispjald er notað og það getur þýtt að fara þurfi fleiri ferðir þegar notaður er slöngubúnaður því magnið verður meira. Vandamál getur verið á vorin að finna besta tímann til mykjudreifingar þannig að ekki verði skemmdir á túnum af umferð þunga tækja. Þeim bændum fjölgar sem sjá hag í því að aka ekki með mykjuna út á tún í mykjuvögnum eða hauggugum, heldur dæla henni beint úr hauggeymslu út á tún um slöngur og dreifa henni á túninn með slöngubúnaði aftan á dráttarvél (stundum nefnt naflastrengur).

Búfjáraburður eins og hálmskítur og heyblandað tað inniheldur lítið af köfnunarefni sem nýtist plöntum fljótt. Best er að nota hann í flög, plægja hann niður eða vinna hann vel niður. Ef undirburðurinn er stór hluti taðsins getur það í fyrstu haft neikvæð áhrif á nýtingu köfnunarefnis úr öðrum áburði. Ástæðan er sú að bakterfur í jarðveginum sem

Höfundur er ráðunautur í jarðrækt.

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári


Skráning á námskeið er
inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á
meiraprof@meiraprof.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

Réttindin gilda
í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



Fisléttu fjárgindurnar

Ótrúlega léttar og liprar. Hægt að krækja saman án aukahluta.
Stærð 180 x 100 cm. Þéttari bil í neðri hluta.

Óbreytt verð:

Verð kr. 9.900 auk vsk. ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri.
Verð 1 stk. kr. 11.900 auk vsk.

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar.
Sent hvert á land sem er.



Pantanir og upplýsingar í sínum 899-1776 og 669-1336.

VARAHLUTIR Í KERRUR

KNOTT
AL-KO
QUALITY FOR LIFE
DEXTER

Bílabúðin
Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag heilsuseturs á Krosseyri.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu heilsuseturs þar sem skilgreindir eru sex byggingarreitir en skipulagssvæðið er rúmir 4 ha að stærð. Lögð er áhersla á vistvæna hönnun. Tillagan er í samræmi við þær heimildir fyrir annars konar þjónustu á landbúnaðarsvæðum skv. skilgreiningu gildandi aðalskipulags.

Deiliskipulag skóla-, íþróttá- og þjónustusvæðis á Bíldudal.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lóð fyrir nýjan grunn- og leikskóla á Bíldudal ásamt því að búa til heildstætt skóla-, íþróttá- og þjónustusvæði. Deiliskipulagið er um 1 ha að stærð og afmarkast við Hafnarbraut í norðri og strandlinu í suðri.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 25. mars til 6. maí 2024 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is sem og undir málsnúmerum 309/2024 og 307/202 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 6. maí 2024.

Skila skal athugasemnum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.



Vesturbyggð
Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Pistill formanns

Breytingar

Það hefur dregið til tíðinda á ýmsum vígstöðvum í samfélagi okkar síðustu mánuðina. Eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar undir forsæti Bjarna Benediktssonar hefur landbúnaðurinn fengið nýjan matvælaráðherra, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur, sem við bjóðum hjartanlega velkomna til sinna ábyrgðarmiklu starfa.

Stjórnarsáttmálinn er óbreyttur og vonandi sömuleiðisá langþráði góði skilningur sem stjórnvöld hafa sýnt mállefnum landbúnaðarins að undanförmu. Á sama tíma er aðdragandi forsetakosninga í ágleymingi og þjóðin á leið að kjörborðinu til þess að kjósa sér nýjan „bóna að Bessastaði“ eins og stundum er komist að örði enda þótt landbúnaður hafi löngr verið lagður af á þeim bænum. Til viðbótar hafa jarðhræringar og eldsumbrot við Grindavík minnt okkur að búseta í okkar ástökæra landi elds og ísa getur verið viðsjárverð og nauðsynlegt að umgangast móður jörð bæði af virðingu og varfærni.

Kastljós fjlömiðla og umræður í fermingarveislum vorsins snúast eðilega um þessi stóru mál. Ónnur komast minna að þrátt fyrir frétnæmar breytingar sem skipt geta þjóðarhag miklu máli. Þar hef ég sérstaklega í huga þau tíðindi að stjórnvöld hafi loksins breytt búvorulögum til augljórsa hagsbóta fyrir bændur, viðnslugeirum og neytendum. Og ég hef líka í huga þær breytingar sem nýlega voru gerðar í forystusveit Bændasamtaka Íslands. Ný stjórn er staðráðin í að láta hendur standa fram úr ermum ásamt samhentum og metnaðarfullum hópi starfsfólks síns. Vonandi er að hvort tveggja framangreint verði íslenskum landbúnaði lyftistöng á næstu misserum og árum.

Þeir eru fáir – ef nokkrir – sem ekki gera sér grein fyrir mikilvægi þess að sveitir landsins og náttúrulegar auðlindir okkar súttar til matvælaframleiðslu. Og það er heldur enginn sem lætur sér detta það í hug að slíkt sé mögulegt án þess að stuðningur samfélagsins sé a.m.k. með svipuðum hætti og gerist hjá öðrum þjóðum bæði nær og fjær. Enginn landbúnaður fær þrifist án meðgjafar. Fyrirkomulag hennar er vissulega ólíkt á milli landa en þegar grannt er skoðað er tilkostnaðurinn svipaður í öllum heimshornum ...“



Trausti Hjálmarsson.

detta það í hug að slíkt sé mögulegt án þess að stuðningur samfélagsins sé a.m.k. með svipuðum hætti og gerist hjá öðrum þjóðum bæði nær og fjær. Enginn landbúnaður fær þrifist án meðgjafar. Fyrirkomulag hennar er vissulega ólíkt á milli landa en þegar grannt er skoðað er tilkostnaðurinn svipaður í öllum heimshornum. Ísland er engin undantekning frá reglunni.

Grundvallarmarkmið allrar framleiðslu hljóta ávallt að snuast um það tvennt að hámarka gæði en lágmarka kostnað og til viðbótar eru sem betur fer gerðar miklar kröfur um vistvæn vinnubrögð. Á flestum póstum framleiðsluflerlanna hefur íslenskur landbúnaður um langt skeið verið í allra fremstu röð. En ekki öllum. Það hefur t.d. lengi verið kjötframleiðslu í landinum sjötur um fót að afurðastöðvum hefur verið meinað að eiga með sér samstarf, skipta með sér verkum og sérhæfa sig – svo ekki sé minnst á mögulegar sameiningar til frekari hagræðingar. Fyrir vikið hefur miklum fjármunum verið kastað á glæ i margar áratugi. Þeim verðmaetum hefði að sjálfssögðu verið betur varið til þess að hækka verð fyrir frumframleiðslu bænda, lækka verð til neytenda eða bæta óviðunandi afkomu vinnslustigins. Góðu fréttirnar eru auðvitað að hægt er að gera þetta allt í sem. Bændur vilja ekkert frekar en að fá annars vegar sanngjörn og samkeppnishæf laun fyrir vinnu sína og hins vegar að nýta auðlindir okkar gjöfulu íslensku náttúru til framleiðslu hágæðavöru sem hægt er að bjóða neytendum á góðu verði.

Breytingarnar á búvorulögum eru langþráð og löngu tímaða skref í þessa átt. Sjálfur er ég ekki í nokkrum vafa um að þær muni nýtast bændum og almenningi eins og til er ælast. Á sama tíma virði ég sjónarmið þeirra sem endurspeglar tortryggjini og efasemdir um gagnsemi breytinganna. Vonandi er að þau skoðanaskipti sem fram undan eru verði mállefnaleg og uppbryggjandi.

Í þeim munu Bændasamtök Íslands vafalitið halda áfram að leggja orð í belg og halda á lofti mikilvægi þess að landbúnaður okkar Íslendinga búi við svipað rekstrarumhverfi og gildir í viðmiðunarlöndum okkar. Ný stjórn samtakanna er staðráðin í því að eiga eins mikið og heiðarlegt samtal við þjóðina og mögulegt er. Við eignum mikil tækifæri til sóknar á ýmsum vígstöðvum landbúnaðarframleiðlunnar. Ég er ekki í vafa um að í krafti samstarfs og samstöðu getum við ekki einungis varðveitt þetta dýrmæta fjölegg okkar heldur tryggt því verðugan sess á fremsta bekk í verðmætaskópun þjóðarbúsins.

Trausti Hjálmarsson,
formáður Bændasamtaka Íslands.

Réttarfréttir:

Kýr eiga rétt á að bíta gras

Þó að kýr séu dýr njóta þær ymissa réttinda. Þetta kann að hljóma furðulega en er samt sem ádur hluti af þeiri umgjörð sem sköpuð hefur verið í kringum dýrahald á Íslandi.

Kýr geta eðlilega ekki sjálfar leitað til dómstóla til að fá úrlausn síma mála og því eru það eigendur eða umráðamenn kúnna sem eru ábyrgir fyrir því að þær njóti sinna réttinda. Með lögum um velferð dýra er til dæmis sett það markmið að dýr geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt. Auk þess segir í lögnum að umráðamönnum dýra beri að tryggja dýrunum góða umönnun, þar með talið að tryggja grásbitum beit á grónu landi á sumrin. Þessi skylda er nánar útfærð í reglugerð um velferð nautgripa þar sem segir:

Allir nautgripir, að undanskildum graðnautum, skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta, á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert. Aðgangur að útgerði uppfyllir ekki kröfu um útvist á grónu landi.

Getur bóni fengið sekt eða farið í fangelsi?

Fyrir stuttu lagði MAST stjórnvaldssektir á þrjá kúabændur á Vesturlandi sem höfðu samkvæmt stofnuninni ekki tryggt útvist kúa sumarið 2023. Um var að ræða umtalsvert háar sektir, eða á bilinu 350-540 þúsund krónur. Rétt er í þessu sambandi að hafa í huga að þessir sömu bændur, bæti þeir ekki úr, geta fengið sekt aftur á þessu ári. Þegar kemur að því að eftirlitsstofnun telji þörf á að sekta eða senda mál í ákæruferli þá verður stofnunin að hafa uppfyllt allar skyldur samkvæmt stjórnsýslulögum, þar á meðal rannsóknarreglna. Einnig er skýrt í lögum um meðferð sakamála að fari mál í ákæruferli þá hvílir sönnunarþyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja megi honum í óhag, á ákæruvaldinu.

Þrátt fyrir að það séu augljósar vankantar á því að hafa eftirlit með kröfum eins og útvist kúa er ekki útilokað að eftirlitsstofnun/ákæruvaldið geti sýnt fram á brot gegn slíkum skyldum, til dæmis

tryggja útvist er árleg. Þannig má gera ráð fyrir að það kæmi til álita hjá stofnuninni að kæra til löggreglu brot gegn því að tryggja útvist kúa ef brotið er Hilmar Vilberg Gyfason.



á grundvelli eftirlitsskýrla, vettvangsskoðana og með skýrslutökum.

Hugleidningar

Þeim sem þetta ritar er kunnugt um að ýmis rök eru fyrir því að bændur telja sér ekki fært að setja mjólkurkýr út á beit. Má þar nefna aukna slysatiðni hjá gripunum, júgurslit og að nyt falli verulega. Í rekstri kúabúa eru öll þessi atriði talin áföll sem hafa í för með sér fárhagslegt tjón auk þess sem bændur reyna eðlilega eftir fremsta megni að komast hjá slysum á gripum.

Stjórnvöld leggja í dag ofuráherslu á framleiðni í landbúnaði, en það sjónarmið kom ítrekað fram við samningaborðið við nýafestaðna endurskoðun búvorusamninga. Þegar kerfi sem byggja á dýraliði eru leidd af slíkum markmiðum þá er hætt að markmið dýravelferðar og framleiðnimarkmið fari að rekast á. Hluti af ímynd íslensks landbúnaðar er mikið heilbrigði gripa og þar þurfum við að vera til framtíðar, útvist kúa hefur fram að þessu verið talin nauðsynleg til að tryggja það.

Spyrja þarf því þeirrar spurningar hvort vel hannað, vel hirt og vel loftstræst lausagöngufjós tryggi velferð gripanna. Þessi mál þarf að skoða þannig að hægt sé að finna leið sem samræmir markmið dýravelferðar og markmið um aukna framleiðni sem jafnframt hefur beina tengingu við loftslagsmarkmið stjórnvalda.

Tilvísanir:

Lög um velferð dýra nr. 55/2013, aðallega 1. gr., 14. gr., 42. gr. og 45. gr. Reglugerð um velferð nautgripa nr. 106/2014, aðallega 17. gr. og 18. gr. Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, aðallega 108. gr. Héraðsdómur Austurlands, dómur nr. S-197/2023. Frétt á vef MAST, dags. 1.3.2024: Dagsektir og stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um velferð dýra.

Höfundur er yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands og fulltrúi samtakanna í fagráði um velferð dýra.

BYKO
GERUM HETTA SAMAN

STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmeðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VÉLSMIÐJA GRUNDARHJARÐAR

Hvaða máli skiptir forseti Íslands fyrir bændur?

Hvaða máli skiptir embætti forseta Íslands fyrir bændur? Þessa spurningu fékk ég á ferð minni um Vesturland og Vestfirði um páskana.



Halla Tómasdóttir.

Par sem við ókum um sveitir, firði og heiðar í vetrarfötunum sá ég fjölda tækifara íslensks landbúnaðar og landsbyggðar ljósifandi fyrir mér. Ég tel að forseti Íslands

geti skipt bændur sem stétt miklu máli.

Bændur yrkja landið og tryggja

fæðuöryggi þjóðarinnar eins vel og

aðstæður á norðurslóðum leyfa.

Það eru bændur sem halda landinu í byggð. Getum við ímyndað okkur

landið án býla og bújarða?

Bændur viðhaldar einnig sögu og menningu hvers héraðs. Landslag væri lítils virði ef það héti ekki neitt, orti Tómas eftirminnilega!

Hugsanlega má bæta við að landslag

væri lítils virði ef allar sögur væru

gleymdar og engar nýjar baettust við.

Að ferðast með staðkunnugum um

landið er ómetanlegt og ég var svo

heppin að njóta þess um páskana.

Nú eru tímar mikilla breytinga og nauðsynlegt að kunna að nýta framfarir án þess að tapa um leið ómetanlegum verðmætum. Á nokkrum árum hefur orðið ljós nauðsyn þess að fara betur með landið og auðlindir þess. Nýta afurðir betur og draga úr mengun. Möguleikarnir eru ótal margir og við sjáum þegar vænlega vaxtarsprota víða um land. Bæði innanlandsmarkaður og erlendir markaðir opnast sífellt meira fyrir vörum sem aldar eru eða ræktaðar á sjálfbærar og umhverfislega ábyrgan hátt. Þangað eignum við að stefna með því að nýta nýjustu þekkingu og tekniframfarir. Þetta verður ekki gert í einu stökki, en það er mikilvægt að stilla áttavann rétt.

Hvernig getur forseti Íslands hjálpað til? Búvorusamningar og skattlagning eru ekki á hans bordi og ekki stýrir hann ríkisstjórninni þótt mikilvægt sé að hann nýti málskotsrétt embættisins ef gjá myndast milli þings og þjóðar. En hann getur talað máli íslensks landbúnaðar, vakið athygli á íslenskum afurðum og búskaparháttum, gengið á undan með góðu fordæmi og lyft íslenskum vörum upp í kastljósið. Notað íslenskar vörur alls staðar. Veitt íslenskum bendum tækifæri til að kynna sína nálgun og notfæra sér sviðsljósið á embættinu þegar kostur gefst. Stutt við nýliðun í stéttinni.

Ég hef verið svo lánsöm að fá að vinna með hópi alþjólegra leiðtoga síðustu sex árin, fólk sem beitir sér fyrir því að atvinnulífi og stjórnvöld beri ábyrgð á gerðum sínum og áhrifum á umhverfi og samfélög. Það er sannarlega tími til kominn og sem betur fer nær þessi boðskapur jafnt og þétt sterkari fótfestu.

A þessum vettvangi hef ég kynnt mörgum framsýnustu leiðtogum heims í atvinnulífi og stjórmálum

” ... hann getur talað máli íslensks landbúnaðar, vakið athygli á íslenskum afurðum og búskaparháttum, gengið á undan með góðu fordæmi og lyft íslenskum vörum upp í kastljósið ... ”

og án undantekninga skynja ég ómaðla trú á Íslandi og styrkleikum okkar þjóðar. Mig langar til að nýta þau tengsl til tækifæra í samvinnu við bændur.

Ég er alin upp í Kópavogi, en rætur mínar eru vestur á Ströndum og norður í Skagafirði og margar dýrmætustu minningar mínar koma frá sumrum í Skagafirði og fiskvinnslu austur á fjörðum. Eiginmaður minn, Björn, er alinn upp í Grindavík þar sem hann vann lengst af í fiski. Í dag er hann matarfrumkvöðull og kokkur sem telur íslenskt hráefni flestu framar. Hann á ættir að rekja á Suðurlandið og á Austfirði. Með samvinnu okkar má því segja að börnin okkar tvö séu ættuð meira og minna af landinu öllu. Landinu sem við viljum þjóna eins vel og við getum, nái ég kjöri hinn 1. júní 2024. Vonandi mun ég nái að hitta sem flesta bændur á næstu vikum og mánuðum í aðdraganda kosninganna og heyra betur hvað þau telja embætti forseta Íslands geta gert fyrir bændasamfélagið á Íslandi. Eg hlakka til að eiga samtal við sem allra flest.

Höfundur er frumkvöðull og forsetajambjóðandi.




Húsabakki Svarfaðardal

Hótel/gistihús til leigu til lengri tíma - Framtíðarráðstöfun - Tilbúið til rekstrar strax í sumar

- ✓ Allur búnaður til staðar, bókanir sumarsins og bókunarkerfi tengt við Booking.com og Expedia.com.
- ✓ Áður skóli og heimavist. Náttúruperla mitt í fuglafriðlandi Svarfdælinga.
- ✓ Tvö hús, samtals um 1300 fermetrar.
- ✓ Ný vönduð rúm og sængurfatnaður, þvottavélar og góð aðstaða.
- ✓ Möguleiki á heilsársrekstri og búsetu.
- ✓ Framtíðartækifæri fyrir fagaðila og áhugasama með metnað í hótel og gististararfsemi.

Fasteignamarkaðurinn ehf. - Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík - www.fastmark.is - fastmark@fastmark.is

Valhöll Fasteignasala ehf. - Síðumúla 27, 108 Reykjavík - www.valholl.is



Mundu að fylgjast með vikulegu afmælisútbodunum okkar!



Lambamjólk




Handmjaltartæki



Sendum um allt land!

Skoðaðu úrvalið af sauðburðarvörum á → WWW.KB.IS



Bændablaðið
kemur næst út
24. apríl

Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.
Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is

Íslandsdeild Evrópuhóps IFOAM

Skýrsla Ólafs R. Dýrmundssonar vegna starfa í Evrópuhópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM Organics Europe) fyrir árið 2023.

Það sem ein-kennir starfsemi skrifstofunnar í Brussel er yfirgrípsmikil sérfræðilekking starfsfólksins á hinu mikla regluverki sem ESB er búið að koma upp í þágu lífræns landbúnaðar. Sem fyrr stýrir Eduardo Cuoco því ágæta starfi í samvinnu við stjórn IFOAM, Organics Europe, og þar með Jan Plagge, formann hennar.

A meðal skeleggra starfsmanna er Eric Gall, sem sinnir einkum stefnumálum en almennt séð eru samskiptin við starfsfólkid mjög ánaegjuleg og ganga greiðlega, mest með tölusamskiptum. Enn er mikil vinna í gangi vegna innleiðingar reglugerðar ESB um lífræna framleiðslu sem tók gildi 1. janúar 2022, ýmis álitamál eru að koma upp og túlkanir á sumum ákvæðunum eru nokkuð mismunandi, jafnvel eftir löndum, líkt og bent hefur verið á í fyri ársskýrslum mínum. Sum ágreiningsefnin fara til EGTOP-sérfræðinganeftarinnar hjá ESB (Expert Group for Technical Advice on Organic Production) og eru þar oft lengi til meðferðar, svo sem skilgreining á verksmiðjubúskap sem ekki er enn fullgerð.

Rétt er að geta þess að skrifstofan er flutt úr Rue du Commerce 124, þar sem hún var til húsa í 20 ár, í Organic House, Rue Marie-Thérèse 11. Hér verður vikið að nokkrum málum sem hafa verið ofarlega á baugi á liðnu ári.

Unnið gegn eiturefnatökum – mótmæli bænda í hefðbundnum búskap

Í ársskýrslu minni fyrir 2022 fjallaði ég tölubert um markvissar aðgerðir ESB til að draga úr ýmissi efnatökum í landbúnaði, þar með að eiturefnunum, tilbúnunum áburði, lyfjum og plasti. Hefur m.a. EGTOP-nefndin verið



„Lífrænir bændur eru öðrum fremur að axla þá samfélagslegu ábyrgð að vernda umhverfið um leið og þeir framleiða matvæli í hæstu gæðaflokkum án eiturefna,“ segir Ólafur m.a. í grein sinni.

Mynd / Aaron Blanco

að benda á hve mengun eiturefna við plöntuvarnir er umfangsmikil og skaðleg.

Unnið er eftir þeiri stefnu ESB, sem lífræna hreyfingin fagnar, að dregið verði stórlega úr eiturefnatökun í landbúnaði.

Pessar aðgerðir ESB krefjast verulegra breytinga í búskaparháttum, sérstaklega á þeim þéttbærari, þar sem mikil uppskera er á flatareiningu akurlendis, og einnig í kjöt- og mjólkurframleiðslu,

þar sem verksmiðjubúskpur ræður ríkjum. Greinilegt er að hækkandi

framleiðslukostnaður, m.a. vegna aðgerða ESB og striðsins í Úkraínu, sætir mikilli gagnrýni bænda og hefur jafnvel leitt til mjög beinskeyttra mótmælaaðgerða í ýmsum löndum á meginlandi Evrópu, svo sem í Belgíu, Frakklandi og Íslandi.

Enn og aftur fær sú umræða byr undir báða vængi að bændur þurfa að fá sanngjörn laun fyrir að

tryggja fæðuöryggi. Þar við bætist að vaxandi tillit þarf að taka til umhverfis- og loftslagsmála. Lífrænir bændur eru öðrum fremur að axla þá samfélagslegu ábyrgð að vernda umhverfið um leið og þeir framleiða matvæli í hæstu gæðaflokkum án eiturefna.

EKKI HVÍKAÐ FRÁ ANDSTÖÐU GEGNA ERFÐABREYTINGUM

Á liðnu ári hefur verið mikil umræða í gangi innan stjórnkerfis ESB um notkun á erfðabreytu fræi, bæði um eldri kynslöðir þess (GMOs) og nýjungar sem fram hafa komið í seinni tið (NGTs).

Lífræna hreyfingin, og þar með Evrópuhópurinn, hvíkar ekki frá algjöru banni gegn notkun afurða þessarar teikni í matvælaframleiðslu í samræmi við reglugerð ESB um lífræna framleiðslu, enda samrýmist nýting þeirra ekki sjálfbærri þróun.

Líftækni- og efnafyrirtæki, flest fjölbjóðleg, reka umfangsmikinn áróður í Brussel og viðar og reyna að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkja ESB, auk þess að tryggja sér einokunarstöðu á frámarkaði með einkaleyfum.

Því er við ramman reip að draga og aðdáunvert hve sérfræðingar Evrópuhópsins í Brussel taka rösklega á þeim málum, á liðnu ári sérstaklega gegn nýju erfðabreytingunum (NGTs). Sem betur fer hafnaði Evrópuhópið síðla árs reglugerð sem ætlað var að liðka fyrir notkun á NGTs.

Velferð bújfjár og merking afurða

Evrópuhópurinn er stöðugt að fjalla um velferð bújfjár af hinum ýmsu tegundum enda mjög miklar kröfur gerðar til meðferðar þess á hinum ýmsu framleiðslustigum. Við sem erum fulltrúa hinnar ýmsu þjóða í Evrópuhópnum erum öðru hvoru beðin að senda inn umsagnir um tiltekin efni.

Dæmi um slíkt mál sem ég tók þátt í á liðnu ári var uppkast að velferðarreglum þar sem gert er ráð fyrir heimild bænda í lífrænum búskap til að merkja bújfjárafurðir með sérstökum velferðarmerki, auk vottunarmerkja. Þá voru einnig til umfjöllunar í hópnum drög að nýrr ESB-reglugerð um vernd og meðferð bújfjár við flutninga sem eru víða mjög langir í Evrópu og úrbóta er greinilega þörf.

Kynningar og upplýsingar um lífrænar afurðir

Pótt lífræna framleiðslan sé í stöðugum vexti í mörgum Evróplöndum er þróunin hægara í sumum þeirra, m.a. hér á landi. Innflutningur á lífrænt vottuðum vörum er víða mikill og því er verið að hvetja til meiri staðbundinnar framleiðslu í hverju landi til að styrkja bæði fæðu- og matvælaöryggi.

Miklum fjármunum er varið til ýmiss konar kynningar- og upplýsingarstafsemi í aðildarríkjum ESB þar sem kostum lífrænna framleiðsluháttá er lýst, m.a. með stuttum og markvissum myndböndum á samfélagsmiðlum, svo sem á YouTube. Evrópuhópurinn gefur út vefefni og tekur virkan þátt í þessu starfi, m.a. á *Lífræna deginum í Brussel*, sem var haldinn þar í þriði skiptið 22. september í haust.

Varað við grænþötti og vörusvikum

Stóku framleiðendur landbúnaðarafurða markaðssetja vörur sínar sem lífrænar þótt þær séu ekki vottaðar með lögmætum hætti.

Þetta er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál gagnvart bendum, vinnslufyrirtækjum og neytendum.

Yfirvöld sem annast eftirlit purfa greinilega að taka slík mál fastari tökum, einnig hér á landi, þar sem dæmi eru um blekkingar í þessum efnum. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því aliti hæstaréttar Ítalíu frá liðnu ári að grænþvottur, þar sem markaðssettning meintra lífrænna afurða (óvottanda) ætti í hlut, væri ekkert annað en svik. Því bæri dómstólum á Ítalíu að taka harðar á slíku misferli sem teldist í raun glæpsamlegt athæfi. Ekki nægði alltaf að afgreiða svikamál af þeim toga með sektum einum.

Þá hefur Evrópuhópurinn varað ESB við ákvæðum í reglugerðum, svo sem varðandi umhverfismál, sem geta verið blekkjandi og jafnvel fallið undir grænþvott. Ljóst er að innan ESB er litio á grænþvott sem alvarlega meinsemð í verslun og viðskiptum. Um liðin áramót var umfjöllun í Evrópuhópnum, m.a. á fjarfund, um þau vandamál sem fylgja grænþvotti og þar blekkingar sem hann skapar.

Ritstörf o.fl. í þágu lífræns landbúnaðar

Sem fyrr hafa samskiptin við aðila Íslandsdeild Evrópuhóps IFOAM, bæði VOR-félag um lífræna ræktun og framleiðslu og Vottunarstofuna Tún ehf., verið góð, og öðru hvoru á liðnu ári hef ég verið í sambandi við ýmsa aðra sem láta sig varða lífrænan landbúnað.

Ég var með stutt erindi um Evrópuhópinn á aðalfundi VORs 29. mars 2022 og flutti eitt framsögu-erindanna um lífrænna landbúnað á fjölsóttu málþingi að Sólheimum í Grímsnesi 6. október 2022. Öðru hvoru las ég yfir texta um lífrænan búskap eftir aðra, gaf umsagnir nokkrum sinnum og veitti ýmsum upplýsingar um þau efni, svo sem til háskólanema, bæði símlieðis og í tölvupósti.

Helstu tilvísanir í ritað efni eftir mig um lífrænan landbúnað á liðnu ári eru þessar:

a) *Hvað er lífræn ræktun?-grunngildi, skilgreiningar og löggið. Málþing um lífræna ræktun og framleiðslu, Vigðisarhúsí, Sólheimum í Grímsnesi, föstudaginn 6. október 2023. Fjörlit 1.*

b) *Evrópuhópur IFOAM-Íslandsdeild. Bændablaðið, fimmtudagur 19. október 2023, blað nr. 643, 19. tbl., 29. árg., bls. 48-49.*

Höfundur hefur verið fulltrúi Íslandsdeilda Evrópuhóps IFOAM síðan 2003. (oldyrm@gmail.com)

FERTU ÚTI Á TÚNI MED SKIPULAGIÐ?





HAFÐU SAMBAND OG LÁTTU OKKUR AÐSTÓÐA PIG.

Ísold
SELHELLU 3, 221 HAFNARFJÖRÐUR

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR





VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Ósonlagið er klárt, hvað næst?

Dóttir míni kom heim um daginn og hafði verulegar áhyggjur. Jörðin væri víst að eyðileggjast og allir á henni myndu deyja.



Ingibjörg Jónsdóttir.

Ég fór yfir stöðuna og sagði henni meðal annars frá ósonlaginu sem ég upplifði á sínum tíma að væri orðið svo göttótt að það væri tímaspursmál hvenær öllu lyki.

Á þeim tíma var gripið til aðgerða sem leiddi til þess að ósonlagið er í ágætismálum í dag. Ég vildi skilja dóttur mína eftir með þá hugsun að í fyrsta lagi er jörðin ekki að eyðileggjast og allir að deyja og í öðru lagi, að ef við leggjumst öll á eitt í því að finna lausnir, þá er hægt að ná ýmsu fram.

Bó að ég hafi stappað stálinu í dóttur mína þá er staðan þessi: Við erum komin yfir þolmörk sex af níu lykilkerfum jarðar sun hér geti þrifist heilbriglt líf. Þau sex kerfi eru loftslagið, líffjölbreytni, ferskvatn, næringarhringrásir nitrus og fosfórs, umbreyting lands eins og skógareyðing og svo efni í umhverfinu sem tilkomin eru af mannavöldum. Þar má nefna t.d. eiturefnir, lyf og fleira sem endar í hringsánni.

Mikil áhersla hefur verið á loftslagið síðustu ár. Varan „kolefniseining“ gengur nú kaupum og sölum og samsvarar hún einu tonni af koltvisýringi sem hefur verið dregið úr andrúmslofti eða hefur með stýrónum aðgerðum ekki verið losað út í andrúmsloftið. Á meðan öllu málí skiptir að minnka losun gróðurhúsaloftegunda, þá eru verkefni sem binda koltvisýring og gefa af sér kolefniseiningar góð og nauðsynleg lausn samhlíða, svo við náum settum markmiðum.

Lög, reglugerðir og staðlar innanlands og erlendis halda vel utan um starfsemi með kolefniseiningar

og eru kröfur til loftslagsverkefna að aukast dag frá degi. Allur ávinnungur þarf að fara í gegnum vottun óháðs aðila til að tryggja gæði og gegnsæi og mikilvægt að aðgerðir sýni fram á heildraen jákvæð áhrif sem er stutt við með mælingum eða vísan í viðurkenndar rannsóknir. Á meðan sumir horfa á þessar auknu kröfur sem íþyngjandi, eru þær veigamikið aðhald til að tryggja að aðgerðir séu raunverulega að takast á við þann vanda sem að okkur steðjar.

Skógrækt er ein loftslagslausn sem er talin til náttúrumiðara lausna (e.nature based solutions). Stærsta krafan á loftslagsskógrækt er sú að verkefni séu hönnuð á heildraen hátt svo tryggt sé að ein lausn hafi ekki neikvæð áhrif á annan þátt. Til að tryggja það er nauðsynlegt að kortleggja og greina vel það sem fyrir er á svæðinu áður en verkefni hefst. Horft er þar til að mynda til ástands jarðvegs og gróðurs, mikilvægra fuglategunda, verndargildis gróðurtegunda og vistkerfa, kolefnisforða, grósku og grýtni. Þegar er komin góð greining á svæðinu þarf að hanna verkefnið á það hátt að þar verði ávinnungur í viðu samhengi.

Til að tryggja gæði og ávinnung, þarf líka að vera gott aðgengi að upplýsingum og rannsóknum. Þó vissulega bætist alltaf í rannsóknir hérlandis, vantart enn töluvert þar upp á, t.d. hvað varðar ágengi trjátegunda, losun vegna jarðvinnslu og rannsóknir á líffjölbreytni. Viðurkennd gögn eru grunnforsenda vottaðra loftslagsverkefna en þegar gögnum er ábótant, þarf að vinna með bestu upplýsingar sem eru í boði hverju sinni og hanna verkefni á varfærrinn hátt. Sú hönnun getur falið í sér að forðast einrækt trjátegunda og skilja eftir svæði inn á milli sem eru valin með tilliti til líffjölbreytni, kolefnisforða og verndargildis. Einnig þarf að gera ítarlegt áhættumat í samtali við hina ýmsu sérfræðinga og vakta verkefnið reglulega út verkefnatímann, sem er

í tilfelli vottaðra skógræktarverkefna yfirleitt 50 ár. Afar mikil taekifæri eru í því að nýta náttúrumiðuð loftslagsverkefni til að safna ítarlegum gögnum um náttúrufar og lífriki til lengri tíma. Til dæmis setja myndavélar á verkefnasvæði til að fylgjast með þróun fuglalífs, vakta líffjölbreytni og mæla reglulega sýrustig og heilbrigði jarðvegs samhlíða kolefnisbindimælingum. Einnig er hægt að nýta verkefni til að fylgjast með sjálfssáningu tegunda. Möguleikar á fjölbreytttri gagnasöfnun í 50 ára verkefnum eru í raun óþróntandi og myndi nýast víða í samfélögum.

Loftslagsskógrækt er fýsilegur kostur þegar kemur að vottuðum náttúrumiðuðum lausnum. Það er vegna góðrar bindigetu þeirra tegunda sem eru notaðar og góðs aðgengis að upplýsingum og rannsóknum. Loftslagsverkefni þurfa þó að vera fjölbreytt til að við náum ávinnungi á mismunandi svíðum og er því mikil þörf að við að greina og auka fýsileika vottaðra verkefna í endurheimt vistkerfa til að stýra fjármagni einnig á þá staði. Á það ekki síst við ef kröfur til innfluttra tegunda aukast enn frekar.

Ósonlagið er klárt, hvað næst? Það er stundum yfirþrundið að sinna verkefnum í umhverfisgeiranum þar sem allt er í rauniini „næst“. Svo ég afmarki mig við efni greinarinnar og fjalli um það sem er næst hjá mér sjálfri, þá er það fyrst og fremst að hanna fjölbreytt loftslagsverkefni sem ganga ekki á önnur lykilkerfi jarðar. Læra meira, gera betur og hvetja aðra til að gera það sama. Það geri ég helst með áframhaldandi opnum og heiðarlegum samtlögun við aðila með mismunandi hagsmuni, þekkingu og reynslu. Eins held ég áfram að stappa stálinu í dóttur mína með lausnir og bjarta framtíð að leiðarljósi.

Höfundur er land- og umhverfisfræðingur og verkefnastjóri vottunar og gæða hjá Yggdrasil Carbon.



**MITSUBISHI
ELECTRIC**
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadælur Vörukaup ehf



516-2600 | vorukaup@vorukaup.is | VK vörukaup

Skaftárhreppur auglýsing um skipulagsmál



Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 3. apríl sl.
að auglýsa eftirfarandi skipulagstillögur:

1. Breyting á deiliskipulagi Teygingalæks

skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Breytingin felst í stækkuun byggingareits undir núverandi starfsemi og fjölgun kerja úr 14 í 20.

Á byggingareit A fylgjar kerjum um 4 en á reit C um 2.

Um er að ræða uppfærslu á deiliskipulagi m.t.t. núverandi ástands.

2. Breyting á deiliskipulagi íbúða- og fristundabyggðar í landi Efri-Víkur, Selhólavegur

skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Breytingin felur í sér að bætt er við byggingarreit fyrir 250 m² en á móti er feldl út skemma á lóðinni Selhólavegur 6 (L224466).

Ofangreindar tillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4 á skrifstofutíma sveitarfélagsins. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á www.klaustur.is sem og í skipulagsgátt undir málssnúmerum 310/2024 og 311/2024. Mál 1 er í kynningu frá og með 8. apríl til 20. maí 2024. Mál 2 er í kynningu til 6. maí 2024.

Athugasemendum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfangið klaustur@klaustur.is.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps
Einar Kristján Jónsson

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðalítill með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyrá á 3 - 5 ára fresti

wpl
Diamond



I D N V E R

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

EIGNAMÍDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík
Sími 588 9090 | eignamidlun.is

JARÐIR

Erum með trausta kaupendur að stórum jörðum utan hefðbundinna ferðamannasvæða.

Góðar greiðslur í boði fyrir réttar eignir.

Hafið samband við Ólaf og Rögnvald.



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA, löggiltur fasteignasali
sími 663 2508
olafur@eignamidlun.is



Rögnvaldur Örn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
sími 660 3452
rognvaldur@eignamidlun.is

Að höndla sér hross til reiðar

Orðsins list kemur að þessu sinni úr Íslendingasögunum.

Hrafnkels saga Freysgoða, einnig oft nefnd Hrafnkatla, er hluti Íslendingasagna og þekktust sagna Austfirðinga.

Hrafnkell Hallfreðarson kom fimmtán ára gamall með fórelđrum sínum á skipi frá Noregi og tók skipið land undan Breiðdal. Var það á 10. öld. Hrafnkell nam land á Aðalból í Hrafnkelsdal. Hann átti dýrgrip mikinn, hestinn Freyfaxa og nefndi hestinn að hálfi til goðsins Freys sem hann dýrkaði mjög. Strengdi Hrafnkell þess heit að hann skyldi þeim manni að bana verða sem riði Freyfaxa í leyfisleysi.

Einar Þorbjörnsson á Hóli í Hrafnkelsdal fékk tvö misseri vist hjá Hrafnkeli sökum fáæktar heima fyrir og hlaut það verkefni að „reka heim fimm tigi ásauðar í seli og viða heim öllum sumarviði“, líkt og Hrafnkell útskýrði fyrir honum um leið og hann tók honum vara fyrir að riða Freyfaxa sem gengi ásamt tólf hrossum öðrum laus í dalnum.

/sá

„Einar fer nú heim estir klæðum sínum og flytur heim á Aðalból. Síðan var fær i sel fram á Hrafnkelsdal, þar sem heitir að Grjóteigsseli.

Einar fer allvel að um sumarið, svo að aldrei verður sauðvant allt til miðsumars; en það vant nær þrjá tigi ásauðar eina nót. Leitar Einar um alla haga og finnur eigi; honum var vant fjárlins nær viku. Það var einn morgun, að Einar gekk út snemma, og er þá birt af allri sunnanþokunni og údinni.



Mynd af forsiðu Hrafnkölu og teikning úr bókinni.

Hann tekur staf í hönd sér, beizli og þófa; gengur hann þá fram yfir Grjóteigsá; hún fellur fyrir framan selið; en þar á eyrunum lá fóður, er heima hafði verið um kvöldið. Hann stökkti því heim að selinu, en fer að leita hins, er vant var áður. Hann sér nú stóðhrossin frammi á eyrunum og hugsar að höndla sér hross nokkurt til reiðar, og þóttist vita, að hann myndi fljótarara yfir bera, ef hann riði en gengi. Og er hann kom til hrossanna, þá elti hann þau, og voru þau nú skjör, er aldrei voru vön að ganga undan manni, nema Freyfaxi einn; hann var svo kyrr sem hann væri grafinn niður. Einar veit að líður á morguninn, og hyggur, að Hrafnkell myndi eigi vita, þótt hann riði hestinnum. Nú tekur hann hestinn og slær við beizli, lætur þófa á bak hestinum undir sig og riður upp hjá Grjótaðgili, svo upp til jöklar og vestur með jöklínunum, þar sem Jökulsá fellur undir, svo ofan með ánni til Reykjasel. Hann spurði alla sauðamenn að seljum, ef nokkur hefði séð þetta fé, og kvaðst enginn séð hafa. Einar reið Freyfaxa allt frá eldingu og til miðs aftans; hesturinn bar hann

skjött yfir og víða, því að hann var góður af sér. Einari kom þá í hug, að honum mundi mál heim að reka það fóður fyrst, er heima var; þótt hann fyndi hitt eigi; reið hann þá austur yfir hálsa í Hrafnkelsdal. En er hann kemur ofan að Grjóteigi, hevir hann sauðajarm fram með gilinu, þangað sem hann hafði fram um riðið ádur; snýr hann þangað til og sér renna á móti sér þrjá tigi ásauðar, það sa ma, sem vantað hafði áður viku, og stökkti hann því heim fénu. Hesturinn var votur allur af svita, svo að draup ur hverju hári; hann var mjög leirstokkinn og móður ákaflega; hann veltist um tólf sinnum, og estir það setur hann upp gnegg mikil; síðan tekur hann á mikilli rás ofan eftir götunum. Einar snýr eftir honum og vill komast fyrir hestinn og vildi höndla hann og færa hann astur til hrossanna. En hann var þá svo styggur, að Einar komst hvergi í nánd honum. Hesturinn hleypur ofan eftir dalnum, og nemur eigi staðar fyrr en hann kemur heim á Aðalból.“



Íslendinga sögur, Reykjavík, Félagsrentsmiðjan, 1911, bls. 6-7.

Með stafsetningu og teikningu úr útg. Halldórs Kiljan Laxness, 1942.

Þeir sem ekki þekkja Hrafnkelssögu ættu nú að verða sér úti um hana og lesa hvernig sögunni lyktaði, hún er æsispennandi.



Pétur Pétursson er hér í makindum með mjólkurkúnni sinni Jöklu sem ber sama nafn og sama litarhátt og rjómalíkjör þeirra hjóna.

Mynd / Einkaeign

Hönnunarkeppli:

Jöklapeysur úr íslenskum lopa

Mjólkurfræðingurinn og frumkvöðullinn Pétur Pétursson setur nú á fót hönnunarsamkeppni í tengslum við fyrirtæki sitt Jöklu.

Stofnuðu þau hjónin, hann og Sigríður Sigurðardóttir, Jöklavin ehf. fyrir réttum fimm árum síðan með það fyrir augum að hefja framleiðslu á hágæða íslenskum rjómalíkjör.

Pekkja vitaskuld margir til þess lostætis sem kom á markaðinn 2021, en segir Pétur að spurður að með gæði landsins okkar í huga hafi honum komið til hugar að halda samkeppni sem tengir þjóðarstoltið, íslensku lopapeysuna, við afurðina sína alíslensku rjómalíkjörinn.

Prjónagleði

„Ég sá þetta fyrir mér ljósifandi,“ segir Pétur glaðlega. „Rjóminn, jökkullinn og ullin eiga sterkar rætur í okkur landsmönnum.

Því fannst mér tilvalið að efna til samkeppni þar sem fólk hannar lopapeysur og vinnur með líti sem koma úr árfarvegum jöklar, þá til að mynda bláan, ljósbrúnan og svo rjómalitan – eins og sjá má á flóskum rjómalíkjörsins Jöklu. Möguleikarnir á munstri peysunnar eru óteljandi og hægt að tvinna saman litu, merki Jöklu, árfarveg, mjólkurkýr eða annað sem fólk kemur til hugar.“

Hönnun vinningspeysu

„Svo tekur ullanfyrirtæki Ístex á móti prjónuðum peysum frá fólk og munu dómrar velja vinningshafana fyrir 29. maí.

Betta verður stuð!

/sp

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HONDA
Sölutengiliður
Gunnar Olason

HONDA SLÁTTUVÉLAR SLÁTTUORF OG SLATTUTRAKTORAR

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 821-4034

Byggingarstjóri





Lúðrasveit Þorlákshafnar kröftug sem aldrei fyrr.

Myndir / Aðsendar



Ágústa Ragnarsdóttir.

Þorlákshöfn:

Lúðrasveitin fagnar 40 árum

– Tónlistarveisla og hundrað manns á sviði

Árið 1984 hóf Lúðrasveit Þorlákshafnar starfsemi sína, stórkostlegt framtak í þá rúmlega 1.000 manna plássi, undir stjórn Róborts Darling, mikils frumkvöðuls í tónlistarlífi bæjarins.

I dag telja meðlimir sveitarinnar 45 manns, frá átján ára að sjötugu, sem búa að því að þrátt fyrir aldursibilið er ekkert kynslóðabil enda tónlistin allra.

Verkefnið hafa verið afar fjölbreytt í gegnum tíðina og í tilefni nú fjörlutu ára afmælis ætlar lúðrasveitin að gera þeim skil með sannkölldum stórtónleikum og afmælisveislu þann 13. apríl undir stjórn Daða Þórs Einarssonar. Dagskráin er afar metnaðfull en með lúðrasveitinni munu m.a. stíga á svið Karlakór Selfoss, Jónas Sig. og Skítamóral. Tónlistin sjálf er eftir ólíka höfunda sem allir tengjast Suðurlandinu á mismunandi hátt og verður flutningur að stærstum hluta í nýum útsetningum Össurar Geirssonar.

Tónlistarveisla með sunnlensku þema

„Við urðum 40 ára þann 23. febrúar nú í ár og ætlum í tilefni þess að halda afmælisveislu í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar,“ segir Ágústa Ragnarsdóttir, formaður Lúðrasveitar Þorlákshafnar. „Það verður sunnlenskt þema í loftinu sem endurspeglar fjölbreytileika þess sem við í lúðrasveitinni höfum verið að vinna með gegnum árin – allt frá klassískum verkum, með kórsöng og svo yfir í hardcore popp- og rokktónlist svo eitthvað sé nefnt.“

Segir Ágústa þemað snerta við rótum tónskálda þeirra verka sem flutt verða í afmælinu, en þau hafa öll tengingu við Suðurlandið á einn eða annan hátt. Elsta skáldið, Páll

Ísólfsson, sé fæddur á Stokkseyri 1892 og það yngsta, Daði Freyr Pétrusson, um 100 árum síðar, eða árið 1993.

Áætlað er að byrja afmælisgleðina á klassískum lögum með Karlakór Selfoss í fararbroddi. Þeir eru um 60 manns, en auk lúðrasveitarinnar má óhikað áætla að mikil stuð verði á sviðinu. Lög á borð við Brennið þið vitar og Ármesþing munu gleðja gesti auk valdra laga Labba í Mánum. Vigdís Haflidadóttir söngkona mun svo betast í hópinn þegar kemur að flutningi lagsins Haustið 75, eftir Valgeir Guðjónsson tónlistarmann, sem lengi hefur búið á Eyrarbakka.

Allir í partíígínum!

„Eftir hlé færum við okkur svo yfir í tónlist sem varð þekkt í kringum aldamótin og 21. öldina, spilum til dæmis Think about things eftir Daða Frey. Svo kemur Jónas Sig. og hljómsveit og spila með okkur fjögur lög og að lokum spilar Skítamórrall með okkur sex lög. Tónlistin er sérstaklega útsett fyrir þetta tilefni enda massa prógrann. Sautján lög á efnisskránni fyrir utan það sem er í kynningunum, en Vigdís Haflidadóttir, sem verður einnig í hlutverki kynnis, mun fara yfir sunnlenska tónlistarsögu, bæði í tónum og tali,“ segir Ágústa sem segir lúðrasveitarmeðlimi vera komna í partííginn.

Lúðrasveit Þorlákshafnar og gestir lofa frábærri afmælisveislu laugardaginn 13. apríl kl. 15.00 í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar sem – eins og stundum áður – verður breytt í tónleikahöll. Miða á gleðina má finna á tix.is og kostar miðinn 7.900 kr. en 5.500 kr. fyrir 14 ára og yngri.

**Sérsniðin þjónusta
að þínum þörfum**

ALLT
FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is


Speedfit® hraðtengi
John Guest Speedfit lagnakerfið er með hraðtengjum sem einfaldlega er smellt sama. Lagnakerfið hefur verið vinsælt meðal bænda um allan heim vegna þess hve fljótegt og hagkvæmt það er í uppsetningu.



HTA® C-PVC neysluvatnslagnir

- Brennur ekki
- Engin reykur
- Bráðnar ekki
- 98% endurvinnanlegt



LOFT & RAFTÆKI | Vatnsorka
 Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | S: 564 3000

Segðu BLESS við óværuna!






YKKAR
pest control

ALLT TIL NAGDÝRAVARNA
 -fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

**ALLT FRÁ
FYRSTU
HUGMYND AÐ
FULLBÚNU HÚSI**

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn



Súlur
stálgrindarhús
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og
íbúðarverkefni

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is

669 0803

Vélabásinn:

Nýstárleg íhaldsseimi

– Prufuakstur á Toyota C-HR



Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk til prufu hinn nýja Toyota C-HR. Þetta er fágaður smájeplingu með óvanalegt útlit og mikinn útbúnað.

Bíllinn í þessum prufuakstri var tvinnbill með tveggja lítra bensínvél sem studd er af rafmagnsmótör. Hann er af svokallaðri Premium útgáfu, sem kemur meðal annars með nítján tommu álfelgum, leðuráklæði, rafdrifnu sportsæti, sjónlinuskjá og ýmsu fleiru. Þá var þessi bíll með fjórhjóladrifi sem er aukahlutur.

Samsvarar sér vel

Ein helsta sérstaða Toyota C-HR er nýstárlegt og djarft útlitið. Hönnuðum bílsins hefur verið gefinn laus taumurinn og minnir C-HR á concept bíla sem kynntir eru á bílasýningum en enda svo aldrei í framleiðslu. Hvergi er hægt að sjá eitthvað sem er gamaldags eða samsvarar sér ekki í heildarmyndinni.

Þegar gengið er að bílnum taka á móti manni bestu innfelldu hurðarhúnarnir sem blaðamaður hefur komist í tæri við. Til að taka bílinn úr lás er nóg að ýta inn fremri hluta handfangsins og þá kemur aftari hlutinn út og helst þar þangað til ekið er af stað. Til að læsa er ýtt á takka sem bregst alltaf við, þrátt fyrir að notandinn sé í þykku hónskum og úti er hellirigning – eitthvað sem ekki er hægt að ganga að vísu á bílum með lyklalaust aðgengi.

Nog af tökkum

Toyota lagði sig sérstaklega fram við að gera nýju kynslóðina af C-HR og finnst það þegar sest er um borð að um meiri lúxusbíl er að ræða en forveran. Allt sem hægt er að snerta er með mjúku fóðri eða klætt leðri eða leðurlíki.

Innréttin gin er framtíðarleg í útliti, en íhaldssöm í útfærslu á bann hátt að meira er um takka en í mörgum nýjum bílum og margmiðlunarskjárin spilar ekki höfuðhlutverk. Hefðbundnir hnappar hafa þann kost fram yfir smertiskjá að beir sem hafa náð að kynnast bílnum ættu að geta átt við stillingar með því að þreifa fyrir sér í staðinn fyrir að taka augun of lengi af veginum. Sjálfur margmiðlunarskjárin er skýr og með fallegt viðmóti. Þar er hægt að nálgast nokkrar stillingar, stjórnar tónlistarspilum og tengjast leiðsögukerfi – annars fer flest allt fram án hans. Þetta er ágæt tilbreyting frá mörgum öðrum bílum þar sem ofuráhersla er á margmiðlunarskjáinn og hefur Toyota fundið gott jafnvægi.

Hægt er að tengja símann þráðlaust við skjáinn með Android Auto. Í þessum prufuakstri kom upp villa í kerfinu og glataðist tengingin í nokkur skipti og lagðist ekki nema slökkt og kveikt væri á bílnum. Samkvæmt upplýsingum frá Toyota er þetta eitthvað sem er hægt að laga með uppfærslu í gegnum netið. Venjulega Bluetooth-tengingin er annars mjög áreiðanleg.

Leðurklaedd sportsæti

Eins og hefur komið fram eru sætin leðurklaedd í Premium útfærslunni. Bíltjórin getur stillt sætið sitt með rafmagni, en farþegar þurfa að gera það handvirk. Þá hefur ökumaðurinn möguleika að stilla stuðninginn við mjóbakið. Heilt yfir eru framsætin prýðilega þægileg, en Premium útfærslan er með svokölluð sportsæti



Fáir bílar eru með jafn afgerandi útlit og Toyota C-HR. Þetta er vel útbúinn bíll með notendavænt umhverfi og alkunnan áreiðanleika Toyota. Myndir / álf



Þessi bíll er nýr frá A til Ö, en það leikur enginn vafi á að þetta er Toyota C-HR.



Innréttin er á margan hátt framtíðarleg, en samt mjög hefðbundin í notkun.



Aftursætin virðast þróng þangað til sest er um borð.



Aðrir framleiðendur ættu að horfa til Toyota þegar kemur að innfeldum hurðarhúnum.

og fannst undirrituðum bólstrunin á sessunni vera þínu þróng og þrýsta aðeins á mjöldmina. Hugsanlega eru hefðbundnari sætin í ódýrari útgáfunum betri að þessu leyti. Rýmið er gott til höfuðs og fóta og ætti að duga flestum, þótt háríð á hávöxnustu ökumönnunum sé líklegt til að stríðast við þakið. Í samanburði við eldri gerðina af Toyota C-HR er höfuðrýmið talsvert meira.

Aftursætin leyna á sér

Við fyrstu sýn virðast aftursætin vera afar þróng en raunin er hins vegar allt önnur. Séu framsætin í öftstu stöðu getur verið smá bjástur að koma fótunum fyrir. En þegar búið er að setjast getur fullorðinn einstaklingur vel við unað þar sem nóg rými er fyrir faeturna undin framsætinu og hnén aftan við sætisbakið.

Helst er hægt að gagnrýna að ekki sé mikil svigrum fyrir kálfsana. Þá er höfuðrýmið rétt nóg fyrir hávaxna í styttri tíma, þótt þeir muni líklega kvarta á lengri ferðalögum. Afturgluggarnir eru líka nokkuð stórir og hleypa mun meiri birtu inn en forveri þessa bíls.

Farangursrýmið er býsna vel formað og skothlerinn stór þannig að líklega verður hægt að koma fyrir barnavagni sem hægt er að brjóta saman. Gólfir flúttir ekki við skothlerann þannig að það er þínu röst til að lyfta farangri yfir.

Hefðbundinn og hljóðlátur í akstri

Akstur Toyota C-HR er mjög hefðbundinn. Þetta er sjálfskiptur bensínbill, með allar stangir og stjórnæki

á sínum stað og ekkert sem kemur á óvart. Hann er snarpur og lipur og er þokkalega hátt undir hann. Við almennan borgarakstur eða á betri þjóðvegum er fjöldunin alveg máluleg. Billinn reynist hins vegar nokkuð hastur þegar ekið er á ósléttari vegum. Hljóðeinangrunin er góð og lítið mál að eiga í lágværum samræðum við sessnaut sinn. Þó heyrir alltaf smávægilegur dekkjadynur og berst malið í vélinni í farþegarýmið þegar hún fer á hærri snúninga. Dekkjadyninn má eflaust rekja til 19 tommu felganna og má búast við að hann sé minni ef ekið er á belgmeiri dekkjum.

Hybrid valkostur við dísil

Eins og áður segir er þetta tvinnbill þar sem bensínmótör og rafmagnsmótör vinna saman. Bílum í þessum prufuakstri var ekki hægt að stinga í samband, þó plug-in-hybrid útfærslur séu fáanlegar. Blendingsskerfið í þessum bíl skilar sér í litill eldsneytiseyðslu og og hybrid-bílar góður

valkostur við dísilbíla. Samkvæmt framleiðanda á eldsneytisnotkunin að vera rétt um fimm lítrar á hverja hundrað kílómetra. Það gæti verið nokkuð naðri lagi, en í þessum prufuakstri var meðaleyðslan 5,8 lítrar og var engin áhersla lögð á sparakstur.

Fjórhjóladrifið í C-HR virkar þannig að framhjólin eru tengd við bensínvélina, á meðan afturhjólin eru knún áfram af rafmagnsmótör. Þetta er afar rökrétt útfærsla á aldrifi í blendingsbíl þar sem í staðinn fyrir að tengja driftskaft við afturöxlunni liggja rafmagnssnúrur aftur með bílum.

Þessi bíll er 197hestöfl og er hann 7,9 sekúndur að ná hundrað kílómetra hráða frá kyrstöðu. Það hefur þótt gott í denn tíð, en eftir að hafa prufukeyrt hvern rafmagnsbíllinn á fætur öðrum finnst undirrituðum C-HR hægur í þeim samanburði. Aflið er hins vegar alveg nóg fyrir alla almenna notkun.

Eins og gengur og gerist með nýja bíla í dag þá heyrast ýmis viðvörunarhljóð í akstrinum.

Þau eru ekki ærandi í Toyota C-HR eins og vill stundum vera. Þó heyrðist

oft eitthvert píp sem undirritaður skildi aldrei hvað átti að tákna þar sem hvergi fylgdi skyring á við hverju væri verið að vara.

Niðurstaða

Helstu mál í millimetrum: Lengd, 4.362; breidd, 1.832; hæð, 1.564. Ódýrasta útgáfan á C-HR er á 6.790.000 krónur, en verðið á bílum í þessum prufuakstri er 9.490.000 krónur með virðisaukaskatti.

Þegar bíllinn er skoðaður að utan er auðvelt að áætla að hann sé þróngur, en þegar inn er komið er nóg pláss fyrir fjóra fullorðna og einn unglung. Þó C-HR sé nýstárlegur í útliti er notkun bílsins hefðbundin og fórr langt fram úr öllum væntingum.

Hvað verðið varðar þá er tæp níu og hálf milljón býsna mikill peningur, sérstaklega þegar skoðaðin eru aðrir bílar sem fast fyrir svipaða fjármuni. Það er hins vegar vel hægt að mæla með að fólk kynni sér þennan bíl og eru ódýrari útgáfurnar á samkeppnisheiðu verði.



Býlið Ytri-Hofdalir í Skagafirði.

Myndir / Aðsendar



Þau Þórdís Halldórsdóttir og Herbert Hjálmarsson á góðri stund.

Bóndinn:

Dýrmæt samvinna

Þórdís Halldórsdóttir bóndi kynnir lesendum búskap sinn á Ytri-Hofdolum í Skagafirði.

„Foreldrar mírir, Halldór Jónasson og Halldóra Lilja Þórarinsdóttir, kaupa jörðina voríð 1986, flytja þá úr Svarfaðardalnum og hafa búið hér óslitið síðan. Við erum þrijú systkinin, Þórarinn, Bjarki og Þórdís. Ég og elsti bróðirinn, Þórarinn, eignum orðið reksturinn á Ytri-Hofdolum. Foreldrar mírir og Þórarinn búa í öðru íbúðarhúsinu á jörðinni og ég í hinu ásamt mínum manni, Herberti Hjálmarssyni, og tveimur börnum. Herbert er sjálfstætt starfandi húasmíðameistari, en aðstoðar okkur í búskapnum þegar þess þarf. Bjarki, miðjubróðirinn, sér svo um að vinna á vélauðhaldi sem við eignum, sem er grafa, jarðýta og snjóomskurstúhald. Búskapurinn hefur vaxið og dafnað síðan foreldrar mírir fluttu hingað fyrir tæpum fjörlitum árum, en m.a. hefur bústofninn staekkað í allar áttir. Ég sest að hér og fer inn í búskapinn í og með frá 2012.“

Býli, staðsetning og stærð jarðar? Býlið er Ytri-Hofdalir í Skagafirði.

Ábúendur, fjölskyldustærð og gæludýr? Halldór Jónasson og Halldóra Lilja Þórarinsdóttir, Þórarinn Halldórsson, Þórdís Halldórsdóttir, Herbert Hjálmarsson, Hjálmar Herbertsson, sex ára og lóunn Ýr Herbertsdóttir, 9 mánaða. Á bænum er einn gamall köttur en til stendur að hún fái félagskap tveggja kettinga sem eru væntanlegir. Tveir Border Collie hundar eru svo til að halda öllu á sínum stað. Á bænum búa sumsé sjö manns í tveimur húsum, sem er mjög hentugt á löngum vinnudögum – að hægt sé að hlaupa inn til ömmu, eða afinn bjargi til við fjósverkin, létti undir eða hlaupi í skarði.

Gerð bú og fjöldi búfjár? Á Ytri-Hofdolum er blandaður búskapur, 31 árskýr í básafjósi með rörmjaltakerfi. Nautgripir, uppeldi að bæði kvígum og svo nautaeldi. 200 kindur og svo rétt taeplega 30 hross sem er blanda af folaldsmerum og reiðhrossum.

Hvers vegna velur þú þessa búgrein? Ástæðan fyrir þessu vali er alls konar, áhugi á alls konar ræktun er aðallega svarið og áhugi á dýrum og búskap almennt.

